ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 2/2025

Eyjar og sker norðan og vestan lands

ÓBYGGÐANEFND

22. desember 2025

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 1
2 MÁLSMEÐFERÐ 2
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 2
2.2 Eyjar og sker tekin til meðferðar (svæði 12) 2
2.3 Lýstar kröfur, kynning o.fl. 3
2.4 Mál nr. 2/2025: Eyjar og sker norðan og vestan lands 6
3 KRÖFUGERÐ 8
3.1 Kröfur íslenska ríkisins 8
3.2 Kröfur vegna Drangeyjar í Skagafirði 9
3.3 Kröfur vegna Kaldrananess í Bjarnarfirði á Ströndum 9
3.4 Kröfur vegna Bjarneyja á Breiðafirði 9
3.5 Kröfur vegna Vogs á Mýrum 10
3.6 Kröfur vegna Knarrarness á Mýrum 10
3.7 Kröfur vegna Eyvindarstaða á Álftanesi 10
4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 11
4.1 Inngangur 11
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 11
4.3 Vettvangsskoðun, kortasjá og fjörumörk 12
4.4 Skýrslutökur 13
5 SAGA LANDSVÆÐA 14
5.1 Kolbeinsey 14
5.2 Eyjafjörður 15
5.2.1 Landnám 15
5.2.2 Hrólfssker í Eyjafirði 15
5.2.3 Nærliggjandi jarðir í Eyjafirði 15
5.2.3.1 Látur á Látraströnd 15
5.2.3.2 Syðstibær í Hrísey 16
5.2.3.3 Ystibær í Hrísey 18
5.2.3.4 Sauðanes og Sauðaneskot á Upsaströnd 20
5.2.3.5 Sauðakot á Upsaströnd 21
5.2.3.6 Brimnes í Ólafsfirði 23
5.3 Skagafjörður 24
5.3.1 Landnám 24
5.3.2 Drangey á Skagafirði 25
5.3.3 Hólar í Hjaltadal 33
5.4 Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum 40
5.5 Breiðafjörður 43

5.5.1 Landnám 43
5.5.2 Flatey á Breiðafirði 43
5.5.3 Hergilsey á Breiðafirði 53
5.5.4 Bjarneyjar á Breiðafirði 56
5.5.5 Stagley á Breiðafirði 62
5.5.6 Nærliggjandi Breiðafjarðarjarðir 63
5.5.6.1 Ytri- og Innri-Múli á Barðaströnd 63
5.5.6.2 Hagi á Barðaströnd 65
5.5.6.3 Sauðeyjar á Breiðafirði 71
5.5.6.4 Fjörður á Skálmarnesi 73
5.5.6.5 Deildará á Skálmarnesi 75
5.5.6.6 Múli á Skálmarnesi (Skálmarnesmúli) 76
5.5.6.7 Hvallátur (Látur) á Breiðafirði 79
5.5.6.8 Svefneyjar á Breiðafirði 81
5.5.6.9 Rúfeyjar á Breiðafirði 82
5.5.6.10 Staðarhólseyjar (Galtareyjar/Djúpeyjar) á Breiðafirði 84
5.5.6.11 Hafnareyjar við Skarðsströnd 85
5.5.6.12 Bjarnarhöfn í Helgafellssveit 86
5.5.6.13 Hafnareyjar í Helgafellssveit 89
5.5.6.14 Akureyjar í Helgafellssveit 91
5.5.6.15 Hallbjarnareyri (Öndverðareyri) í Eyrarsveit 93
5.6 Mýrar 98
5.6.1 Landnám 98
5.6.2 Vogur á Mýrum 99
5.6.3 Knarrarnes á Mýrum 101
5.6.4 Nærliggjandi jarðir á Mýrum 105
5.6.4.1 Traðir á Mýrum 105
5.6.4.2 Skutulsey á Mýrum 107
5.6.4.3 Hjörsey á Mýrum 109
5.6.4.4 Straumfjörður á Mýrum 112
5.6.4.5 Álftanes á Mýrum 115
5.7 Álftanes í Gullbringusýslu og Seltjarnarnes 119
5.7.1 Landnám 119
5.7.2 Eyvindarstaðir á Álftanesi 119
5.7.3 Nærliggjandi jarðir á Álftanesi og Seltjarnarnesi 123
5.7.3.1 Breiðabólsstaðir á Álftanesi 123
5.7.3.2 Bessastaðir og Lambhús á Álftanesi 124
5.7.3.3 Skildinganes við Skerjafjörð 126
5.7.3.4 Lambastaðir á Seltjarnarnesi 128

5.7.3.5 Hrólfsskáli á Seltjarnarnesi ... 130
5.7.3.6 Bakki á Seltjarnarnesi ... 131
5.7.3.7 Nes við Seltjörn / á Seltjarnarnesi ... 134
6 SJÓNARMIÐ AÐILA ... 141
6.1 Íslenska ríkið ... 141
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins ... 142
6.2.1 Drangey í Skagafirði, Bjarneyjar á Breiðafirði og Knarrarnes á Mýrum ... 142
6.2.1.1 Drangey í Skagafirði ... 144
6.2.1.2 Bjarneyjar á Breiðafirði ... 146
6.2.1.3 Knarrarnes á Mýrum ... 147
6.2.2 Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum ... 149
6.2.3 Vogur á Mýrum ... 149
6.2.4 Eyvindarstaðir á Álftanesi ... 150
7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 153
7.1 Inngangur ... 153
7.2 Almenn atriði ... 153
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ... 153
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 153
7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins ... 155
7.2.3.1 Inngangur ... 155
7.2.3.2 Stofnun eignarréttar á eyjum og skerjum ... 156
7.2.3.2.1 Landnám ... 156
7.2.3.2.2 Lög ... 158
7.2.3.2.2.1 Lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar ... 158
7.2.3.2.3 Hefð og áhrif fyrri athafna og lögskipta ríkisins ... 173
7.2.3.3 Almennt um stöðu jarða ... 174
7.2.3.4 Landamerkjabréf og sönnun um tilvist og afmörkun jarða ... 174
7.2.3.4.1 Þýðing eldri heimilda ... 175
7.2.3.4.2 Staðhættir ... 175
7.2.3.4.3 Gróðurfar ... 178
7.2.3.4.4 Upplýsingar um nýtingu lands ... 178
7.2.3.4.5 Landamerkjabréf liggur ekki fyrir eða merkjalýsing er óljós ... 182
7.2.3.5 Netlög ... 185
7.2.3.6 Samantekt um mat á eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja ... 187
7.3 Eyjar og sker norðan og vestan lands ... 189
7.3.1 Kolbeinsey ... 190
7.3.2 Hrólfssker í Eyjafirði ... 191
7.3.3 Drangey í Skagafirði ... 192
7.3.4 Kaldrananes á Ströndum (Þorkelssker) ... 201

7.3.5 Flatey á Breiðafirði 204
7.3.6 Bjarneyjar á Breiðafirði 209
7.3.7 Vogur á Mýrum 212
7.3.8 Knarrarnes á Mýrum 214
7.3.9 Eyvindarstaðir á Álftanesi 216
7.3.10 Aðrar eyjar og sker 218
7.4 Um málskostnað 222
8 ÚRSKURÐARORÐ 223

VIÐAUKI I: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR CXXIX
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ CXXXIX
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ CLII
a) Efnisflokkuð skjalaskrá CLII
b) Skjalaskrá í númeraröð CCVIII
FYLGISKJAL III: KORT CCLXV
a) Yfirlitskort um svæði 12 CCLXV
b) Úrskurðarkort í máli nr. 2/2025 CCLXV

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Mánudaginn 22. desember 2025 er tekið fyrir mál nr. 2/2025, *Eyjar og sker norðan og vestan lands*, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir og Andri Andrason lögmenn.)

Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Drangeyjar í Skagafirði.

Bjarneyjar ehf. vegna Bjarneyja á Breiðafirði.

Helgi Einar Harðarson, Gísli Kristófersson, Elín Anna Steinarsdóttir, Jón Georg Ragnarsson, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir og Rúnar Ragnarsson vegna Knarrarness á Mýrum.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Birna Ingimarsdóttir, Hitaveita Kaldrananess ehf. og Veiði-skógræktarfélag Framnesi ehf. vegna Kaldrananess í Bjarnarfirði á Ströndum.

(Daði Björnsson og Hörður Olavsson.)

Félag iðn- og tæknigreina vegna Vogs á Mýrum.

(Karl Óttar Pétursson lögmaður.)

Garðabær vegna Eyvindarstaða á Álftanesi.

(Friðbjörn Garðarsson lögmaður.)

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna ýmissa annarra jarða eða landsvæða en eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu viðkomandi aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Yfirlit um þá aðila er einnig í fylgiskjali I.

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi þjóðlendulög, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Eyjar og sker tekin til meðferðar (svæði 12)

Með bréfi dagsettu 19. apríl 2023 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 12, eyjar og sker, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 31. ágúst 2023 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.[2] Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur þrisvar, síðast til 2. febrúar 2024.

Svæði 12, hið sautjánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,[3] tekur til landsvæða utan strandlengju meginlandsins, nánar tiltekið tekur málsmeðferðin til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: *Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landhelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.*

Hlutaðeigandi sveitarfélögum, þ.e. öllum sveitarfélögum sem liggja að sjó, var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

---

[2] Í bréfi óbyggðanefndar um töku svæðisins til meðferðar, skjali nr. 5(1), var rökstudd sú ákvörðun nefndarinnar að nota ekki heimild 10. gr. a í þjóðlendulögum til að bæta viðbótarþrepi framan við hefðbundna málsmeðferð. Frekari bréfaskipti nefndarinnar og fjármála- og efnahagsráðherra um tilhögun málsmeðferðarinnar eru í skjölum nr. 5(5)–5(8) og gerð er grein fyrir þeim í kafla 2.3.

[3] Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7–10 var síðan ýmist skipt í tvennt eða þrennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A, 9B, 10A, 10B og 10C. Því voru málsmeðferðarsvæði á meginlandinu alls sextán og svæði 12, eyjar og sker, var því sautjánda og síðasta svæðið.

2.3 Lýstar kröfur, kynning o.fl.

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 12 barst óbyggðanefnd 2. febrúar 2024. Kröfulýsingin var birt á vefsíðu nefndarinnar 12. febrúar 2024. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins í Lögbirtingablaðinu 13. febrúar 2024, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á landsvæðum sem féllu innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 15. maí 2024 en fresturinn var síðar framlengdur nokkrum sinnum. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingu í dagblaði, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði. Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru einnig kynntar á vefsíðu óbyggðanefndar og með tilkynningu til fjölmiðla og til sveitarfélaga sem lágu að sjó. Mikið var fjallað um kröfurnar í fjölmiðlum.

Hinn 16. febrúar 2024 barst óbyggðanefnd erindi frá fjármála- og efnahagsráðherra um tilhögun málsmeðferðar á svæðinu þar sem farið var fram á að nefndin endurskoðaði ákvörðun sína um að nota ekki heimild 10. gr. a í þjóðlendulögum til að bæta viðbótarþrepi framan við hefðbundna málsmeðferð áður en ríkið lýsti kröfum um þjóðlendur. Farið var fram á að nefndin félli frá þeirri málsmeðferð sem hafin var og hæfi nýja málsmeðferð á sama svæði með viðbótarþrepi skv. 10. gr. a þjóðlendlaga. Óbyggðanefnd hafnaði beiðni ráðherra með bréfi dags. 22. febrúar 2024.[4]

Leiðrétt útgáfa af kröfugerð ríkisins barst óbyggðanefnd 27. mars 2024 frá lögmanni ríkisins vegna landsvæða sem höfðu verið tilgreind í kröfulýsingu en reyndust utan málsmeðferðarsvæðisins.[5] Óbyggðanefnd ákvað síðan 4. apríl 2024 að framlengja frest til að lýsa gagnkröfum til 2. september 2024 í ljósi stöðu mála, þar á meðal kortagerðar, umfangs mála og upplýsinga frá lögmanni ríkisins um að frekari leiðréttingar eða endurskoðun kröfugerðar væri hugsanleg.

Þá barst nefndinni 5. apríl 2024 erindi frá fjármála- og efnahagsráðherra þar sem því var lýst yfir að ráðherra hefði ákveðið að taka kröfugerð ríkisins á svæði 12 til ítarlegrar endurskoðunar. Í bréfinu var farið fram á að óbyggðanefnd frestaði frekari málsmeðferð á svæðinu og veitti ráðherra frest til að endurskoða kröfur ríkisins. Í kjölfarið yrði landeigendum veittur frekari frestur til að lýsa sínum kröfum.[6]

Þegar erindið barst hafði óbyggðanefnd þegar ákveðið að framlengja kröfulýsingarfrest landeigenda til 2. september. Niðurstaða nefndarinnar var að sá frestur gæfi fjármála- og efnahagsráðherra það svigrúm sem ráðherra óskaði eftir til að endurskoða kröfugerð ríksins og ætlunin var jafnframt að landeigendur hefðu nægan tíma að því loknu til að bregðast við endurskoðuðum kröfum ríkisins og eftir atvikum lýsa gagn-

[4] Skjöl nr. 5(5) og 5(6).
[5] Skjal nr. 1(9).
[6] Skjal nr. 5(7).

kröfum. Sú niðurstaða var tilkynnt fjármála- og efnahagsráðherra með bréfi dags. 10. apríl 2024.[7]

Í ágúst 2024 framlengdi óbyggðanefnd síðan frest til að lýsa gagnkröfum til 2. desember 2024 í ljósi upplýsinga sem þá höfðu borist frá lögmanni ríkisins um framvindu endurskoðunarinnar.

Endurskoðuð kröfugerð íslenska ríkisins barst óbyggðanefnd 9. október 2024.[8] Hún var birt á vefsíðu óbyggðanefndar daginn eftir og þá var einnig opnuð rafræn kortasjá um kröfurnar.[9] Jafnframt ákvað óbyggðanefnd að framlengja frest til að lýsa kröfum á móti til 13. janúar 2025. Auk birtingar á vefsíðu nefndarinnar voru endurskoðaðar kröfur ríkisins, kortasjá og framlengdur kröfulýsingarfrestur kynnt með tilkynningu til fjölmiðla og sveitarfélaga, sem og lögmanna og landeigenda sem haft höfðu samband við óbyggðanefnd vegna málsmeðferðarinnar. Enn fremur birti óbyggðanefnd 11. október 2024 tilkynningu í Lögbirtingablaði um endurskoðaðar kröfur ríkisins og framlengdan kröfulýsingarfrest.

Síðar var kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins framlengdur tvisvar og hann var því alls framlengdur fimm sinnum, síðast til 14. febrúar 2025. Samtals bárust 198 efnislegar kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis. Sumar þeirra bárust eftir lok formlegs kröfulýsingarfrests en þeim var veitt viðtaka á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga sem kveður á um að óbyggðanefnd beri að gefa þeim, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni. Að auki bárust 30 málskostnaðarkröfur vegna jarða þar sem undirbúningur kröfugerðar hafði hafist en við leiðréttingar ríkisins á kröfugerð sinni í mars 2024 hafði komið í ljós að viðkomandi eyjar eða sker voru undanskilin kröfum ríkisins. Samtals voru kröfulýsingar á svæðinu því 228 talsins.

Hinn 25. febrúar 2025 óskaði óbyggðanefnd bréflega eftir afstöðu ríkisins, eigi síðar en 25. mars, til kröfulýsinga gagnaðila ríkisins og mati á því hvort þær gæfu ríkinu tilefni til að endurskoða kröfugerð sína eða hvort færi væru talin á að sætta mál í heild eða að hluta á þessu stigi, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga. Einnig var sérstaklega óskað eftir afstöðu íslenska ríkisins til þess hvort og þá hvaða þýðingu lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hefði við úrlausn mála á svæði 12, sbr. málatilbúnað ýmissa gagnaðila ríkisins. Óbyggðanefnd sendi lögmönnum annarra málsaðila afrit af bréfinu daginn eftir og upplýsti jafnframt að nefndin hygðist á næstu vikum birta almennar niðurstöður um þýðingu fyrrnefnds ákvæðis rekabálks Jónsbókar og öðrum atriðum sem kröfulýsingar aðila kynnu að gefa tilefni til, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga. Svar ríkisins barst óbyggðanefnd 25. mars 2025.[10]

7 Skjal nr. 5(8).
8 Skjöl nr. 1(1)–1(8) og 1(10).
9 Sjá umfjöllun um kortasjá í kafla 4.3.
10 Skjöl nr. 5(9)–5(11).

Óbyggðanefnd birti 10. apríl 2025 umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins og gerði m.a. grein fyrir því að þar kæmu fram sjónarmið sem nefndin myndi horfa til í endanlegum úrskurðum.[11] Nefndin beindi því til lögmanna og annarra fulltrúa málsaðila að kanna hvort færi væru á að sætta mál í heild eða að hluta með hliðsjón af þeim sjónarmiðum.[12] Í framhaldinu bárust upplýsingar frá lögmönnum ríkisins um að til stæði að endurskoða kröfur ríkisins.

Með bréfi 27. júní 2025 upplýstu lögmenn íslenska ríkisins að unnið væri að nánari endurskoðun og afmörkun krafna ríkisins um þjóðlendur á svæði 12. Við þá vinnu væri einkum horft til heimilda og upplýsinga sem hefðu borist með kröfulýsingum gagnaðila ríkisins, með tilliti til þeirra atriða og sjónarmiða sem almennt hefðu verið lögð til grundvallar í þjóðlendumálum. Einnig væri litið sérstaklega til sjónarmiða sem lytu að sérstöðu eyja og skerja utan strandlengju meginlandsins samanborið við landsvæði á meginlandinu, þar á meðal sjónarmiða sem fram kæmu í umfjöllun óbyggðanefndar um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja frá 10. apríl 2025, að því leyti sem talið væri unnt að fallast á þau. Fram kom að fyrir lægi að kröfum íslenska ríkisins myndi fækka verulega við endurskoðunina.[13]

Í svarbréfi nefndarinnar til lögmanna ríkisins 30. júní 2025 var lögð áhersla á að boðaðri endurskoðun og nánari afmörkun krafna ríkisins á svæði 12 yrði hraðað eins og kostur væri og niðurstaðan bærist nefndinni eigi síðar en 1. september 2025.[14] Sama dag upplýsti nefndin aðra lögmenn og fulltrúa málaðila á svæði 12 um yfirstandandi endurskoðun á kröfum ríkisins, auk þess sem þeir fengu send afrit af bréfi lögmanna íslenska ríkisins til nefndarinnar 27. júní og svarbréfi nefndarinnar 30. júní 2025.

Með bréfi 12. september 2025 upplýstu lögmenn ríkisins um niðurstöðu endurskoðunar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, á þjóðlendukröfum á svæði 12.[15] Fram kom að endurskoðunin hefði leitt til þess að fallið hefði verið frá kröfum í fjölda eyja og skerja og að yfirlit yfir kröfur ríkisins eftir endurskoðun væri aðgengilegt í kortasjá málsmeðferðarinnar. Öðrum lögmönnum og fulltrúum málsaðila á svæði 12 var tilkynnt um niðurstöðu endurskoðunarinnar með tölvupósti 15. september 2025. Lögmenn og fulltrúar aðila voru beðnir að skoða kortasjána vel og meta hvort ágreiningi við ríkið væri hugsanlega lokið eftir endurskoðunina að því er varðaði þær jarðir sem þeir hefðu lýst kröfum vegna. Enn fremur hafði nefndin samband við hvern og einn lögmann eða fulltrúa málsaðila og kallaði eftir afstöðu þeirra til þessa. Nefndin fékk í framhaldinu skriflegar staðfestingar um að ágreiningi vegna mikils meirihluta þeirra jarða og svæða sem kröfum hafði verið lýst fyrir væri lokið.

Kynning á heildarkröfum skv. 12. gr. þjóðlendulaga fór fram 20. október – 20. nóvember 2025 og athugasemdafrestur var til 27. nóvember. Samkvæmt lögunum skulu

[11] Skjal nr. H-2.
[12] Skjal nr. 5(11).
[13] Skjal nr. 5(12).
[14] Skjal nr. 5(13).
[15] Skjal nr. 1(11).

heildarkröfur kynntar þannig að yfirlit um þær sé látið „liggja frammi á skrifstofu sýslumanns eða sýslumanna í því eða þeim umdæmum sem svæðið á undir“ í a.m.k. einn mánuð. Athugasemdafrestur en síðan í viku að þeim tíma liðnum. Í samræmi við þetta var yfirlit um kröfur aðila sent öllum sýslumannsembættum landsins með beiðni um að hafa það aðgengilegt til loka athugasemdafrestsins. Erindinu fylgdu einnig upplýsingar um málsmeðferðina og ábending um kortasjá um kröfurnar. Enn fremur var yfirlit um kröfurnar birt á vefsíðu óbyggðanefndar ásamt upplýsingum um kynninguna. Í tengslum við kynninguna var vakin sérstök athygli á því að þjóðlendukröfur fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins tækju m.a. til eyja og skerja þar sem ekki hefðu borist gagnkröfur en að þrátt fyrir að formlegur frestur til að lýsa kröfum hafi runnið út í febrúar 2025 tæki nefndin enn við kröfum þeirra sem teldu til réttinda á svæðum sem ríkið gerir kröfu til, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga. Engar athugasemdir bárust nefndinni í tengslum við kynningu á heildarkröfum.

Sem fyrr segir bárust óbyggðanefnd samtals 228 kröfulýsingar frá ýmsum aðilum. Eftir breytingar á kröfugerð ríkisins í september, október og nóvember 2025 voru til efnislegrar úrlausnar samtals níu kröfulýsingar gagnaðila ríkisins vegna jafn margra jarða eða landsvæða.

2.4 Mál nr. 2/2025: Eyjar og sker norðan og vestan lands

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 12, sem haldin var sameiginlega 10. október 2025, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í tvö mál, nr. 1–2/2025, og að mál nr. 1/2025 nefndist *Eyjar og sker sunnan og austan lands* en mál nr. 2/2025 nefndist *Eyjar og sker norðan og vestan lands*. Mörk milli málanna miðuðust við Garðskaga suðvestanlands og Font á Langanesi norðaustanlands. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 1/2025 Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Víðir Smári Petersen, en í máli nr. 2/2025 skipuðu nefndina Allan V. Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Sigmar Aron Ómarsson. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessi atriði.

Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 12 og stöðu málsmeðferðar, sbr. kafla 2.2 og 2.3. Einnig var greint frá því að í kjölfar endurskoðunar á kröfum ríkisins í september 2025 hefði ágreiningi vegna mikils fjölda jarða og svæða sem kröfum hafði verið lýst fyrir verið lokið, og að staðfestingar þess efnis hefðu borist frá lögmönnum eða fulltrúm málsaðila.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl.

Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar, þar á meðal áform um greinargerðarfresti málsaðila og tímasetningu aðalmeðferðar. Einnig var greint frá því að alla

jafna hefði nefndin gengið á vettvang á þeim ágreiningssvæðum á meginlandinu sem til umfjöllunar hefðu verið á hverju svæði, einkum ef ágreiningur væri um landamerki eða túlkun þeirra, staðsetningu örnefna eða um staðhætti og gróðurfar. Upplýst var að nefndin hefði fengið upplýsingar frá sumum lögmönnum aðila fyrir fyrirtökuna um að þeir teldu ekki þörf á vettvangsferðum, og í ljósi ágreiningsatriða málanna gerði nefndin ekki kröfu um að gengið yrði á vettvang, enda gæfu loftmyndir og ljósmyndir alla jafna góða mynd af þeim svæðum sem væru til umfjöllunar. Viðstaddir lögmenn og málsaðilar voru spurðir hvort þeir teldu þörf á vettvangsgöngum en svo var ekki. Þeir voru beðnir að láta nefndina vita ef sú afstaða breyttist en jafnframt bent á að hægt yrði að skoða myndefni við aðalmeðferð.

Aðalmeðferð í málum nr. 1–2/2025 var haldin sameiginlega 27. nóvember 2025. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið lægi fyrir að fleiri skjöl myndu bætast við síðar, eins og lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila hefðu verið upplýstir um. Þeir fengju afhent jafnóðum öll skjöl sem kæmu fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til.

Gerð var grein fyrir kynningu á heildarkröfum skv. 12. gr. þjóðlendulaga og farið var yfir breytingar á málsaðild sem orðið höfðu eftir fyrstu fyrirtöku. Einnig fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 1–2/2025 sameiginlega. Þá fluttu lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins málin.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar. Málin yrðu þó tekin fyrir aftur vegna framlagningar skjala og formaður ítrekaði að lögmenn fengju færi á að tjá sig um skjöl sem bættust við.

Lokafyrirtaka í málum nr. 1–2/2025 var haldin sameiginlega vegna beggja málanna 22. desember 2025. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Að því búnu tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ[16]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í upphaflegum kröfulýsingum íslenska ríkisins, sem bárust óbyggðanefnd 2. febrúar 2024, voru gerðar kröfur til allra eyja og skerja við landið að þeim undanskildum sem sérstaklega voru tilgreindar utan kröfu íslenska ríkisins. Kröfugerð ríkisins tók síðan miklum breytingum við meðferð málsins líkt og gerð verður grein fyrir hér.

Þann 27. mars 2024 barst nefndinni bréf frá lögmanni íslenska ríkisins með leiðréttingum vegna eyja og skerja sem talin voru upp í kröfulýsingum ríkisins en í ljós hafði komið að væru ekki innan svæðis 12. Fjármála- og efnahagsráðherra sendi nefndinni jafnframt bréf 5. apríl 2024 þar sem fram kom að ákveðið hefði verið að taka kröfugerð ríkisins til ítarlegrar endurskoðunar.

Endurskoðaðar kröfulýsingar íslenska ríkisins bárust óbyggðanefnd 9. október 2024 en með þeim var fallið frá kröfum til mikils fjölda eyja og skerja. Samkvæmt samantekt lögmanna ríksins vegna endurskoðunarinnar var við endurskoðun krafna ríkisins m.a. litið til þess að allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs meginlandsins, eins og það hefði verið afmarkað í kortasjá um kröfur á svæði 12, teldist vera utan svæðis 12 og þar með utan kröfulýsingar íslenska ríkisins. Sömu sjónarmið voru lögð til grundvallar varðandi stórstraumsfjöruborð eyja sem teldust til eignarlands, þ.e. allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs heimaeyju teldist hluti heimaeyjunnar. Þá var lagt til grundvallar að beinn eignarréttur sjávarjarða næði til netlaga, þ.e. svæðis sem afmarkast 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þar á meðal til landsvæða innan netlaga. Ætti það bæði við um netlög frá meginlandinu og frá eyjum sem teldust til eignarlanda. Hið sama var lagt til grundvallar varðandi landsvæði innan netlagakeðju, en fram kom að tekin hefði verið sérstök afstaða til takmarkatilvika þar að lútandi. Í vafatilvikum hefði verið litið til takmarkaðra upplýsinga um stórstraumsfjöruborð og landeigendur látnir njóta vafans þegar litlu munaði á einstökum svæðum.

Í kjölfar þess að óbyggðanefnd birti umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja 10. apríl 2025 tók íslenska ríkið kröfugerð sína til endurskoðunar að nýju. Bréf um endurskoðun krafna ríkisins barst óbyggðanefnd 12. september 2025. Þar kemur fram að endurskoðunin hafi leitt til þess að fallið hafi verið frá kröfum til fjölda eyja og skerja. Grundvöllur endurskoðunarinnar hafi byggt á mati á fyrirliggjandi heimildum, þannig að tekið hafi verið sérstakt tillit til sérstöðu eyja og skerja, samanborið við landsvæði á meginlandinu. Jafnframt hafi verið litið til þeirra almennu sjónarmiða sem lögð hafi verið til grundvallar niðurstöðum í þjóðlendumálum og mótast hafi í réttarframkvæmd, þannig að þau ættu í öllum aðalatriðum einnig við um eyjar og sker. Við endurskoðunina hafi verið lagt til grundvallar að þar sem eyjar og sker féllu innan landamerkjalýsinga jarða, þar sem merkjum jarða væri með öðrum hætti lýst þannig að landamerki tækju til ákveðins hafsvæðis eða einstakra eyja og

[16] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

skerja, eða ef þeirra væri getið í landamerkjabréfi þótt þær væru utan merkjalýsingar sem slíkrar, teldust slíkar eyjar og sker hluti viðkomandi jarðar. Sama ætti við þar sem eyja og skerja eða nýtingar þeirra væri getið í umfjöllun í öðrum áreiðanlegum heimildum um tiltekna jörð. Loks hafi verið litið til þess hvort landfræðilegar aðstæður, staðhættir og nýting aðliggjandi eyja og skerja mæltu með því að litið væri svo á að hlutaðeigandi eyjar og sker teldust hluti eignarlands. Yfirlit yfir kröfur íslenska ríkisins eftir endurskoðunina var gert aðgengilegt í kortasjá um kröfur á svæði 12, þar sem eyjar og sker sem fallið var frá kröfum til voru m.a. auðkenndar sérstaklega, en skriflegar kröfulýsingar ríkisins voru ekki uppfærðar.

Upplýsingar um endanlega afmörkun krafna ríkisins í málinu voru einnig færðar á kröfulínukort sem lögð voru fram í málinu, skjöl nr. 181(1)–181(20), og um nánari afmörkun krafna ríkisins, sem þar eru auðkenndar með bláum borða, vísast til þeirra.

3.2 Kröfur vegna Drangeyjar í Skagafirði

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar er þess krafist að viðurkennt verði að Drangey í Skagafirði ásamt meðfylgjandi eyjum og skerjum sé eignarland. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að þinglýstur eigandi Drangeyjar hafi beinan eignarrétt að eyjunni ásamt öllum þeim eyjum og skerjum sem henni fylgja, og að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.3 Kröfur vegna Kaldrananess í Bjarnarfirði á Ströndum

Af hálfu eigenda Kaldrananess í Bjarnarfirði á Ströndum er þess krafist að viðurkennt verði að boðar og sker umhverfis Þorkelssker úti fyrir Bjarnarnesi séu eignarlönd og að þjóðlendukröfum ríkisins til þeirra verði hafnað.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

3.4 Kröfur vegna Bjarneyja á Breiðafirði

Af hálfu eigenda Bjarneyja á Breiðafirði er þess krafist að viðurkennt verði að Bjarneyjar, ásamt Stagley, og allar þær eyjar og sker sem þeim fylgja, séu eignarlönd. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllum þeim eyjum og skerjum sem henni fylgja, og að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.5 Kröfur vegna Vogs á Mýrum

Af hálfu eiganda Vogs á Mýrum er þess krafist að þjóðlendukröfu ríkisins verði hafnað og viðurkennt verði að allar eyjar og sker innan marka jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi og uppdrætti á kröfulínukorti séu eignarlönd, þ.m.t. Nytur.

Til vara er krafist viðurkenningar á óbeinum eignarrétindum komi til þess að einhver hluti svæðisins verði talinn þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt mati óbyggðanefndar.

3.6 Kröfur vegna Knarrarness á Mýrum

Af hálfu eigenda Knarrarness á Mýrum er þess krafist að viðurkennt verði að Knarrarnes ásamt meðfylgjandi eyjum og skerjum sé eignarland. Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að þinglýstir eigendur jarðarinnar hafi beinan eignarrétt að öllum þeim eyjum og skerjum sem henni fylgja, og að þar sé enga þjóðlendu að finna.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að skaðlausu.

3.7 Kröfur vegna Eyvindarstaða á Álftanesi

Af hálfu eiganda Eyvindarstaða á Álftanesi er þess aðallega krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllum eyjum, hólmum, skerjum, boðum, flögum og öðru landi, nefndu og ónefndu, sem liggur fyrir landi jarðarinnar í samræmi við landamerkjabréf jarðarinnar og aðrar heimildir um landamerki hennar. Innan kröfugerðar landeiganda falli m.a. Jörundarboði.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur að landi sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.m.t. nýting æðardúns, sölva- og beitutekja, þang- og þaraskurður, fugla- og eggjataka auk lagnarveiði.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−181 ásamt undirskjölum, samtals 1.585 skjöl, auk 14 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi, vettvangur kannaður og jafnframt teknar skýrslur af fulltrúum málsaðila. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast sem endranær á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd á sínum tíma ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru gerð lögmönnum aðgengileg rafrænt og bókuð framlögð við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni (skjals nr. 2), inngangs að sögulegum greinargerðum safnsins (skjala nr. 3(1)–3(6)), frumgagnayfirlits og jarðalista (skjala nr. H-3 og H-4) og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum (skjala nr. H-5 og H-6). Um afraksturinn vísast til

skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II, og sögulegra greinargerða og heildarskilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands.

4.3 Vettvangsskoðun, kortasjá og fjörumörk

Ákveðið var að ganga ekki á vettvang á ágreiningssvæðum málsins þar sem lögmenn málsaðila upplýstu óbyggðanefnd um að þeir teldu ekki þörf á vettvangsgöngum, sbr. umfjöllun um fyrstu fyrirtöku málanna í kafla 2.4, auk þess sem nefndin taldi þeirra ekki heldur þörf.

Óbyggðanefnd nýtti sér hins vegar ýmis kortagögn, loftmyndir og aðrar ljósmyndir til að kanna aðstæður á ágreiningssvæðunum. Þá gekkst nefndin fyrir því að sett var upp rafræn kortasjá þar sem kröfur aðila voru birtar. Þar sem afmörkun málsmeðferðarsvæðisins miðast m.a. við stórstraumsfjörumörk meginlandsins voru í kortasjánni einnig birtar upplýsingar um fjörumörk á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga um þau en það voru einkum kortagögn frá Landhelgisgæslu Íslands vegna sjókortagerðar, auk þess sem höfð var hliðsjón af vistgerðakortum Náttúrufræðistofnunar Íslands, nánar tiltekið þeim hlutum sem sýndu fjöruvistgerðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni var hægt að fullyrða að fjara næði a.m.k. að þeim línum sem dregnar voru í kortagögnum þeirrar stofnunar en ekki væri útilokað að stórstraumsfjörumörk væru utar. Á þeim grundvelli gerði íslenska ríkið fyrirvara við afmörkun kröfugerðar sinnar um að til þess gæti komið að afmörkun yrði endurskoðuð ef í ljós kæmi að stórstraumsfjara væri í reynd utar en fjörumörkin í kortasjánni.

Af hálfu Náttúrufræðistofnunar kom fram sá fyrirvari við afmörkun fjöruvistgerða að henni væri fyrst og fremst ætlað að ná utan um náttúrufar svæðanna. Afmörkunin hefði verið gerð eftir loftmyndum teknum á misjafnri flóðastöðu og því gæti verið munur á milli svæða á því hvernig mörkin væru dregin. Enn fremur væri ekki hægt að fullyrða að fjörumörk næðu ávallt a.m.k. að þeim mörkum sem dregin væru á vistgerðakortunum, þótt sú væri líklega raunin fyrir stóran hluta landsins, en möguleiki væri að á einstökum svæðum gæti verið töluverð hliðrun og skekkjan þá umtalsverð, t.d. vegna landriss eða annarra landbreytinga sem hefðu átt sér stað síðan kortlagningin átti sér stað um tíu árum áður.

Í ljósi þess að ekki liggja fyrir mælingar á stórstraumsfjörumörkum við landið voru framangreind gögn lögð til grundvallar afmörkun stórstraumsfjörumarka í þeirri kortasjá um kröfur á svæði 12 sem að framan greinir. Þegar munur var á fjörugögnum var almennt miðað við þau mörk sem voru lengra frá landi, til að láta landeigendur njóta þess vafa sem er um nákvæma legu stórstraumsfjörumarka. Við meðferð og úrlausn málsins hefur nefndin tekið tillit til þeirrar óvissu sem er um nákvæma stöðu fjörumarka og þeirra fyrirvara sem gerðir eru við notkun framangreindra gagna í þessum tilgangi.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila:

- Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna Drangeyjar í Skagafirði.
- Arna Friðriksdóttir vegna Bjarneyja.
- Gísli Kristófersson vegna Knarrarness á Mýrum.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verða raktar heimildir um sögu jarða og landsvæða sem eru til umfjöllunar í málinu. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum undirkafla. Kaflinn er að mestu byggður á sögulegum greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands þar sem gerð er grein fyrir gögnum sem fundust við kerfisbundna gagnaöflun á grundvelli jarðalista og svonefnds frumgagnayfirlits, sbr. kafla 4.2. Gagnaöflun vegna mála nr. 1–2/2025 á svæði 12 tók til samtals 612 jarða eða landsvæða en hér og í sams konar kafla í máli nr. 1/2025 er einungis birt umfjöllun um þau landsvæði sem enn eru til umfjöllunar eftir breytingar sem íslenska ríkið gerði á kröfugerð sinni meðan á málsmeðferðinni stóð, eftir atvikum auk gagna um nærliggjandi jarðir eða landsvæði. Þá hefur í sumum tilvikum bæst við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Hvað gögn um aðrar jarðir eða landsvæði varðar vísast til sögulegra greinargerða Þjóðskjalasafnsins sem lagðar hafa verið fram sem skjöl nr. 3(1)–3(6) í málinu; heildarskilabréfs safnsins, skjals nr. 2; og minnisblaða um landamerki strandjarða, skjala nr. 2(1)–2(10).[17]

5.1 Kolbeinsey

Í vísnabálki eftir séra Jón Einarsson frá Stærra-Árskógi á Árskógsströnd við Eyjafjörð frá 1665 segir frá könnunarleiðangri bræðranna Bjarna, Jóns og Einars Tómassona frá Hvanndölum á Tröllaskaga til Kolbeinseyjar árið 1616. Kvæðið mun fyrst hafa birst í heild á prenti í tímaritinu *Blöndu* árið 1918.[18] Vísnabálkurinn er í 75 sexhendum erindum og segir frá því að Guðbrandur Þorlaksson Hólabiskup hafi fengið Hvanndalabræður til leiðangursins. Tilgangurinn mun hafa verið að kanna stærð eyjarinnar og hugsanleg hlunnindi, svo sem eggjatöku og fuglaveiði. Af vísunum að dæma mun eyjan þá hafa verið um 700 m löng og 100 m breið og þar segir einnig frá langvíu, geirfugli og fýl í eyjunni.[19]

Árið 1989 byggðu starfsmenn Landhelgisgæslunnar og Vita- og hafnamálastofnunar þyrlupall í Kolbeinsey og Landhelgisgæslan hefur reglulega fylgst með eyjunni úr skipum og flugförum. Bygging þyrlupalls á eyjunni mun m.a. hafa verið hluti af viðleitni íslenskra stjórnvalda til að sporna gegn eyðingu eyjunnar sem gegndi mikilvægu hlutverki í deilum um landhelgi og landgrunnsréttindi, sem nyrsti útvörður landsins.

---

17 Í inngangi að greinargerðum Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar, sbr. einnig frumgagnayfirlit og jarðalista, skjöl nr. H-3 og H-4. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, skjölum nr. H-5 og H-6, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram. Tilvísanir til skjalsnúmera vísa til skjalaskrár í fylgiskjali II en nánari upplýsingar en þar eru skráðar um uppruna skjala er að finna í heildarskilabréfi og greinargerðum Þjóðskjalasafnsins.

18 Skjal nr. H-14.

19 Nánar má lesa um leiðangurinn í skjali nr. H-9: Árni Hjartarson: „Ferð Hvanndalabræðra til Kolbeinseyjar“, *Náttúrufræðingurinn* 2005, bls. 31–37.

Árið 2006 tilkynnti Landhelgisgæslan að þyrlupallurinn væri að hálfu hruninn og þar væri ekki lengur hægt að lenda þyrlum og árið 2010 var þyrlupallurinn alveg horfinn.[20]

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er landhelgi Íslands m.a. afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar.

5.2 Eyjafjörður

5.2.1 Landnám

Í Landnámabók segir eftirfarandi um landnám í Eyjafirði:

> Helgi enn magri fór til Íslands með konu sína ok bǫrn; þar var ok með honum Hámundr heljarskinn mágr hans, er átti Ingunni dóttur Helga. […] Helgi tók land fyrir útan Hrísey, en fyrir innan Svarfaðardal; hann var enn fyrsta vetr á Hámundarstǫðum. Þeir fengu vetr mikinn. Um várit gekk Helgi upp á Sólarfjǫll; þá sá hann, at svartara var miklu at sjá inn til fjarðarins, er þeir kǫlluðu Eyjafjǫrð af eyjum þeim, er lágu úti fyrir. […] Helgi kannaði um sumarit herað allt ok nam allan Eyjafjǫrð milli Sigluness ok Reynisness ok gerði eld mikinn við hvern vatsós ok helgaði sér svá allt herað. […] Eptir þetta tóku menn at byggja í landnámi Helga at hans ráði.[21]

5.2.2 Hrólfssker í Eyjafirði

Árið 1951 var byggður 15 m hár steinsteyptur viti í Hrólfsskeri.[22]

5.2.3 Nærliggjandi jarðir í Eyjafirði[23]

5.2.3.1 Látur á Látraströnd

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Ljósavatnshrepp frá 1712 segir eftirfarandi um Látur á Látraströnd:

> **Huallátur** eður **Sellátur**, kallast almennilega **Látur**.
>
> Jarðardýrleiki xx hndr. og so tíundast fjórum tíundum.
>
> Eigandinn Magnús Björnsson að Stóralhóli i Eyjafirði.
>
> Abúandinn Bjarni Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur mjög lakur ut supra. Skógur til eldiviðar bjarglegur, en til kolgjörðar valla nýtandi. Torfrista og stúnga lök og grýtt. Selveiði hefur að fornu ver(ið), en engin nú í (50 ár eður lengur. Rekavon í meðallagi, hefur þó ei hepnast um nokkra tíma framar en til húsabótar. Höfðakirkja á ítak nokkurt í rekanum.

---

[20] Sjá fréttir á vef Landhelgisgæslunnar 9. mars 2006 og 14. júní 2010:
https://www.lhg.is/2006/03/09/null-108/
https://www.lhg.is/2010/06/14/null-1405/

[21] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 250, 252, skjal nr. 4(38).

[22] *Vitar á Íslandi* (2002), bls. 304–305, skjal nr. H-13.

[23] Einnig voru m.a. könnuð gögn um kirkjustaði sem áttu réttindi við utanverðan Eyjafjörð, sjá hluta af kafla nr. 2.49.1 í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafn Íslands um Norðurland eystra, skjali nr. 3(1), en þar kom ekkert fram um Hrólfssker.

> Túninu spillir nokkuð sjórinn að framanverðu með landbroti, og snjóflóð úr fjallinu með grjótsáburði. Enginu spillir og grjótsáburður af snjóflóðum til stórs skaða. Úthagarnir eru graslitlir fyrir stórgripi en heilnæmir fyrir sauðfje, meðan þeim náir.
>
> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og snjóflóðum.
>
> Kirkjuvegur hálf þingmannaleið og víða torsóktur og hættusamur.
>
> Heimræði er hjer og vel til afla komið, þó er lendíng nokkuð brimsöm og skipsuppsátur örðugt.
>
> Ekki er bænum óhætt fyrir snjóflóðum, og hafa þau einu sinni á fjárhúsin hlaupið og tekið heyið, en ekki grandaði þó bænum.
>
> Verstöður þrjár litlar eru hjer út með sjónum og lendíng við hvörja þeirra, og hefur að fornu gengið mörg skip í þessum verstöðum, en nú í margt ár fá, óg sjaldan fleiri en sex, stundum engin, og var þetta helst á vorin og framm á sumar til sláttna.
>
> Vertollur er hjer og hefur verið einn gildur fiskur af hvörju skipi á hvörjum degi sem róið er, það kallast lóðarfiskur. Landsdrottinn tekur hálfa lóðarfiska en bóndinn hálfa.
>
> Verbúðir eru hjer þrjár uppi, en nokkrar eru niður fallnar og sumar fyrir margt löngu. Venja er að skipeigendur byggi þær á sinn kost að viðum, en brúka landið til ristu og stúngu. Þegar fram á vetur liður liggja hjer nokkur af áðursögðum skipum fyrir hákalla, og þegar þeir afla, hvört það er mikið eður lítið, þá gjalda þeir eina hákarlslykkju af hvörjum róðri, það kallast lóðarlykkja. Landsdrottinn tekur hana en bóndinn ekki. [24]

Í jarðamati Þingeyjarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Látra metinn 30 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð hreppstjórans Guðlaugs Sveinssonar.[25]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Látur á Látraströnd metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[26]

Í jarðamati Suður-Þingeyjarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Látur:

> Látur ádur talin 20 hundruð ad dýrleika. – Tún er hjer meira þýft enn greidfært; nokkud grýtt, talid 9 dagsláttur á stærd, og gjefur 60 hesta af sæmilega gódri tödu. Af enginu, sem er þýft til helmínga, grýtt, og liggur undir skridu áföllum, og snjóflódum; fást ad medaltali 80 hestar af fremur léttu heyi. Landrými er þar nægilegt, og í betralagi ad gjædum, enn vetarútbeit engin, ad undantekinni fjöru. Ókostur er torfrista ill og lítil. 8 menn vinnandi útheimtir jördin, og ber þá 8 málnytu kúgyldi og 3 hundruð í gjeldpeníngi Hér má telja ýmíslegt sjáfarhlynnindi, þó helst útrædi fyrir fisk, og hákall einnig selafla í sumum árum, og nokkurn reka.[27]

Í undirmati að fasteignamati Suður-Þingeyjarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Látur var metin á 3.300 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar virtust ekki hafa verið þinglesin og voru ei framtekin í lýsingu jarðarinnar. Eigendur hennar voru Tryggvi Jónasson og Höfðabræður.[28]

5.2.3.2 Syðstibær í Hrísey

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Árskógsströnd frá 1712 segir eftirfarandi um Syðstabæ í Hrísey:

---

[24] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XI, bls. 49–50, skjal nr. H-7.
[25] Skjal nr. 2(68).
[26] Skjal nr. 4(1), bls. 316.
[27] Skjal nr. 2(109).
[28] Skjal nr. 2(124).

> **Sydrebær** eður **Sydstebær** kallast syðri bærinn á eyjunni.
>
> Hálfkirkja er hjer og embættað, þá heimamenn hjer og á Ytrabæ eru til sakramentis.
>
> Jarðardýrleiki xx hndr. og so tíundast biskupi, presti og fátækum, en kirkjutíund fellur niður fyrir vöktun hálfkirkjunnar eður litla aðgjörð eftir samkomulagi.
>
> Eigandinn kvinna Brynjólfs Þórðarsonar ut supra.
>
> Ábúandinn Halldór Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur litlu lakari fyrir fannlögum sem áður segir um Ytstabæ. Torfrista og stúnga lök ut supra. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Lýngrif til eldiviðarstyrks bjarglegt. Silúngsveiði í sjónum með dráttar og lagnetjum var áður að nokkru gagni, hefur nú brugðist í margt ár. Eggver hefur að fornu verið gagnvænt, sem nú hefur brugðist í margt ár ut supra. Rekavon litlu lakari en áður segir um Ytrabæ. Hrongkelsaveiði hefur áður nokkur verið, meinast engin, brúkast ei.
>
> Túninu spillir stórlega sandfok frá sjónum, og hefur það eyðilagt völlinn að vísu til þriðjúnga, og horfir til stærri eyðileggíngar. Engið er mjög slitrótt í svarðleysu rauðbreyskíngs mýrum og valla brúkandi til slægna. Úthagarnir eru bjarglegir, en mjög búljettir á sumur.
>
> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og fornum torfgröfum, sem oft verður mein að. Vatnsból bregst í mestu hörkum, og hefur stundum vatn á skipi til lands sókt verið eður þíddur snjór til bjargar mönnum og fjenaði.
>
> Kirkjuvegur að Stærri Árskógi ut supra.
>
> Heimræði er hjer og lendíngar margar sæmilegar og skipsuppsátur góð, og brúkast til skiftis eftir veðurstöðu. Eitt skip heimabóndans gengur hjer nú, en so mörg mega gánga sem hann fær við komið.
>
> Inntökuskip hafa hjer verið um hausttímann flest 10 eður 11, það menn til minnast, og eru mörg ár síðan. En næst fyrir bóluna voru venjulega 3 eður 4, síðan engin.
>
> Vertollur var gildur fiskur af hvörjum róðri af hvörju skipi, og vildu hvörutveggju, landsdrottinn og ábúandi, taka þessa lóðarfiska. Ekki vita menn, hvörninn það samdist með þeim.
>
> Verbúðir hafa hjer verið 4, 3 af þeim standa enn, og bygði ábúandi þær af rekanum á sinn kost og leigði þær síðan sjófólkinu, hvörja fyrir 5 álnir, eftir sem heyrst hefur.
>
> Lýngrif til eldiviðar brúkaði sjófólk í jarðarinnar landi.
>
> **Salltnes,** fornt eyðiból í þessrar jarðar landi vestur frá heimajörðunni, og hefur þar ekki bygt verið í manna minni, en ljós eru þar byggíngamerki. Aftur má hjer byggja, því túnstæði er sæmilegt, en útslægjur mjög litlar.
>
> **Huatastader,** annað eyðiból í þessrar jarðar landi, austanvert á eynni. Um það er sama að skrifa og hitt, að það hefur ei bygt verið frá gamallri tíð, en auðsjenar eru hjer tófta og girðínga leifar. Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er lýngi vaxið.[29]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1804 er skráð mat á Hrísey. Þar segir að dýrleiki Syðstabæjar var metinn 20 hundruð og sömuleiðis var dýrleiki Ystabæjar metinn 20 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð og tilheyrði Margréti Jónsdóttur í Oddgeirshólum. Með í matinu á Syðstabæ voru eyðihjáleigurnar Saltnes og Hvatastaðir en með í matinu á Ystabæ var eyðijörðin Miðbær.[30]

[29] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 98–100, skjal nr. H-7.
[30] Skjal nr. 2(69).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Syðstibær í Hrísey metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[31]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Syðstabæ:

> Syðstibær, bóndaeign, nú talin 20 hundruð ad dýrleika. Jördinni fylgja 2 eydihjáleigur, sem heita Saltnes og Hvatastadir. Túnid slétt, graslítid en tödugott, undirorpid miklu sandfoki. Engid lítid, snöggt og heyslæmt, meiripart greidfært og ad mestu þurt. Torfirsta nær því engin. Móskurdur brúkandi. Búfjárhagar vídlendir, en mjög léttir. Vetrarbeit nokkur. Nokkur ædarvarpsbyrjun og líkur til framfara med gódri pössun. Útrædi gott og lendíng eins; nokkur rekavon. Jördin álýtst med hæfilegri ábúd ad géta borid af fénadi í medalári 9 hundruð. Virdíngin finnst undir N° 251 í Verdhædarbókinni.[32]

Landamerkjaskrá um merki milli Syðstabæjar og Ystabæjar í Hrísey er dagsett 1. maí 1884 en ekki er getið um þinglýsingardag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Syzti- og Yzti-bær í Hrísey.
>
> Við undirskrifaðir, búendur í Hrisey innan Eyjafjarðarsýslu, gefum hjer með til kynna að við erum ásáttir með landamerki þau, sem að verið hafa og garður tilvísar þvert yfir eyuna, og ræður í sjó fram Borgarbrík að austan og Merkisnes að vestan
>
> Yztabæ 1 mai 1884
>
> Ch. Stephánsson
>
> Syztabæ 1. mai 1884
>
> Jörundur Jónsson. – [33]

5.2.3.3 Ystibær í Hrísey

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Árskógsströnd frá 1712 segir eftirfarandi um Ystabæ í Hrísey:

> **Ytre bær** eður **Ytstebær** kallast sú norðari jörðin.
>
> Jarðardýrleiki xx og so tíundast fjórum tíundum.
>
> Eigandinn kvinna Brynjólfs Þórðarsonar á Hliðarenda, og eignaðist hún hana að erfð eftir bróður sinn Sigurð Skúlason, sem andaðist í bólunni.
>
Á lista yfir jarðagóss Hólabiskupsstóls sem fjallað er um í skilmálum um sölu þess, dagsettum 13. mars 1802, er eyjan Drangey.[118]

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hóla sagður óviss. Jörðin var áður fyrr biskupsstóll. Í framhaldi af lýsingu á afrétt er fjallað um Drangey á Skagafirði en þar megi setja árlega 30 kindur á grasagöngu og einnig fáist þar sjófuglaveiði og egg, eða eins og segir í jarðamatinu:

> p.n. Denne Jord har tilhört en vidtLöftig Afret, som dog hidindtil har været upaa anket benyttet af flere tilgrændsende og bispestolen forhen tilhörende gaarde.
>
> Ligeledes en Øe i Skagefjorden, Drangöe kaldet, hvorhen omtrent 30 Faar ere aarlig blevne satte paa Græsgang, og hvor tillige haves Söefugle-Fangst og Ægg.[119]

Við manntalsþingsrétt 7. júní 1806 var upplesin lögfesta fyrir Hólum í Hjaltadal. Björn í Ási mótmælti lögfestunni fyrir Ásselsland (Fannlaugastaðir) og fór fram á að fimmtarstefna færi fram.[120] Lögfesta um Hóla var einnig upplesin við manntalsþingsrétt

[114] *Lovsamling* III, bls. 579–580, 584–585, 588, skjal nr 4(11).
[115] Skjal nr. 2(218).
[116] *Lovsamling* V, bls. 589 og 615, skjal nr 4(12).
[117] *Lovsamling* V, bls. 735 og 739, skjal nr 4(13).
[118] *Lovsamling* VI, bls. 560, skjal nr 4(14).
[119] Skjal nr. 2(74).
[120] Skjal nr. 2(219).

20. maí 1807.[121] Á manntalsþingi 13. júní 1808 var upplesin lögfesta Þorsteins Pálssonar fyrir Reykjum af dags dato, en þeirri lögfestu mótmæltu Hólaábúendur og töldu hana ganga gegn gildandi samningi.[122]

Á manntalsþing 1. júní 1827 var birt lögfesta dagsett 6. júní 1806 fyrir Hólum í Hjaltadal, endurgerð frá 1. júní 1827. Jón Jónsson á Reykjum framlagði á móti aðra lögfestu frá 31. maí 1827 fyrir jörðinni Reykjum. Þorkell Jónsson á Svaðastöðum og Þorsteinn Pálsson á Hofstöðum áskildu sínum jörðum frían upprekstur á Hólaafrétt og sömuleiðis bændurnir frá Hofdölum.[123]

Við manntalsþingsrétt 3. júní 1828 framlagði séra Benedikt Vigfússon á Hólum samning milli hans og bræðranna Sigfúsar og Jónasar Þorleifssona fyrir hönd móður þeirra, Helgu Jónsdóttur í Samkomugerði, dagsettan 6. ágúst 1827, um landamerki milli Reykja og Hóla. Við sama manntalsþingsrétt lét séra Benedikt Vigfússon upplesa lögfestu fyrir Hólum, dagsetta 6. júní 1806, og aðra frá 1. júní 1827. Með tilliti til þessarar lögfestu vottuðu nálægir hlutaðeigendur, B. Illugason í Brimnesi, Þorkell Jónsson á Svaðastöðum, Þorsteinn Pálsson á Hofstöðum og Jón Hafliðason á Hofdölum, að þeir vildu halda sig við þá sátt er gjörð var á sínum tíma um Hólaafrétt.[124]

Við manntalsþingsrétt 15. maí 1833 var upplesin lögfesta fyrir Hólum í Hjaltadal, dagsett 15. maí 1833.[125] Forboð gegn upprekstri í heimalönd Hóla, dagsett 21. maí 1835, var þinglesið við manntalsþingsrétt 23. maí 1835.[126] Þá var lögfesta fyrir öllu Hólalandi, dagsett 21. maí 1840, þinglesin við manntalsþingsrétt 21. maí 1840 og önnur lögfesta fyrir landi Hóla ásamt Kolbeinsdalsafrétt, dagsett 26. maí 1849, var þinglesin við manntalsþingsrétt sama dag.[127] Við manntalsþingsrétt 15. júní 1850 var upplesin lögfesta frá 6. júní 1850 um rekaítök Hólakirkju á Skaga.[128] Enn önnur lögfesta um Hóla, dagsett 5. júní 1866, var upplesin við manntalsþingsrétt sama dag.[129]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hólar í Hjaltadal skráð sem bændaeign en dýrleika hennar er ekki getið. Í neðanmálsgrein segir að jarðabækurnar segi hvorki frá dýrleika né leigumála en árið 1802 sé jörðin metin á 48,5 hundruð og segir þar að Drangey heyri undir stólinn.[130]

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hóla:

> Hólar med bigdri hjáleigu Hofi. Hundradatal er óákvedid. Þess ber fyrirfram ad géta ad eigandi þessarar jardar hefir í bréfi til sýslumannsins dagsettu 21ta September seinastlidna, látid í ljósi ad hann ej geti verid samþykkur mati á Hólum, sem gagnstædu

[121] Skjal nr. 2(220).
[122] Skjal nr. 2(221).
[123] Skjal nr. 2(222).
[124] Skjal nr. 2(223).
[125] Skjal nr. 2(224).
[126] Skjal nr. 2(225).
[127] Skjal nr. 2(226) og 2(227).
[128] Skjal nr. 2(228).
[129] Skjal nr. 2(229).
[130] Skjal nr. 4(1), bls. 267.

> „rétt adgjættum einstökum þarad lútandi undanþágu fornréttindum jardarinnar“ og ad ítök Hólakirkju séu jördunni sjálfri óvidkomandi, og eigi því ej ad metast med henni.
>
> Hvad hinu fyrra vidvíkur, þá finnur sýslumadurinn og jardamatsmennirnir þad öldúngis vafalaust ad jördin Hólar eigi ad ad metast ej sídur en hvur ønnur jörd í landinu, því einsog þad ad sleppa tédri jörd frá mati, væri beint á moti bodi tilskipunar af 27da Maii 1848, grein 1, þannig er þeim einkaréttur jardarinnar til aldrej af verda metin, ókunnur.
>
> Eins vafalaust finnst þad ad vera, ad fasteignar ítøk þau er Hóla kirkju tilheyra beri ad meta med jördunni. – Ad slík ítök séu metin fylgir beinlínis afbodi nefndrar tilskipunar um mat á øllum fasteignum, og þá vyrdist þad liggja í hlutarins edli, ad þau metist i sambandi vid þá jörd, á hvurri sú stiptun stendur er nýtur þeirra.
>
> Túnin á bádum jördunum álítast ad vera hérumbil 60 dagslættir; meiri partur þeirra er þýfdur, og túnid á heimajördunni í besta lagi ræktad; þau álítast ad géfa af sér til jafnadar 19 kúafódur. – Eingid er stórt ummáls og í betra lagi grasgéfid, en mestpart þýft, sumpart grítt og ad nokkru leiti blautt, heigjædi i betra lagi. Landrými jardarinnar er mikid, en mjög uppblásid, melamikid og árlega skridufallid; landsnytjar sumar í medallagi, en nokkrar ørdugar til notkunar vegna fjarlægdar ~~vid~~ á samanburdi vid adrar jardir i hreppnum. – Nálæg vetrarbeit lítil og léleg, en allgód á fjarlægari stødum, nefnilega á svonefndum „Hólahaga“. – Torfrista er gód, móskurdur lélegur, en hrísrif og grasatekja gétur ej talist med kostum jardarinnar. – Heimajördin med hjáleigunni Hofi, álíst ad géta framfleytt í medalári 19 kúm, 192 ám, 180 saudum og 110 lömbum til vidureldis, edur 64 hndr. í frídum peníngi. – Jördunni tilheyrir svonefnd Hóla afrétt á Kolbeinsdal, sem ordin er mjög uppblásin og skridufallin, og álítst hún í samanburdi vid landstærd og gjædi jardarinnar sjálfrar, ej géta metist meir en sanngyldi 10 hndr. – Egandi jardarinnar hefir útaf fyrirspurn sýslumannsins, í ádur áminstu bréfi látid i ljósi, ad kirkjunni séu árlega gjörd skil fyrir 4 til 5 rbd fyrir ~~trjat~~ trjáreka ítök; þessi hlynnindi álíta matsmennirnir, ej meiri en jafngyldi 2 hndr. – Jördin Hólar med hjáleigunni Hofi, afrétt i Kolbeinsdal, og rekaítökum, ad frádreginum kostnadi, svarar því 76 hdnr.[131]

Meðal kirkjuskjala Hólakirkju í Hjaltadal er varðveitt ódagsett skjal, líklega frá seinni hluta nítjándu aldar, um rétt kirkjunnar til viðhaldsfjár úr ríkissjóði vegna stólsjarðasölu. Drangey er aðeins nefnd á einum stað í skjalinu en þar segir:

> Svo byrjar ávikinn Máldagi adra samkynjaða raðarskírslu yfir Staðarinns (:Biskups setursins:) reka þannig: „Med Drángeÿ og Lundey (sem báðar vóru hagnýttar árlega frá biskups setrinu)“ ä Hólastaður öll fjórugögn“[132]

Á manntalsþingi að Viðvík 13. júní 1881 var þinglesinn kaupsamningur um sölu á jörðinni Hólum með hjáleigunni Hofi til sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu, útgefinn 19. mars 1881 af Þorvaldi Arasyni, fjártilsjónar- og umboðsmanni Benedikts Jónssonar. Einnig var þinglesinn viðskiptasamningur milli feðganna Jóns Benediktssonar og Benedikts Jónssonar, dagsettur 21. apríl 1881, sérstaklega um samþykki á sölu Hóla með Hofi til sýslunefndarinnar með árituðu samþykki Jóhannesar Þorfinnssonar, fjárhaldsmanns Jóns Benediktssonar. Þá var þinglesið afsalsbréf fyrir Hólum í Hjaltadal, 108 hundruð og 4/10 hlutar úr hundraði að dýrleika, með hjáleigunni Hofi, Haganum og Suðurárdal Hafrafellsmegin, Kolbeinsafrétt og kirkjunni með öllum réttindum. Afsalsbréfið var útgefið af eiganda jarðarinnar Benedikt Jónssyni hinn 25. apríl 1881 til sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu. Í tilefni af þessu afsalsbréfi var því

[131] Skjal nr. 2(113).
[132] Skjal nr. 2(272).

yfirlýst af hálfu Viðvíkurhreppsmanna að þar sem fyrrverandi Hólaeigandi hefði ekki, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, sannað eignarrétt sinn til Kolbeinsdalsafréttar, þá gætu þeir ekki að svo stöddu samþykkt skýlausa sölu á afréttinni og geymdu því hreppsmenn sér óskertan rétt sinn til upprekstrar á hana.[133]

Landamerkjaskrá Hóla er dagsett 20. maí 1890 en hún var þinglesin 21. maí 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Hólum.
>
> Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Víðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Víðinesá. Síðan ræður Víðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.
>
> Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrúnir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungnahryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.
>
> Að sunnan ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Víðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrappstaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrappstaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaafrjett í Kolbeinsdal.
>
> Hólum 20. dag maím. 1890
>
> Hermann Jónasson (umráðandi Hóla)
>
> Framanritaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir
>
> Jón Guðmundsson, eigandi Víðiness
>
> Árni Ásgrímsson [eigandi] Kálfstaða
>
> Jóh. Þorfinnsson [eigandi] Reykja.
>
> […]
>
> Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboði nokkra bænda í Viðvík & Hólahreppum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólafsson.[134]

Á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890 var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Hólum í Hjaltadal, ódagsett í dómabók.[135]

Við aukarétt 1. júní 1907 var tekið fyrir að útnefna tvo virðingarmenn til að meta eignir norðuramtsins á Hólum í Hjaltadal við afhendingu búnaðarskólastofnunarinnar

[133] Skjal nr. 2(230).
[134] Skjal nr. 2(14).
[135] Skjal nr. 2(231).

til landssjóðs á yfirstandandi vori. Útnefndir voru hreppstjórinn Björn Jónsson og Jón Sigurðsson oddviti.[136]

Á manntalsþingi að Viðvík 7. júní 1909 var þinglesið afsalsbréf frá amtsráðsforseta Guðlaugi Guðmundssyni til landssjóðs fyrir Hólum í Hjaltadal með hjáleigunni Hofi, skólastofnuninni, dómkirkjunni og öllum húsum staðarins.[137]

Í undirmati að fasteignamati Skagafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hólar var metin á 8.200 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[138]

5.4 Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum

Í Landnámabók segir eftirfarandi um landnám í Bjarnarfirði:

> Bjǫrn hét maðr, er nam Bjarnarfjǫrð; hann átti Ljúfu; þeira son var Svanr, er bjó á Svanshóli.[139]

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju í Kaldrananesi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia a land er Hrafn gaf til hennar er heiter Biarnarnes.[140]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna í Kaldrananesi frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian j Kalldadarnese ä land er Hraffn gaff til hennar og heiter Biarnanes.[141]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Kaldraðaneshrepp frá 1706 segir eftirfarandi um Kaldrananes í Bjarnarfirði:

> **Kalldadarnes**.
>
> Jarðardýrleiki er nú kallaður xx hndr., áður til forna fínst í máldögum, að hún hafi kölluð verið stundum xxx hndr., stundum lx hndr. Hvar af þessi óviss dýrleiki kemur vita nálægir ekki.
>
> Þar er bóndakirkja.
>
> Jarðareigandi er einhver dætra Arnfríðar Eggertsdóttur að Skarði á Skarðströnd. Byggíngarráð og ágóða hefur Arnfríður Eggertsdóttir. Áður hefur það verið kóngsjörð, ein af Strandasýslu jörðum.
>
> Ábúandinn Sr. Halldór Magnússon.
>
> […]
>
> Í einum foraðsflóa, sem kallaður er Bakkaflói, eru stundum ljeðar nokkrar slægjur til Ásmundarness og Klúku, stundum nokkuð, stundum lítið fyrir goldið. Þegar nokkuð er goldið tekur það hjáleigumaðurinn á Bakka, en heimaábúandinn á Kaldaðarnesi hefur þar ekkert af. Líka er slægjupláts í brokflóum á hálsinum stundum ljeð til Bjarnarness og lítilfjörleg þjenusta fyrir gjörð eftir samkomulagi, tekur það heimaábúandinn.

136 Skjal nr. 2(232).
137 Skjal nr. 2(233).
138 Skjal nr. 2(130).
139 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 199, skjal nr. 4(38).
140 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 131–132, skjal nr. 4(41).
141 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 562, skjal nr. 4(42).

Skógur nægjanlegur til kola og eldiviðar, en lángt og ilt til að sækja. Silúngsveiði kann ekki að gagni að vera i Bjarnarfjarðará. Vatn er uppá hálsinum kallað Aurriðavatn. Þar mætti kanske á haust með netjum og um vetur á dorg veiða nokkurn silúng. Í vatninu er hólmi einn, kallaður Aurríðaey, þar verpur lítilsháltar af kríum, öndum og háellum, mætti þegar heppnast vera að nokkru gagni með því að ferja sje hrúkuð. Grasatekja ekki ómaksverð. Selveiði hefur góð verið, en nú um nokkur ár lítilfjörleg. Reki hefur verið góður en legst mjög so frá. Marhálmur lítilsháttar, sem þó verður sjaldan að gagni vegna ísa.

Heimræði hefur verið gott til forna á sumur og haust, en nú frá vegna fiskgengdarleysis. Jörðunni er eignað skipsuppsátur og húðarstaða á Eyjum, og stundum er það brúkað vor og haust án mólmæla. Enginn tollur þar fyrir goldinn. Búðinni viðheldur ábúandinn á Kaldaðarnesi.

Túnið spillist af stórviðrum og harðindum. Engjar falla sumstaðar i flagleysur og fordjarfast sumstaðar af vatnsaga, sumar úr máta votlendar, sumar úr hófi lángt burt og varla til sækjandi. Hætt fyrir fjenað í leysíngum á vorin, og ákaflega flæðihætt. Torfrista slæm. Hreppamannaflutníngur lángur og erfiður á báðar hendur.

Fyrir landinu eru hólmar nokkrir og sker, kallaðir Hrútey, Höfðasker, Æðasker, Kirkjuklakkur og Þorkelssker. Í sumum þessum hólmum hefur áður verið nokkuð eggver og lítilsháttar dúntekja, nú er það að segja öldúngis frá, í sumum hefur verið fín selveiði en nú mjög lítil. Í Hrútey eru lítilfjörlegar slægjur, voru áður frekari.

Eitt skip á ábúandinn, sem á vorin gengur til hákalla afla á Eyjum ut supra. Annan bát á hann, sem og so gengur þar vor og haust til fiskjar, þegar hagar og til gefur, en ógiarnan heima vegna fiskgengdarleysis þar. Tvö skip á hann önnur, sem gagnlaus uppi standa, nema endur og sinnum þegar annað er brúkað til selalagna.

Í heimalandi er hjáleiga, kölluð **Backe**. Hefur verið bygð fyrir manna minni.

Ábúandinn Jón Arnbjörnsson.

[…]

Skógur, sem um getur á heimajörðunni, er þar miklu nær og brúkast tolllaust af hjáleigumanninum. Engin sjófarhlunnindi tilheyra hjáleigumanninum.

Engjar ljær hann stundum nokkrar og tekur sjálfur toll fyrir, en geldur heimaábúandanum ekkert í því nafni ut supra.

Tún er lítið og þýft

Allir aðrir kostir og ókostir eru sömu með heimajörðunni.

Í heimalandi er í öðrum stað sel, kallað **Aurridasel**. þar eru víðar girðíngar og miklar tóftarústir gamlar. Munnmæli eru að kirkjustaðurinn hafi í gamaldaga þar staðið, en einhvernveginn aflagst og fluttur verið. Hvað um þetta er, vita menn ekki, en auðsjeð að þar hefur einhver mikil byggíng verið. Kann ómögulegt að byggjast án fordjörfunar heimajarðarinnar.

Í þriðja stað í heimalandi er í einum stað kallað **Saudhus**. Þar sjást líkindi til að þar muni einhverntíma verið hafa lítilfjörlegt býli. Munnmæli eru að einhvern tíma fyrir manna minni skuli þar verið hafa maður nokkur með eina kú og fáar ær. Haft bát fyrir landi og bjargað sjer soleiðis með fiskiríi. Um þetta er þó alt óvíst, eða hvað fleira þessu plátsi aðlotið hefur. Kann ómögulegt að byggjast fyrir landkreppu og slægnaleysi.[142]

[142] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 365–368, skjal nr. H-7.

Í jarðamati Strandasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Kaldrananess metinn 20 hundruð. Jörðin var sjálfeignarjörð og tilheyrði Elínu Brynjólfsdóttur, ekkju Magnúsar Ketilssonar. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Urriðasel og Sauðhús.[143]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kaldrananes í Bjarnarfirði metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að Árni Magnússon telji með henni eyðihólmana Rútey, Höfðasker, Æðarsker, Kirkjuklakk og Þorkelssker.[144]

Í jarðamati Strandasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kaldrananes:

> Kaldrananes 20 hndr. Túnid slétt en snögt, slæjur miklar og ervidar. Landrymi mikid en vetrarhart. Eggver talsverdt, trjáreki gódr og selveidi en þó ekki fullkomlega eidilögd. Kolskógr til heimabrúkunar.[145]

Landamerkjaskrá Kaldrananess er ódagsett en hún var þinglesin 22. maí 1886. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skýrsla um landamerki fyrir Kaldrananeslandi
>
> Milli Kaldrananes og Bjarnanes.
>
> Í norðari lækinn í Hörsvík og í enda kletta beltisins, sem liggur fyrir ofan Þorláksvík og eptir því norður á Hálsgötur og í brúnar kletta endann og fram eptir Brúnarklettunum í Bæjarskarð og eptir Kirkjuvegi í ytri hallanum á skarðinu í leirtjarnar endan fremri.
>
> Milli Kaldrananess og Bæ.
>
> Með Skammá og yfir með Bæjarvötnum að Langá og fram með henni í syðri enda Langholts; Svartbakshólmi í Bæjarvötnum liggur undir Kaldrananes.
>
> Milli Kaldrananess og Gauthamars.
>
> Með langá fyrir syðri enda Langholts og norður með því, sem lækur ræður og með læknum fram yfir svo kallaða Leikvelli í Klofavatns enda nyrðri, þar sem lækurinn hefur upptök sín.
>
> Milli Kaldrananess og Hafnarhólms.
>
> Úr Klofavatns enda nyrðri beina sjónhending eptir vörðum á Klofninginn og eptir vörðum af honum sjónhending fyrir sunnan Rafsflóa í Landamerkjalá, sem liggur að Urriðavatni og í norðvestur eptir vatninu að enda þess.
>
> Milli Kaldrananes og Hellu:
>
> Frá Urriðavatnsenda vestri eptir lækjum og tjörnum á milli; norður yfir hálsinn að upptökum Stóralæks og ofan með honum í Bjarnarfjarðará.
>
> Þ. Guðbrandsson Jón Guðmundsson.
>
> Samþykkur fyrir Gautshamars landamerkjum Þórður Bjarnason.
>
> Samþykkur fyrir Bæ Jón Valgeir Hermannsson.
>
> Sem umboðsmaður samþykkir fyrir Bjarnarnesland. S.E. Sverrisson.
>
> G. Guðmundsson fyrir hönd hálfs Hafnarhólms.
>
> Magnús Kristjánsson fyrir hinn hálf partinn Hafnarhólms.

[143] Skjal nr. 2(75).
[144] Skjal nr. 4(1), bls. 213.
[145] Skjal nr. 2(114).

> Guðbjörg Jónsdóttir.
>
> Fyrir hönd Hellu Ingim. Guðmundsson.[146]

Í undirmati að fasteignamati Strandasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Kaldrananes var metin á 16.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin og ágreiningslaus. Eigendur hennar voru Þorsteinn Guðbrandsson, Kjartan Ólafsson og Jóhann Jónsson.[147]

5.5 Breiðafjörður

5.5.1 Landnám

Í Landnámabók segir eftirfarandi um landnám á Breiðafirði:

> Maðr hét Þrándr mjóbeinn; hann fór til Íslands með Geirmundi heljarskinni; hann var ættaðr af Qgðum. Þrándr nam eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa ok bjó í Flatey; hann átti dóttur Gils skeiðarnefs; þeira son var Hergils hnappraz, er bjó í Hergilsey.[148]

5.5.2 Flatey á Breiðafirði

Í máldaga Jónskirkju í Flatey, sem Þórarinn biskup Sigurðarson setti árið 1363, segir að kirkjan hafi átt 20 hundruð í heimalandi og Sauðeyjar.[149] Í máldaga Vilchins fyrir Flateyjarkirkju frá um 1397 koma fram sömu upplýsingar nema þá er heiti eyjanna skráð Sandeyjar.[150]

Samkvæmt skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467 eignaðist ekkja hans, Ólöf Loptsdóttir, jörðina Flatey á Breiðafirði með öllum þeim eyjum sem þar fylgdu.[151]

Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu Loptsdóttur hinn 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Þorleifur Björnsson, jörðina Flatey með Stykkis- og Sandeyjum, Reykeyjum, Hrauneyjum og Hergilsey og öllum Flateyjarlöndum.152

Í máldaga Flateyjarkirkju frá 1491–1518 segir:

> Jons kirckia postula j Flateÿ ä xx^{c} j heimalandi og saudeyar. Oddbiarnarskier og Styckiseyar.[153]

Hinn 1. september 1536 lagði Ögmundur Pálsson biskup tolllaust skip í Oddbjarnarskeri til kirkjunnar undir Múla á Skálmarnesi.154 Hinn 6. september 1536 gaf Erlingur Gíslason vitnisburð um orð og samtal Ögmundar Pálssonar biskups og Teits Þorleifssonar um skipti milli Múlakirkju á Skálmarnesi og Flateyjarkirkju þannig að kirkjan

146 Skjal nr. 2(15).
147 Skjal nr. 2(131).
148 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 153, skjal nr. 4(38).
149 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 194–195, skjal nr. 4(56).
150 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 152, skjal nr. 4(57).
151 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 500, skjal nr. 4(84). Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 47, skjal nr. 4(85).
152 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 256, skjal nr. 4(86).
153 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 79, skjal nr. 4(58).
154 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 86–87, skjal nr. 4(59).

undir Múla skyldi hafa tolllaust skip í Oddbjarnarskeri, búðarstöðu, ver, garða og áttæring, en Flateyjarkirkja hefði á móti skógarhögg í Múlakirkjuskógi, áttæring og eldivið.155 Hinn 18. júlí 1537 lagði Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti kirkjunni undir Múla á Skálmarnesi tollfrí skip í Oddbjarnarskeri gegn því að Flateyjarkirkja ætti áttærings eða teinærings farm árlega í skógi Teits bónda, sem lá nærri Flateyjarkirkjuskógi.156 Árið 1558 andmælti Jón Börnsson, bóndi í Flatey, skipan Ögmundar Pálssonar biskups um tolllaust uppsátur Múlakirkju í Oddbjarnarskeri.157 Hinn 19. september 1558 staðfesti sjöttardómur, sem kvaddur hafði verið af séra Jóni Þorleifssyni, prófasti í Barðastrandarsýslu, skipan Ögmundar Pálssonar biskups frá 1. september 1536 um skipti milli Múlakirkju á Skálmarnesi og Flateyjarkirkju.158

Í vitnisburði Halldórs Sveinssonar um máldaga Flateyjarkirkju frá 10. apríl 1548 er fjallað um réttindi Flateyjarkirkju. Vitnisburður Halldórs hljóðar svo:

> So felldan vittnisburd ber ec Halldor Sueinsson at ec heyrde jon heitinn þorarinsson sem leinge var radzmadur j flatey þui opttlega lysa fyrir mier og maurgum audrum monnum at hann hefde optt og iduglega heyrtt lesin maldaga flateyiarkirkiu og so lika vel annara godra manna tal ath kirkian þar ætte vestare sandey og kirkiuklett en alldrei hafi hann þad heyrtt ne uitad at henne hafi uerit oddbiarnarsker eignad ne so adrir holmar eda klackar. og ecki þar um bref giord edur maldaga lesin til gialldz edur giafar, og sagdizt hann j flatey hafa verit vpp fæddur og þar radzmadur verit olafar lopttzDottur. þorleifs biornssonar. einars brodur hans eptir hann. og nu med sidzta biarnar þorleifssonar. En þad hefdi hann heyrtt lesid at kirkian j flatey. ætti j uaztfirde skogarhaugg j mille reydarlæks og pennu j mille fiallz og fioru. Somuleidiz heyrda ec hann og þui lysa ath fyrrgreind kirkia ætte og skogar haug j kellingarfiord j mille tueggia gilia sem kollud er(o) svartta gil og hann sagdizt opttlega hafa farit þangat sialfur j þenna skog og einginn viliad meina ne so j mote tala þo at hann uære hogguin kirkiunnar vegna. Hier eptir vil ec sueria ef þurfa þickir. Og til sanninda hier um setta ec mitt jncigle fyrir þetta uitnisburdarbref huert at skrifat uar æ reykiaholum a reykianese vm uorit þridiudagin eptir paskauiku arum eptir gudz burd M.º D.º xl.º og viij.[159]

Hinn 14. apríl 1548 vitnaði Oddur Skeggjason um eignir og ítök Flateyjarkirkju. Í vitnisburðinum segir að kirkjan hafi átt Sandey vestari, Kirkjuklett, skógarhögg í Vatnsfirði milli Reiðarlæks og Pennu, milli fjalls og fjöru. Einnig segir að kirkjan hafi átt skógarhögg í Kerlingarfirði milli tveggja gilja sem kölluð væru Svörtugil.160

Hinn 28. júlí 1565 kvittaði Gísli biskup Jónsson Jón Björnsson bónda um reikningsskap Flateyjarkirkju.161

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna í Flatey frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

155 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 88–89, skjal nr. 4(60).
156 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 111–112, skjal nr. 4(61).
157 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 359–360, skjal nr. 4(66).
158 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 331–332, skjal nr. 4(64).
159 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 629, skjal nr. 4(62).
160 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 639–640, skjal nr. 4(63).
161 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 408–409, skjal nr. 4(65).

> Kirkian i Flatey a .xLc. i heimalande.
>
> Jtem skogarpartt i Vatzfirde mille Reijdarlæks og Penna.
>
> Jtem annann skogarpartt i Kiellingarfirde. mille tueggia gilia. sem kollud eru Suartagil.
>
> Jtem Oddbiarnarskier.
>
> Jtem Sandeyiar og Kirkiuklett.[162]

Hinn 1. september 1590 vottaði Oddur Einarsson, superintendens Skálholtsstiftis, að hann hefði séð og yfirlesið bréf Ögmundar biskups Pálssonar um Múlakirkju á Skálmarnesi, þ.e. að Flateyjarkirkja ætti skógarhögg í Múlakirkjuskógi fyrir búðarstöðu í Oddbjarnarskeri.163

Hinn 22. júní 1621 vottaði Finnur Jónsson að hann hafi gefið syni sínum, Jóni Finnssyni, 40 hundruð í fasteign til réttra erfðaskipta á móts við systkini hans. Þetta voru 20 hundruð í Flatey og þau 20 hundruð í jörðum sem Finnur hafði áður keypt að syni sínum, séra Torfa, fyrir 20 hundruð í áðurgreindri jörð, Flatey. Í bréfinu segir enn fremur:

> En með því mér þykja þau 20 hndr. í Flatey ábatameiri vera heldur en *Nes* og *Kirkjuból*, sem ég við tók, þá skil ég það til við minn áðurgreindan son, Torfa, að hann skuli láta sér það lynda og líka í árlega inntekt af fyrrgreindum 20 hndr. í Flatey, sem Jón Finnsson vill eftir sinni sjálfssannsýni honum gjalda, ef honum auðnast þennan part að brúka.[164]

Hinn 20. apríl 1643 fór fram gjörningur milli Jóns Finnssonar og Jóns Torfasonar um 20 hundruð í jörðinni Flatey á Breiðafirði þannig að Jóni Finnssyni var lofuð á móti jörðin Kollabúðir til frjálsrar eignar eða önnur jörð henni samgild til gæða.[165]

Í biskupsvísitasíu um Flateyjarkirkju frá 5. september 1647 segir eftirfarandi:

> Jons kirkju postula J flatej aa eftir Wilhins bök xx hndr. i hejmalande Enn J visitatiu Bokinne stendur xl hndr. i hejmalande Jtem a hun sandeijar og kirkiuklett, Jtem oddbjarnarsker eftir visitatiu Bökinne. Enn flateyar eignar menn lysa halft kirkjunnar eign, Jtem a kirkjann Skogar Partt i Vatzfijrde millum Rejdarlækz og Pennu annann Skogarpartt i kerlingarfijrde milum gilia tueggia er kollud eru suerttugil[166]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíu frá 1. september 1710. Þar segir einnig frá máldagabréfi sem Torfi Jónsson undirskrifaði og afhenti biskupi en í því segði að Flateyjarkirkja ætti 20 hundruð í heimalandi, Sandeyjar, 11 kýr og þrjár merkur fríðs fjár, eitt hross og hálft Oddbjarnarsker.[167]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Flatey á Breiðafirði:

> **Flatey** lxxx hndr. Bóndaeignin.
>
> Þar er alkirkja, hvar að embættast á eftir máldögum (segja eignarmenn) tvo parta móts við Múla á Skálmarnesi, en nú er þar sjaldnar embættað, sökum torfelds vegar, helst á

[162] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 586, skjal nr. 4(67).
[163] *Jarðabréf 16. og 17. öld*, bls. 108, skjal nr. H-10.
[164] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 112–113, skjal nr. H-10.
[165] Skjal nr. 2(37).
[166] Skjal nr. 2(280).
[167] Skjal nr. 2(281).

vetur. Kirkjan segist að eiga í heimalandi xl hndr., sem eru fyrir utan hin lxxx hndr. Þar fyrir utan Sandeyjar og Kirkjuklettur.

Bóndahlutans eignarmenn eru: Guðríður Torfadóttir, kvinna Sr. Gunnars Pálssonar í Stafholti, að xxx hndr. Þuríður Sæmundsdóttir, kvinna Sr. Halldórs Torfasonar í Bæ, að xxx hndr. Loftur Jónsson að x hndr. Björn Tumasar Jónssonar að x hndr.

I heimabænum á eyjunni búa: Torfi Jónsson á xviij hndr. af parti Guðríðar Torfadóttur. Guðríður Magnúsdóttir á v hndr., Ögmundur Bjarnason á v hndr. af sínum parti. Guðrún Ögmundardóttir á x hndr., sem er hennar barna partur.

[…]

Fyrir utan heimabæinn eru á eyjunni býli. Þar búa, á þeim partinum, er Guðríður Torfadóttir á: Þorleifur Þórðarson á iij hndr., Einar Jónsson á iij hndr., Einar Snæbjörnsson á iij hndr., Guðrún Árnadóttir á v hndr.

[…]

Á parti Þuríðar Sæmundardóttur búa Þorleikur Ólafsson á v hndr., Þorleifur Guðmundsson á iij hndr., Bárður Bjarnason á iij hndr., Ólafur Jónsson á iij hndr., Einar Jónsson á iij hndr.

[…]

Á parti Lofts Jónssonar Þorvarður Einarsson á iij hndr., Páll Einarsson á iij hndr.

[…]

Flatey hefur yfir máta stórt tún. Eggver er þar rjett gott, en hefur þó verið betra. Selveiði vor og vetur mikil, ef aðdugað væri. Reki (viðar og hvala) gagnlegur, þá til vill. Sölvafjara gagnleg bæði fyrir menn og kvikfjenað. Hrognkelsaveiði hefur verið, legst mjög frá. Skelfiskatekja nokkurs verð ef brúkuð væri. Fjörugrös so mikil að nýtast kunna. Hvannir hafa þar miklar verið, nú litlar. Hlunninda þessara njóta heima- og smábændur, eftir því sem hver einn sig þar eftir hefur, fráteknum eggveri og selveiði. Það skiftist að jafnaði hverttveggja milli allra heima- og smábúendanna, eftir jarðarmagni. Nætur til selveiði tilleggja landsdrottnar og umboðsmaður Sr. Halldórs. Item skip til selaveiða og eggjaleita, og þetta betalíngslaust af leiguliðum. Dún allur skiftist að jafnaði milli landsdrottna, og kemur ei til leiguliða. Hjer á mót fellur niður hjá leiguliðum kirkjutíund og ljóstollur fyrir dúninn.

A meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem bygð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna.

Af bráðasótt deyr fje jafnlega í nokkrum af Flateyjar löndum.

Hreppamannaflutníngur mjög óhægur, og á vetrum oft ótækur, í Bjarneyjar, 2 vikur sjóar.

Kúataði og þángi er brent í Flatey. Móskurður er þar enginn.

Þurar búðir hafa heima í Flatey nokkrar verið, og þar í ársvistar menn. Þær eru nú (síðan fiskiríið brást) eyðilagðar.

Verstaða hefur verið í Flatey, meðan fiskaðist. Nú legst fiskur þar frá til djúpa. Þá var þar ½ vættar tollur.

[…]

Í Flatey partur.

Jarðardýrleiki iij hndr.

Jarðareigandinn Torfi Jónsson.

Ábúandinn Þorleifur Þórðarson.

[…]

> Egg og selveiði hefur ábúandi til jafnaðar eftir proportion (dún hefur hann öngvan), en landsdrottinn leggur til skip og nætur til eggjaleita og selveiði, betalíngslaust, nema kirkjutíund og ljóstollur fellur niður.
>
> Eina ey hafa landsdrottnar, fyrir utan skifti, til slægna, en um egg og dún ut supra.[168]

Hinn 27. júní 1703 taldi Loftur Jónsson upp Flatey sem eina af þeim jörðum sem hann hefði eignarráð yfir.[169] Í skjali dagsettu 29. júní 1703 lýsti Torfi Jónsson því yfir að hann og eiginkona hans, Ragnheiður Jónsdóttir, hefðu ráð til afgjalds og aftekta á 30 hundruðum í Flatey sem væru þó ánöfnuð og gefin Guðríði dóttur þeirra.[170] Sama ár lýsti Guðrún Ögmundsdóttir því að 10 hundruð í Flatey væru eign barna hennar.[171]

Í portionsreikningi kirkjunnar frá 26. apríl 1728 segir enn það sama og kemur fram í vísitasíubókum biskupa og einnig að þeim komi ekki saman um eignir Flateyjarkirkju í föstu og lausu. Vilchinsbók og máldagabréf Torfa Jónssonar frá 1710 hafi sagt að kirkjan ætti 20 hundruð í heimalandi en vísitasíubók Gísla biskups Jónssonar og reikningur Þórðar biskups Þorlákssonar hafi sagt eignina vera 40 hundruð í heimalandi. Um þetta segir í portionsreikningnum:

> Þennann agreining vill Biskupenn Jon Arnason, svo lagfæra, ad þeir Biskupar, sem sagt hafa ad Kyrkiann ætte 20 hndr. i heimalande, hafe meint einasta i Sialfre heima Eÿunne, En hiner sem tilEinka henne 40 hndr. hafe meint fyrer heimaland, bæde heima Eyuna, og Lyka uteÿarnar, Sÿn 20 hndr. i hveriu fÿrer sig, og Skyllde þá bæde Oddbiarnarskier, SandEyar og kyrkiukletturenn, reiknast med odrumm 20 hndr. En Flateÿ óll bæde heima Eyenn og utEyarnar, med kyrkiueignenne, Stört hundrad hundrada. Kunne þetta betur ad Leidriettast ä annann hätt, enn nu hefur sagt vered, þá er þvi gott ad taka.[172]

Á manntalsþingi að Staðarbakka í Helgafellssveit 30. maí 1738 var þinglesið kaupbréf Páls og Gunnars Gunnarssona, dagsett 30. október 1737, fyrir allri Fagurey og 14 hundruðum og 40 álnum í Flatey á Breiðafirði frá Einari Einarssyni.[173]

Hinn 17. ágúst 1760 seldi Eggert Ormsson 10 hundruð í Flatey til Boga Benediktssonar. Undanskilinn var hluti kirkjunnar upp á 10 hundruð í jörðinni og það sem fylgdi þeim hluta.[174]

Á manntalsþingi að Svefneyjum 29. maí 1778 var tekið fyrir svo kallað beitarmál á Langeyjum þar sem fé hafði skemmt hey frá séra Markúsi Snæbjörnssyni. Leiguliðar töldu sig hafa rétt til beitarinnar en buðust engu að síður til að borga skaðann.[175] Á héraðsþingi að Flatey 27. júní 1778 féll dómur í svo kölluðu Langeyjarbeitarmáli þar sem leiguliðar voru dæmdir til að greiða séra Markúsi Snæbjörnssyni skaðabætur vegna beitar án hans leyfis.[176]

---

168 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 237–242, skjal nr. H-7.
169 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 224, skjal nr. H-7.
170 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 227, skjal nr. H-7.
171 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 236–237, skjal nr. H-7.
172 Skjal nr. 2(282).
173 Skjal nr. 2(234).
174 Skjal nr. 2(38).
175 Skjal nr. 2(235).
176 Skjal nr. 2(236).

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt afrit af þinghöldum þar sem tekið var fyrir mál um að skipta upp Flatey og Hergilsey þannig að Hergilsey myndi byggjast. Þingið sem er skráð er nýbýlisþing 11.–13. september 1782 og framhald þess dagana 15.–19. júlí 1783. Í málinu var farið yfir gögn málsins og meðal þeirra var samningur um byggingu Hergilseyjar frá 8. maí 1781. Í honum var kveðið á um að Hergilsey skyldi vera helmingur jarðarinnar, 40 hundruð að dýrleika. Á fyrsta þinginu voru ræddar ýmsar tillögur um hvernig skipta ætti eyjunum til helminga. Meðal tillagna manna um það efni er eftirfarandi skráð:

> Presturinn S^ra Marcus seger aull efre Lönd, half innre Lönd og Skialdmeyareyar med Hergilsey. 2) Presturinn S^ra Torfe seger: aull Þyckvulönd med Hergilsey, allt ad Ædarskére in epter, en ofann ad Skeley, allar Skialldeyareyar og halft Oddbiarnarsker. Mr Eggert er samhlioda því sem sra Marcus sagde. 3) Biarne Stefánsson: aull efre Lönd og Skialldmeyareyar med Hergilsey. 4) Einar Jonsson: aull efre Lönd med Ædarskere fráteknum Innre Löndum samt halft Oddbiarnarsker med Hergilsey. 5) Gisle Biarnason: aull efre Lönd, Skialdmeyar- og Stickeseyar med Hergilsey. 6) Einar Sveinbiornsson: aull efre og innre Lönd med Hergilsey.[177]

Á þinginu daginn eftir var enn rætt um skiptatillögur og endað á að draga miða um hlutfallslega skiptingu. Þeim lið er lýst svo í skjalinu:

> Fellur þá til efter Lodkaste ad skipta eyunum í 5 hundraða skipti, soleidis, ad á 8 sedla er skrifud Hergilsey, og á adra 8 Flatey, huöru tveggium kastad til samans forsigludum, so eingenn kenner hvorn fra ödrum. Á adra 16 er skrifud nofn Proprietariorum, sidann var sedlunum hvorium fyrir sig saman sleingt, enn S^ra Marcus dró þá. Fyrstu sedlarner urdu. S^ra Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N° 2 Klog 5 hundruð í Hergilsey. N° 3 Eggert 5 hundruð í Flatey. N° 4 S^ra Marcus 5 hundruð í Flatey. N° 5 Eggert 5 hundruð í Hergilsey. N° 6 Mr Eggert 5 hundruð í Flatey. N° 7 Einar Ögmundsson 5 hundruð í Hergilsey. N° 8 S^ra Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N° 9 Einar Ögmundsson 5 hundruð í Hergilsey. N° 10 S^ra Marcus 5 hundruð í Flatey. N° 11 S^ra Torfe 5 hundruð í Flatey. N° 12 S^ra Sigurdur 5 hundruð í Flatey. N° 13 S^ra Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N° 14 S^ra Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N° 15 Guðný 5 hundruð í Flatey. N° 16 S^ra Torfe 5 hundruð í Flatey. Med ofanskrifad hlutfall urdu nú aller ánægder.[178]

Þar fyrir utan gerðu séra Torfi Eggertsson og Eggert í Sauðeyjum með sér samkomulag um að séra Torfi fengi 10 hundruð í Flatey sem Eggert átti fyrir 10 hundruð í Hergilsey sem séra Torfi átti og gengu til Eggerts. Þingið hélt svo áfram þann 13. september 1782 þar sem enn var rætt um eiginleika skiptanna og var ákveðið að bíða með þau fram yfir vor svo allir aðilar hefðu kost á að kynna sér slægjulöndin. Allir aðilar voru sammála um að dúnn, fuglatekja, selveiði og beit skyldi vera sameiginleg hvorum eyjunum fyrir sig. Á þessu stigi var eftirfarandi ritað um efni þingsins til að koma í veg fyrir ágreining síðar meir:

> En epter bon vidkomenda, nefnaz her nú öll Lönd, sem tilheyra hvörre ey fyrir sig, so engenn agreiningur gete sidar orded. Flateyu til heyrer sialf eyenn med ollum hialiggiande smáeyum. Höfnenn, Syrey med hólmanum, Feissey, Langey med holmanum, Diskædarsker, Skeley, Höfninn, Geirinn, Flathólmi, Hrólfsklettur, aull Inre Lond, allt ad Ædarskere.

[177] Skjal nr. 2(39).
[178] Skjal nr. 2(39).

> Hergilsey heyrer til Oddbiarnarsker til slægna, Drápsker, Skialldmeyareyar med hólmanum, Hergilsey med öllum hennar löndum og aull þyckvu Lönd med Ædarskere. Allur reke, fyrer utan Hvale heyrer til hvörium eyunum fyrer sig, enn Hvalerner heyra jafnt til bádum jördunum.[179]

Málið var aftur tekið upp dagana 15.–19. júlí 1783 og var þá fyrst skipt upp túnum og löndum í Flatey, en síðan eyjum milli ábúenda. Skiptingu Flateyjarlanda er einkum lýst í lýsingu á þinghaldinu sem fram fór 17. júlí 1783. Þar er fjallað um Sýrey, Sýreyjarhólma, Selsker, Feitsey, Langey, Langeyjarhólma, Lundaklett, Kirkjuklett, Selningaklett, Syðri-Sandey, Vestari-Sandey, Ytri-Stykkisey og Sultarhólm. Þann 18. júlí 1783 var tekið fyrir að skipta Hergilseyjarlöndum. Í þeirri lýsingu er fjallað um Sandey, Hvannhólma, Borgarhólma, Höfuðey, Höfðeyjarrif og höfða, Höfðeyjarrana, Hjallhólma, Mýhólma, Reykey, flögur og stykki, Oddleifsey, Ásgilsey, Ásgilseyjarklett, Skutulseyjar, hólma þar, Innri-Hrauney, Ytri-Hrauney, Urðhólma, Oddbjarnarsker en þar vildu Hergilseyingar hafa samvinnu og var því ekki skipt. Einnig var rætt um skipti túna í Hergilsey. Þá var tekinn til umræðu að mismunur á slægjulöndum Flateyjar annars vegar og Hergilseyjar hins vegar. Þinghaldinu lauk 19. júlí 1783 og var ákveðið að Stykkiseyjar til slægna skyldu leggjast til Hergilseyjar þar til jöfnuður á slægjulöndum væri milli eyjanna. Tekið var fram að Hergilseyjareigendur myndu ekki fá hefð yfir Stykkiseyjum hvort sem þeir héldu þar slægjum lengur eða skemur. Flateyingar hefðu öll önnur not af eyjunum nema grasið og að þær væru eign Flateyjareigenda. Í lok afritsins af þinghöldunum um skiptingu Flateyjar og Hergilseyjar eru skráðir vitnisburðir og undirskriftir frá 21. og 22. ágúst 1783 um staðfestingu á skiptingu túna og bæja.[180]

Hinn 29. apríl 1799 undirrituðu eigendur Flateyjar pro memoria eða forboð um notkun Stykkiseyja. Afrit skjalsins er varðveitt meðal jarðaskjala Þjóðskjalasafns. Í því er vísað í skipti milli Flateyjar og Hergilseyjar frá árinu 1782. Skjalið var þinglesið við manntalsþing 29. apríl 1799. Aftan við texta Flateyinga er skráður úrskurður sýslumanns frá sama degi og er hann svohljóðandi:

> Resolution
>
> Eptir hinsvegar skrifudu uppástande álítr Rettrinn, at nefndar Stickiseÿiar tilheire Flateÿ med grase og ödrum nÿtium, öldúngis epter skipta Actenum af 13da Septembr. 1782, suo leinge og þartil Dóms kann at gangazt í sökenne epter lögum, vilje nokkr þetta áfría
>
> Flateÿiar Manntalsþínge 29da Aprilis 1799
>
> O Widalin[181]

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt yfirlýsing og lögfesta Flateyinga frá 20. júlí 1799 um Stykkiseyjar. Í skjalinu er vísað í nýbýlaskipan frá 1782–1783 en samkvæmt henni hafi Stykkiseyjar tilheyrt Flatey þótt þær hafi um nokkurn tíma verið

[179] Skjal nr. 2(39).
[180] Skjal nr. 2(39).
[181] Skjal nr. 2(40).

léðar Hergilseyingum til slægna. Í skjalið er skráð lögfesta og fyrirboðið að nokkur yrki eða nýti sér Stykkiseyjar. Þá er skráð á skjalið að það hafi verið upplesið við Flateyjarkirkju.[182] Einnig er í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns varðveitt afrit af pro memoria Eggerts Ólafssonar í Hergilsey frá 9. nóvember 1799 til sýslumanns um að bændur í Flatey hafi krafist þess að Hergilseyjarbændur gæfu upp notkun sína í Stykkiseyjum. Í skjalinu segir Eggert að Stykkiseyjar ættu samkvæmt eldra samkomulagi að tilheyra Hergilsey eða þar til jöfnuður væri milli slægna Hergilseyjar annars vegar og Flateyjar hins vegar. Neðar í skjalið er skráður úrskurður sýslumanns um að það væri Flateyinga að sanna slíkan jöfnuð hefði hann náðst.[183] Í jarðaskölum Þjóðskjalasafns er einnig varðveitt eintak af skjali með undirritun Flateyinga og Hergilseyinga um að reynt hafi verið að ná sátt milli aðila um notkun Stykkiseyja og að Hergilseyingar myndu sleppa rétti sínum þar. Hergilseyingar undirrituðu að þeir myndu skjóta málinu til afgreiðslu stiftamtmanns.[184]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Flateyjar metinn 40 hundruð. Jörðin var að hálfu tilheyrandi kirkjunni á staðnum og að hálfu sjálfeignarjörð sem tilheyrði Kristínu Markúsdóttur í Vatnsfirði, séra Eggerti Guðmundssyni á Gilsbakka, Eggerti Ólafssyni og Jóni Eggertssyni í Hergilsey ásamt ábúandanum.[185]

Hinn 19. nóvember 1810 ritaði Pétur Kúld kaupmaður skjal þar sem hann kvaðst myndi, með tilliti til 20 hundraða hluta í Flatey, ætla að yrkja sjálfur og nota gras af hluta Stykkiseyja og bannaði hann um leið eigendum Hergilseyjar öll not og brúkun nefnds hluta undir viðliggjandi landnám, öfundarbót og viðurkvæmilegar lagasektir. Að sögn Péturs var um uppsögn að ræða á eldri skiptum frá 19. júlí 1783 og forboð á notkun eyjanna. Skjalið var upplesið og auglýst fyrir Eggerti Ólafssyni og Jóni Eggertssyni í Hergilsey þann 21. nóvember 1810.[186]

Á manntalsþingi 12. ágúst 1817 var þinglesið kaupbréf, dagsett 15. september 1807, hvar með prestsekkjan Kristín Markúsdóttir afsalaði Eiríki Kúld 10 hundruðum í Flatey á Breiðafirði móti jörðinni Ingunnarstöðum í Múlasveit, 16 hundruð að dýrleika, auk 140 ríkisdala. Einnig var upplesið kaupbréf, dagsett 16. september 1809, hvar Björn Gottskálksson í Hrappsey, í umboði séra Eggerts Guðmundssonar, afsalaði 10 hundruðum í Flatey til Eiríks Kúlds fyrir 606 ríkisdali.[187]

Hinn 31. ágúst 1819 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Eyjahrepps um eignarrétt á 10 hundruðum í Flatey. Guðmundur Scheving kaupmaður, fyrir hönd konu sinnar Halldóru Benediktsdóttur, lýsti brigðum á 10 hundruðum Eiríks P. Kúlds í jörðinni.

[182] Skjal nr. 2(41).
[183] Skjal nr. 2(42).
[184] Skjal nr. 2(43).
[185] Skjal nr. 2(76).
[186] Skjal nr. 2(44).
[187] Skjal nr. 2(237).

Málið endaði með sátt þannig að Eiríkur lofaði meðal annars að byggja þeim hjónum nefnd 10 hundruð, þ.e. Garða og Fjósakot.[188]

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt afrit nokkurra skjala um haustbeit í Flateyjarlöndum árið 1820, fjölda sauðfjár í Flateyjarbeitareyjum haustið 1821 og um kofnaafla í öllum Flateyjarlöndum. Meðal eyja sem taldar eru upp í skjölunum yfir haustbeit og beitingu sauðfjár árin 1820–1821 eru Innri-Stykkisey, Ytri-Stykkisey, Sultarhólmur, Sandey vestari, Lundaklettur, Skeley, Langey, Flatey, Teitsey og Diskæðarsker. Um kofnaafla er í skjalinu fjallað um Skeley, Teitsey, Langey, Sýrey, Efrilönd og Flathólma.[189]

Á manntalsþingi að Svefneyjum 11. júlí 1821 var þinglesið gjafabréf, dagsett 6. október 1820, hvar Eiríkur Kúld gaf Ólafi Sívertsen og Jóhönnu Friðriksdóttur 10 hundruð í bóndaeigninni í Flatey á Breiðafirði fyrir 600 ríkisbankadali. Þá var upplesið skjal, dagsett 12. apríl 1821, hvar viceráðsmaðurinn Michel Skibstæd og Arnold de Fine Skibstæd, sem skiptastjórar á búi Ole C. Olsens, afsöluðu 3/4 hlutum í versluninni í Flatey með tilheyrandi jörð til Guðmundar Schevings fyrir 1.350 ríkisbankadali.[190]

Með testamenti dagsettu 4. júlí 1827 og staðfestu 5. ágúst 1827 lýsti Eiríkur Pedersen Kúld því yfir að hann gæfi eftir sína daga tengdabróður sínum, séra Ólafi Sívertsen og hans konu Jóhönnu Friðriku, 11 hundruð og 80 álnir í jörðinni Flatey, fimm hundruð í jörðinni Hergilsey og 16 hundruð í jörðinni Hvallátrum á Breiðafirði. Skjalið var þinglesið í Svefneyjum 6. júlí 1835.[191]

Með afsalsbréfi dagsettu 3. júní 1842 seldi Halldór Kristján Friðriksson tengdabróður sínum, prófastinum Ólafi Sívertsen í Flatey, 80 álnir í jörðinni Flatey. Afsalsbréfið var þinglesið í Svefneyjum 6. júlí 1842.[192]

Á manntalsþingi í Svefneyjum 23. júní 1846 var þinglesið byggingarbréf frá Halldóru Benediktsen til Br. Benediktsens fyrir Innstabæ í Flatey, 10 hundruð að dýrleika, ásamt kirkjueign og hlunnindum. Bréfið var dagsett 9. nóvember 1839.[193]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Flatey metin 80 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telur að kirkjan eigi 40 hundruð af heimajörðinni, auk þeirra hér töldu 80 hundruða og enn fremur Sandey og Kirkjuklett. Nú sé eyjan öll 40 hundruð að dýrleika og þar af helmingur eign kirkjunnar.[194]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Flatey:

> Flatey: Þar eru mestar slægjur og einkum kofnatekja mest, duntekja í minna lagi, hagar yfirhöfuð góðir, en þó er haustbeit fyrir Sauðfé í besta lagi, káltekja er hér líka einna mest en Selveiði í meðallagi. Af því sem úteyarnar eru strjálar og langt til þeirra, þá er

[188] Skjal nr. 2(271).
[189] Skjal nr. 2(45).
[190] Skjal nr. 2(238).
[191] Skjal nr. 2(52).
[192] Skjöl nr. 2(53) og 2(239).
[193] Skjal nr. 2(240).
[194] Skjal nr. 4(1), bls. 179.

> ábúðin fremur ~~fremur~~ fólkskil og erfið – Eyan liggur allvel við sjóarabla, en bæði heima og í nokkrum úteyanna er flæðihætt fyrir Sauðfé.[195]

Á manntalsþingi að Svefneyjum 21. júní 1850 friðlýsti séra Eiríkur Kúld landi sínu í Eyjahreppi, þar á meðal í Flatey, sem og landi séra Ólafs Sívertsen.[196] Það sama gerði hann við manntalsþing að Svefneyjum 10. júní 1851.[197]

Með byggingarbréfi dagsettu 30. desember 1864 voru Ólafi Guðmundssyni byggð 10 hundruð í jörðinni Flatey, þar af fimm hundruð Innsta-Bæjar og fimm hundruð Fjósakots. Byggingarbréfið var þinglesið í Svefneyjum 11. júlí 1879.[198]

Hinn 13. október 1884 var skipt dánarbúi Guðmundar prófasts Einarssonar en meðal eigna hans var hálf Múlaeignin, sem var 30 hundruð í Skálmarnesmúla, þrjú hundruð í Skálmardal, sex hundruð í Hamri og þrjú hundruð í Selskeri. Einnig voru 10 hundruð í Flatey á Breiðafirði meðal eigna hans. Við skiptin eignaðist Katrín Ólafsdóttir ekkjufrú 26 hundruð í Múlaeigninni og sex hundruð og 60 álnir í Flatey. Ásthildur Guðmundsdóttir eignaðist 10 hundruð í Múlaeigninni og eitt hundrað og 20 álnir í Flatey. Ólafur Guðmundsson eignaðist fimm hundruð í Múlaeigninni og eitt hundrað og 40 álnir í Flatey. Þá eignaðist Theodóra Thoroddsen eitt hundrað í Múlaeigninni og eitt hundrað í Flatey. Skiptin voru lesin við manntalsþing að Vattarnesi og í Svefneyjum, en ekki er skráð í afsals- og veðmálabók hvaða dag þinglestur fór fram.[199]

Hinn 4. mars 1885 gaf Herdís Benediktsen í Reykjavík fóstur- og systursyni sínum, héraðslækninum Davíð Scheving Þorsteinssyni á Vatneyri, tvö og hálft hundrað í jörðinni Flatey. Gjafabréfið var þinglesið í Svefneyjum 29. maí 1886.[200] Sama dag gaf Herdís öðrum fóstur- og systursyni sínum, verslunarmanninum Guðmundi Scheving Þorsteinssyni í Kaupmannahöfn, tvö og hálft hundrað í jörðinni Flatey. Það gjafabréf var einnig þinglesið í Svefneyjum 29. maí 1886.[201]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Flatey var metin á 26.400 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru hrein nema á eina hlið, milli Flateyjar og Hergilseyjar, sem höfðu ekki verið samþykkt eða þinglesin. Fram kemur að jörðin hafi haft úteyjar, selveiði í Oddbjarnarskeri og hvalreka í Hergilsey en sú jörð átti einnig rétt á hvalreka í Flatey. Eigendur jarðarinnar voru Sigurður Jensson, Magnús Sæbjörnsson, Guðmundur Bergsteinsson, G. Sch. Thorsteinsson, Jónína Eyjólfsdóttir, Jón Sigurðsson og P. J. Thorsteinsson.[202]Við manntalsþing 8. júlí 1916 var þinglesið afsal Sigurðar Jenssonar til Guðmundar Bergsteinssonar fyrir fimm hundruðum í Flatey ásamt kaupstaðarlóð.[203]

[195] Skjal nr. 2(115).
[196] Skjal nr. 2(241).
[197] Skjal nr. 2(242).
[198] Skjal nr. 2(54).
[199] Skjal nr. 2(51).
[200] Skjal nr. 2(55).
[201] Skjal nr. 2(56).
[202] Skjal nr. 2(132).
[203] Skjal nr. 2(243).

Á manntalsþingi 29. júní 1928 var þinglesið afsal erfingja Guðmundar Einarssonar prófasts til séra Halldórs Kolbeins fyrir fimm hundruðum í Flatey fyrir 2.750 kr.[204]

Við manntalsþing 5. júlí 1930 var þinglesið afsal Kristjáns Bergssonar, f.h. dánarbús Magnúsar Snæbjörnssonar, til Ólafs E. Gunnlaugssonar á 10 hundruðum að fornu mati í Flatey ásamt húsum, fyrir 9.000 kr. Afsalið var dagsett 22. október 1928. Þá var einnig þinglesin dánargjöf frá Magnúsi Magnússyni til Magnúsar Andréssonar á fimm hundruðum að fornu mati í Flatey, svokölluðum Hólahundruðum, ásamt húsum.[205]

Við manntalsþing 22. júní 1936 var þinglesið afsal Ólafs Guðmundssonar til Þorvaldar Pjeturssonar, dagsett 10. júní 1935, fyrir svokölluðum Skemmuvallar-hundruðum í Flatey, fimm hundruð að fornu mati, fyrir 3.500 kr.[206]

Með lögum nr. 44/1966 var hreppsnefnd Flateyjarhrepps heimilað að taka eignarnámi þá ⅘ hluta lands Flateyjar sem enn voru í einkaeign.[207]

5.5.3 Hergilsey á Breiðafirði

Í umfjöllun um jörðina Flatey í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Hergilsey:

> A meðal Flateyjar landa er Hergilsey, sem bygð hefur verið til forna, en nú selstaða úr Flatey. Kann ei missast frá Flatey, selstöðunnar vegna.[208]

[301] Skjal nr. 2(48).
[302] Skjal nr. 2(49).
[303] Skjal nr. 2(63).
[304] Skjal nr. 2(50).
[305] Skjal nr. 2(137).

> Af jörðunni byggir Jón Ögmundsson fjórðúng Bárði Einarssyni, og uppber af honum eftir því, sem þeim báðum samankemur. Er þetta án special-húsbóndaleyfis. Bárður þessi hefur 2 heimilismenn fyrir utan sig.
>
> Hjer fyrir utan er húsmaður (eða rectius umhleypíngur) í húsum Jóns Ögmundssonar, að nafni Jón Finnsson.
>
> Hlunnindi eru þar engin, fyrir utan lítið eggvarp.
>
> Heimræði var þar tilforna (þá fiskurinn tilgekk) hið besta, og gengu þar til fiskjar um vorvertíð 7 bis 9 skip. Og var þar þá 2 fjórðúnga tollur af hverjum manni (af skipi enginn) til landsdrottins.[1])
>
> 1) Lýsíng Sauðeyja er á sjerstöku blaði með hendi Á. M. Þar við er lagt svohljóðandi brjef frá Jóni Ögmundssyni bónda í Sauðeyjum til Árna:
>
> Jeg vndirskrifadur auglijse firir Idur, heidarleige Herra Arne Magnusson Commencarij, landskulldar vpphæd á 20 hndr. jordinni Saudeijumm, sem þar med filgiandi kuijilldi. Eirninn huad firrskrifudumm Saudeijumm filgia á. I firstu 7 wættir i landskulld med 4um kugilldumm, 3 kijr og 6 ær. En nú j haust ad var vard eg ad skera eina kuna, sokumm heija leisis, med hushónda mijns leife, Ara Þorkelss sonar. En nu j vetur drapust firr skrifadar 6 ær vegna heialeisis. Enn tueimur hef eg hialpad á þeim heiumm, sem jeg á Saudeijumm feingid hefe, med þeim til stirk, sem jeg fieck vr odrumm slæu eijumm, sem var vr Flateijar londumm hladinn sexæringss farm og fimmmanna farss farm þar ad auke. En til landss edur sióar giæda á firrskrifadre jordu, Saudeijumm, er eij til ad taka til gagns muna sie edur hialprædiss, vndann teknu egguarpe litlu. Enn sagtt er ad jördinne Saudeijumm eige ad filgia, efttir kirkiunnar maldaga, Drapsker og Flata flaga so heita, enn hushóndi minn j biggingiu frá tekid hefur. En firer sinn gódann vilia hefur hann husbondi minn lied mier half skerinn og halfa flöguna til gagns muna, sem er lijtil selueide þá so hepnast, og egguarp. Enn ad ollu odru á setninga laus af hönumm. Enn vmm vppbigging á jordinne er þad i sannleika Idur ad seigia, ad eg tók firrskrifada jördu til husanna nidur nijdda og j eidi, en nú stædilega vppbiggt, sem godir menn sied hafa og sia, sem þangad koma. Lijka eirninn j eijumm sialfumm, er lijtil selueidi þá so hepnast. Þetta j sannleika skal eg beuijsa ef þorf krefur, huad eg ej framar veit enn hier vmm frammber. Hier med Idur gudi jafnann befalada j Jesu nafne Amen.
>
> Skrifad Oddbiarnarskere Anno 1703 dag 16. Junii.
>
> Jon Ogmundsson m. e. h.
>
> Neðst á blaðið er skrifað með sömu hönd: Firir gefid, Gofuge Herra, þó eg kiæme eij, sökumm forfalla, j þetta sinn. Gudi befaladir eijliflega.[306]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Sauðeyja metinn 20 hundruð. Jörðin var kirkjujörð frá Haga.[307]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sauðeyjar á Breiðafirði metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Hagakirkju.[308]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sauðeyjar:

> Saudeyar. Tún lítid en fremur grasgefid, úteyar litlar og fáar en grasgódar, þar er Selveidi bædi vor og vetur til muna, dún og káltekia gód og kofnatekia til gódra muna, Eyan liggur vel vid sióar abla, her er líka hrognkelsaveidi, en svartbaksúnga tekia valla teljandi; her eru talsverdar sióarhættur fyrir saudfie; Eyan er fremur erfid, því

[306] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 271–272, skjal nr. H-7.
[307] Skjal nr. 2(82).
[308] Skjal nr. 4(1), bls. 180.

> sióarföllum verdir at sæta vid alla ad drætti, líka er her mesta vatnsþraung einkum á þurka sumrum.[309]

Landamerkjaskrá Sauðeyja er dagsett 23. maí 1885 en hún var þinglesin 30. maí 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá jarðarinnar Sauðeyja í Barðastrandarhreppi innan Barðastrandarsýslu.
>
> 1.º að sunnanverðu skilur svokallaða Sauðeyaátt (er liggur frá hafi) austur úr honum midt sundið milli flötuflögu og útboða og beint í austur mitt í milli Kiðhólma og loftsboða og inneftir því sundi miðja millum díratinds og Prestskerja
>
> 2º að austanverður skilur mitt sundið milli díratinds og prestskerja og beint í austnorður milli Suðurskerja og oddleifseyar og þá til norðurs eptir miðjum flóanum milli Hestskjers og æðarskjersboða og svo norður á miðjann flóann milli æðarskjers og Hamarseya.
>
> 3º að norðanverður skilur miðurflóinn millum æðarskjersboða og Eingeyar og svo vestur eptir miðju Sundinu millum Rauðsdalshólma og sauðaness og svo í vestur mitt á milli Sauðeyar og Arnórstaða og midt milli Rauðsdalsklaufar og Glænefs.
>
> 4º að vestanverður skilur midt sundið millum Glænefs og stórfiskaskjers og beigist svo til suðvesturs mitt á milli Glænefs og Hagadrapskerja og mitt á milli Selaboða og Hagadrapskerja og svo í beinni lýnu út Breiðafjörð til Hafs. Allar þær eyar og skjer stór og smá sem eru innan framanskrifaðrar landamerkjalynu tilheira eya jörðinni Sauðeyum. Itök er Sauðeyum fylgja í öðrum jörðum er Skógarhögg til eigin nota svokallaðri Vatnsdalsmörk og er það í þeim hluta er Hagakirkju tilheyrir; engar jarðir eiga ítök í Sauðeyum.
>
> Hergilsey 23 dag Maímánaðar 1885.
>
> Jón Guðmundsson (Kaupmaður á Flatey).
>
> Framanskrifaðri Landamerkjaskrá er eg samþikkur firir mig og sameigendur mína að Hergilsey. Hergilsey 23. maí 1885. Kr. Jónsson.
>
> Framanskrifaðri landamerkjaskrá er eg samþykk að því er viðkemur bændaeigninni 1/3 af jörðinni Brjánslæk. Flatey 22 sept. 1890 Sigríður Johnsen
>
> Framanskrifaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er viðkemur jörðinni Arnórstöðum. Brjánslæk 25 sept. 1890. D. Sch. Thorsteinsson.
>
> Framanskrifaðri landamerkjaskrá er eg samþykkur að því er snertir „beneficium“ Brjánslækjar. p.t. Haga 27 sept. 1890. Þorvaldur Jakobsson.[310]

Í undirmati að fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Suðureyjar var metin á 7.500 kr. Tilgreint er að landamerkjabréf fyrir jörðina var ekki til. Þá kemur fram að jörðin hafi haft úteyjar í stað engja. Eigandi jarðarinnar var Hjálmar J. Guðmundsson.[311]

5.5.6.4 Fjörður á Skálmarnesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Múlahrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Fjörð á Skálmarnesi:

[309] Skjal nr. 2(116).
[310] Skjal nr. 2(16).
[311] Skjal nr. 2(138).

> **Fiordur.**
>
> Bænhús er hjer, og hefur hjer embætti flutt verið árlega í samfleytt 10 ár fyrir bóluna, þegar að heimamenn meðtóku sacramenti, en síðan bóluna, og so stundum fyrir áðurnefndan 10 ára tíma, hefur hjer ekki verið embættað.
>
> Jarðardýrleiki xxxvi hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni Ástríður Jónsdóttir, systir Torfa Jónssonar hjer búanda. Meinast til heimilis að Hóli í Bolúngarvík. Eigandi að iii hndr. áður nefndur Torfi Jónsson. Að xv hndr. lögrjettumaðurinn Sigurður Sigurðsson, að Flatey á Breiðafirði.
>
> Ábúandi á systur sinnar og sínum eigin parti velnefndur Torfi Jónsson. Ábúandi á xv hndr. Sigurðar Loftur Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur í betra lagi. Skógur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar nægur, en raftviðurinn tekur þó til að eyðast mjög. Torfrista og stúnga lök, einkanlega ristan. Eggver af æðifugli í nokkrum eyjum skamt fyrir framan landið, og fjarar í sumar. Það hefur áður gagnlegt verið, en nú mjög lítið, og fengust hjer í fyrra vor 60 egg, en í vor eð var nokkru meira. Fuglveiði, af teistikofu, mjög lítil. Selveiði er nú mjög lítil, en áður betri. Uppidráp er hjer enn að nokkru gagni, þá það er iðkað, í eyjunum, sem hjer liggja fyrir framan. Eggver af máfum í Fjarðarbjargi, er að nokkru gagni, en eftir þeim eggjum verður að síga í festi loftsig, og er þetta mjög erfitt. Brúkast því lítt. Hvannatekja í sama bjargi er nokkur, en brúkast ei, fyrir því að síga þarf ut supra. Engjarnar, sem á landi eru, eru stórlega af skriðum fordjarfaðar. Slægjur eru í 4 eyjum og fáeinum smáhólmum hjer fyrir framan. Þeim spilla stórflæðir og sjáfargángur, sem ber sand í rótina, og sprettur því lítt, og er hálf vika til að sækja í þær eyjarnar, sem að gagni eru. Úthagarnir eru nægir, þó þeir liggi sumir í fjarska. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, sem oft verður mein að, so fyrir ógönguklettum. Vatnsból er lágt og lítið, en þrýtur þó öldúngis ógjarnan.
>
> **Eidshus.** Forn eyðihjáleiga í úthögum fram með Kellíngarfirði, þar sem brúkast öðruhvörju selstaða frá heimajörðunni, og er sagt að hjáleigan hafi reiknast fyrir vi hndr. meðan bygðin varaði. Ekki vita nálægir að undirrjetta, hverjir byggíngarkostir á þessari eyðihjáleigu verið hafi – þar hefur ekki búið verið í lx ár eður lengur – og ekki hvað fóðrast hafi. Ekki er líklegt að þetta kot muni aftur byggjast, því túnið er orðið að graslitlum lýngmosamóum. Heyskapur er og mjög lítill þar nálægt.[312]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Fjarðar metinn 36 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð sem tilheyrði Eggerti Ólafssyni í Hergilsey. Með í matinu var eyðihjáleigan Eiðshús. Fram kemur að undirliggjandi eyjar verði fyrir sjávarágangi og sandfoki.[313]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fjörður á Skálmarnesi metin 36 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að sýslumaður einn telji jörðina aðeins 32 hundruð að dýrleika en árið 1805 var eyðihjáleigan Eyðihús talin með.[314]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fjörð:

> Fjørdur. Tún lítid og ógrasgefid, eingjar miklar en á sundrúngi, sumpart þeirra, Þó grasgódar, einkum til Eya, landrymi mikid og kostagott, vetrarbeit lítil; beitarland er undirorpid skemdum af árensli, Selveidi gód, ædarvarp teljandi, kofna og máfsúnga

[312] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 262–264, skjal nr. H-7.
[313] Skjal nr. 2(83).
[314] Skjal nr. 4(1), bls. 178.

> tekja eins, skógur mikill og gódur, her er flædihætta mesta bædi til lands og eya, líka er steinkast, hættulegt fyrir saudfje, úr fjöllum, henni hætt á haustum, Jördin er kostnadarsöm og erfid í frekara lagi.[315]

Landamerkjaskrá Fjarðar er dagsett 28. maí 1887 en hún var þinglesin 28. maí 1887. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Fjörð.
>
> landamerki að vestann verða i svartagil og sjónhendíngu til sjóar og landamerki milli Skálmardals Múla og Fjarðar frá Oxlinni og í Krossbrekkuholt og það fram á Þingmannaheiði það sem vötnum hallar að báðum löndum að sunnanverði lurká sem rennur ofann lurkárdal og i máfavatn þar er hólmi í vatninu er tilheirir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur úr vatninu lækur og í breiðavog og eptir breiðu í vestu út milli melrakka eyar og laungu flögu og vestann til við há hólm og eptir dipsta sundi milli Eingeiar og kambar þar suður og þá eptir miðu sundi vestann til við hestsker enn sunnann tíl víð þikkulönd. eirninn skal getið þess að Brjámslækarkírka á fjörunitíar frá kellingartanga að Sandvikurbóða.
>
> Firði þ. 28 maí 1887.
>
> Eigandi Guðrun Jónsdóttir
>
> Samþikkir firir Deildará L Jónsson Fyrir eiganda
>
> Fyrir Múla J. Þórðarson (umboðsmáður).[316]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Fjörður var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru ekki vel glögg en þó óátalin. Fram kemur að aðalengjar jarðarinnar hafi legið nær mílu sjávar á tvo vegu. Eigandi hennar var Ólafur Guðmundsson.[317]

5.5.6.5 Deildará á Skálmarnesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Múlahrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Deildará á Skálmarnesi:

> **Deilldará.**
>
> Jarðardýrleiki hefur lengstum haldinn verið xxiiii hndr., og so tíundast, nema um xii ár næst liðin. Þá hefur eigandi til sagt ábúanda að tíunda hana fyrir xx hndr., og so hefur hann gjört. Nú til segir umboðsmaður að hún skuli tíundast aftur fyrir xxiiii hndr.
>
> Eigandinn Eggert Sæmundsson að Sæbóli á Ingjaldssandi.
>
> Ábúandinn Bjarni Þorvaldsson.
>
> […]
>
> Útigángur í skárra lagi ut supra. Rifhrís til eldiviðar bjarglegt. Torfrista og stúnga næg. Reiðíngsrista næg fyrir heimili. Eggver af æðifugli mjög lítið, í nokkrum smá sjáfarhólmum hjer fyrir framan landið. Þetta eggver hefur stórum farið til rýrðar í nokkur ár, því það var áður að góðu gagni. Fuglveiði í sömu hólmum, af teistikofu, mjög lítil. Selveiði hefur áður gagnvæn verið; hún fer mjög til rýrðar, en brúkast þó enn. Túnið hefur spilst af skriðum, og tekið af því

[315] Skjal nr. 2(117).
[316] Skjal nr. 2(17).
[317] Skjal nr. 2(139).

> nokkurn part, en ekki hefur nýlega á það runnið. Engjarnar spillast af vatni, sem jetur úr rótina. Útlagarnir eru nægjanlegir. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.[318]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Deildarár metinn 24 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð sem tilheyrði Axel Þórólfssyni og Kristínu Jónsdóttur á Skálmarnesmúla. Á nokkrum undirliggjandi eyjum var æðarfuglavarp að hafa sem gaf af sér fimm pund af dúni og tvö pund af fiðri.[319]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Deildará á Skálmarnesi metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[320]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Deildará:

> Deildará. Tún lítid og snöggt, eingiar litlar en í medallagi grasgefnar, ~~en ecki grasgódar~~. Her eru landþreingsli, en í medallagi kostagott, vetrabeit lítil, Selveidi gód, ædarvarp gott, Hrognkelsaveidi gód, kofnatekia valla teljandi, her er flædihætt, Jördin er hæg.[321]

Landamerkjaskrá Deildarár er dagsett 28. maí 1887 en hún var þinglesin 28. maí 1887. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkiaskrá fyrir Deildará:
>
> 1, að sunnanverðu frá Deildarárfossi sjónhending í miðjan ósbotná á sjó út.
>
> 2, að vestanverður í Lurká í vestari kvísl sem rennur í mávavatn hólmi er í vatninu sem tilheyrir báðum jörðunum til jafnaðar þar rennur lækr úr vatninu í breiðavog svo eptir breiðavog í vestur út milli melrakeyar og laungaflögu og vestan til við háhólm og eptir dípsta sundinu milli Eingeyar og Þambar þar suður eptir miðju sundi vestan til við hestsker, sunnan til við þikknulönd, ein ey liggur fyrir Deildarárlandi sem fjarar í að nafni hellirsey er eign Múlakyrkju.
>
> Deildará 28 maí 1887.
>
> Fyrir hönd eigandanna ábúandi S. Jónsson.
>
> Samþykkir fyrir Fjörð Guðrún Jónsdóttir
>
> Samþykkur fyrir Hamar J Þórðarson (umboðsmaðr).[322]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Deildará var metin á 2.600 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru óglögg og engin landamerkjaskrá var til. Eigandi jarðarinnar var Lárus Benediktsson.[323]

5.5.6.6 Múli á Skálmarnesi (Skálmarnesmúli)

Í máldaga Vilchins fyrir Laurentíusarkirkju undir Múla á Skálmarnesi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Laurentiuskirkia vnder Mvla a Skalmarnesi a lannd ad Vrdumm og Hvijtingseyar oc Vattardal hinumm eystra meiginn allt ad Slo.
>
> skog ad Selskerium inn fra Vydimyri. c j landi i Selskeriumm.[324]

---

318 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 261–262, skjal nr. H-7.
319 Skjal nr. 2(84).
320 Skjal nr. 4(1), bls. 178.
321 Skjal nr. 2(117).
322 Skjal nr. 2(18).
323 Skjal nr. 2(140).
324 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 152, skjal nr. 4(54).

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna undir Múla frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian vnder Mula ä Skämanese ä land ad Vrdum og Huijtingseyiar og Vattardal hinum eystra meiginn alltt ad sio. Skog ad Selskerium jnn frä Vijdemyre. c. i lande i Selskerium.
>
> […]
>
> Jtem i jørdum. Selskier .xijc. leigd fyrer .iiij. ærgillde.
>
> Jtem .vjc. j Skälmärdal.
>
> Jtem .vjc. Hamar. Eyde.[325]

Í biskupsvísitasíu um Múlakirkju frá 7. september 1641 koma fram sömu efnistök og í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá árinu 1570 en þó var tekið fram að kirkjan hefði forðum átt eitt hundrað í landi Selskerja en ætti nú öll.[326] Sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 15. september 1700.[327] Í biskupsvísitasíu frá 17. september 1761 kemur fram að Múlakirkja átti Hvítingseyjar. Þar segir að Axel Þórólfsson hafi borið það fram að jörðin væri 60 hundruð að dýrleika að meðreiknuðum Hvítingseyjum, Vattardal eystra megin og landinu Urðum.[328]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Múlahrepp frá 1710 segir eftirfarandi um Skálmarnesmúla:

> **Mule** (á Skálmarnesi).
>
> Kirkjustaður.
>
> Jarðardýrleiki xlviii hndr., og so tíundast. En þessi jörð gengur almennilega kaupum og sölum fyrir lx hndr., og því skrifast hún hjer eftir þeim dýrleika, so sem henni er sundur skift meðal ábúenda.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni börn sál. Sr. Nicolausar Guðmundssonar, Finnur Nicolausson hjer heima og hans samarfar. Eigandi að hinum helmíngnum Sr. Árni Jónsson að Hvítadal í Saurbæ.
>
> Ábúandi á sínum og sinna samarfa xx hndr. og á xv hndr. af parti Sr. Árna áðurnefndur Finnur Nicolausson. Ábúandi á x hndr. sonarbarna Sr. Nicolausar þeirra móðir, Þórunn Jóhannsdóttir, og þar með á öðrum xv hndr. Sr. Árna.
>
> […]
>
> Í næstu 2 ár síðan bóluna hefur landskuld verið mjög lítil, en þetta ár engin, því jörðin byggist ei sökum fólkfæðu.
>
> […]
>
> Útigángur í lakara lagi. Skógur til raftviðar bjarglegur og til kolgjörðar og eldiviðar nægur, en liggur nokkuð í fjarska, þó í heimalandi fram á Vattardal. Torfrista og stúnga bjargleg. Silúngsveiði er nokkur í Vattardalsá, sem ekki brúkast fyrir fjarlægðar sakir. Eggver af æðifugli og dúntekja þar af hefur áður verið í 4um sjáfarhólmum. Það eggver hefur smásaman farið til rýrðar, er nú að mjög litlu gagni og valla teljandi í nokkur ár. Lunda og kofnatekja lítil í Heinarey og Hvítíngseyjum, hefur áður betri verið. Selveiði er að góðu gagni þá vel er aðsókt, þó að því sjeu áraskifti. Túninu hafa skriður spilt og

[325] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 586–587, skjal nr. 4(55).
[326] Skjal nr. 2(287).
[327] Skjal nr. 2(288).
[328] Skjal nr. 2(289).

> grjóthrun stórlega, og er sýnilegt að það muni meir og meir á aukast. Einn partur engjanna, sem er inn á hlíðinni, spillist af skriðum. Úthagarnir, sem nálægt staðnum liggja, eru mjög graslitlir, uppblásnir og skriðurunnir, en inn á Vattardal, nærri hálfa þingmannaleið í burtu (sem þó er heimaland), eru nægir hagar, og þángað brúkast selför jafnaðarlega, þó selvegurinn þyki lángur og seinfær. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum. Hreppamannaflutníngur að Vattarnesi er bæði lángur og seinfær. Hætt er staðnum og kirkjunni fyrir skriðufalli og grjóthruni, og hefur það mjög að staðnum og kirkjunni gengið, en þó ekki híngað til merkilegan skaða gjört, nema á einu fjárhúsi, sem grjóthrun úr fjallinu braut fyrir 2 árum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum af austnorðri. Heimræði er ekki teljandi. Þó hefur hjer áður í manna minni verið bragðað einstöku sinnum að róa heim og heiman, og var þá lángræði ærið, og því lagðist heimræðið af.
>
> **Svalbarde**. Eyðihjáleiga. Bygð í túninu fyrir vel xx árum, og varaði bygðin 2 eður 3 ár. Hefur síðan í auðn legið, og var þessi hjáleiga reiknuð fyrir v hndr. af parti Sr. Árna. Byggíngarkostir voru eftir proportion. Vide supra staðinn. Ekki má aftur byggja, nema til rýrðar við heimastaðinn.[329]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Skálmarnesmúla metinn 60 hundruð. Jörðin tilheyrði kirkjunni á staðnum að ⅕ hluta en af ⅘ hlutum var jörðin sjálfseignarjörð Ragnheiðar Davíðsdóttur ásamt þremur öðrum meðeigendum. Með í matinu var eyðihjáleigan Svalbarði.[330]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Skálmarnesmúli á Skálmarnesi metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem kirkjueign að ⅕ hluta og bændaeign að ⅘ hlutum.[331]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Skálmarnesmúla:

> Skálmarnesmúli. Tún stórt en ecki grasgefid, eingjar litlar og á sundrúngi, en grasgódar og grasgefnar í medallagi, landrými mikid en kostagott í medallagi, útibeit á vetrum í betra lagi, Selstada óhæg, en í medallagi kostagód, skógur gódur og mikill, Selveidi teljandi, ædarvarp ad litlum mun og kofnatekia eins, hrognkelsa veidi gód, Tún eingjar og beitarland liggur undir skemdum af skridum, her er flædihætt Jördin er hin erfidasta og kosnadarsöm skyldi hana nota til hlytar.[332]

Landamerkjaskrá Múla á Skálmarnesi er dagsett 28. maí 1887 en hún var þinglesin 28. maí 1887. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Skálmarnes Múla (eign Múlakirkju).
>
> 1. Að utanverðu i gil sem rennur að austanverðu í fjarðarhorni Vattarfjarðar.
>
> 2, að vestanverðu Vattardals eptir brún dalsins sem vötnum hallar i úti svonefnda ögsl og þaðan á brún og svo sem votnum hallar til Urðarhliðar út eptir fjallinu.
>
> 3 [og] svo að vestanverðu við Múlaland i svonefndan landamerkjalæk frá fjalli tilfjöru þaðan í merkjaskjer, sem næstlíggjandí jörð að vestanverðu á lögnín við, enn Múli að austan.
>
> Múla þ. 28 maí 1887.
>
> Samþikkur fyrir eígandi, J Þórðarson, umboðsmaður
>
> Samþikkur fyrir Vattarnes J. Guðmundsson.

[329] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 258–259, skjal nr. H-7.
[330] Skjal nr. 2(85).
[331] Skjal nr. 4(1), bls. 178.
[332] Skjal nr. 2(117).

[Samþikkur] fyrir Fjörð Guðrún Jónsdóttir

[Samþikkur] fyrir Jngunnarstaði Þórdís Ólafsdóttir.[333]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Skálmarnesmúli var metin á 5.600 kr. Tilgreint er að landamerki hennar voru á fylgiskjali nr. 1. Eigendur jarðarinnar voru Sig. Jensson og Hólmfríður Ebenesersdóttir.[334]

5.5.6.7 Hvallátur (Látur) á Breiðafirði

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Hvallátur/Látur á Breiðafirði:

Hvallátur (Latur).

Jarðardýrleiki xl hndr.

Jarðareigendur: Að hálfri börn Gísla sál. Sveinbjörnssonar og Gróu Gísladóttur. Að x hndr. Þórunn Snæbjörnsdóttir. Að x hndr. Steinvör Ögmundsdóttir.

Ábúendur: Á x hndr. Gróa Gísladóttir, á x hndr. Þórður Brandsson, á x hndr. Þórunn Snæbjörnsdóttir, á v hndr. Steinvör Ögmundsdóttir, á v hndr. Páll Guðmundsson.

[…]

Heimræði hefur þar verið, einkum gott á haustin, en nú er það af um nokkur ár. Þar eru eyjar margar og smáhólmar. Er bæði í þeim og heima á eyjunni eggver og dúntekja; hefur verið í besta máta, en mínkar um nokkur ár. Skiftist hvörttveggja eftir proportion millum ábúenda. Þar eru og slægjur. Lundatekja góð. Selveiði er þar í betra lagi. Uppidráp lítilsháttar þá til vill. Sölvafjara að litlu gagni. Skelfiskatekja lítilfjörleg. Selför er þar í aðra ey, og verður á skipi að flytja til og frá. Eldiviðartak er þar ei nema torf. Þar er mjög flæðihætt. Vatn þrýtur stundum í stórfrostum, og verður þá að þíða snjó til vatns.

Skip þar: Gróu ii, gengur annað í Oddbjarnarskeri. Þórðar i, gengur í Skeri til fiskjar. Þórunnar i, gengur í Skeri. Páls i, ekki sjófært, aðgjörðalaust. Af hvörju þessarra skipa og hverjum manni er tekinn 2 fjórðúnga tollur, og fer hann til Flateyínga.

Jörðin tíundast fjórum tíundum.

Húsmaður hefur þar verið til fardaga, Ólafur Jónsson og hans kona með einu barni. Nú í burt.

[…]

Tún, sem Páll hefur, er mikinn part þýft. Sæmilega grasgefið.

Um landskuld og kúgildi hjá Gróu, Þórunni og Steinvöru er óvíst, því þær og þeirra börn eru eignarmenn. Fiskur, sem Þórður og Páll eiga að gjalda, leysist nú í fiskleysinu eftir samkomulagi. Tún, sem Gróa og Steinvör hafa, eru álíka og hin.[335]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hvallátra metinn 40 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð tilheyrandi 17 einstaklingum úr hópi bænda sem hver átti ákveðinn hlut. Eyjarnar gáfu af sér æðardún, fiður, hrognkelsi, skarfakál og einnig voru stundaðar selveiðar sem gáfu af sér lýsi.[336]

[333] Skjal nr. 2(19).
[334] Skjal nr. 2(141).
[335] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 242–243, skjal nr. H-7.
[336] Skjal nr. 2(86).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hvallátur á Breiðafirði metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[337]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hvallátur:

> Hvallátur. Þar eru úteyar flestar en óvíða grasgefnar. Hagar eru þar mjög víðlendir en léttir – en heimahagar þó þraungvir og Ábúð eyanna því óhæg, þar er dúntekjan mest, Selveiði í betralagi – kofnatekja og einkum káltekja lítil – þar eru mestar sjóarhættur fyrir Sauðfé.[338]

Landamerkjaskrá Hvallátra á Breiðafirði er dagsett 27. maí 1889 en hún var þinglesin 12. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir eyja jörðina Hvallátur í Eyjahreppi innan Barðastrandarsýslu 40 hndr. að fornu máli.
>
> Fyrst að norðanverðu norðantil með norðasta Straumskeri, þaðan beina leið austnorðan til við Latrakobba sem er sker í austnorður af innri Látratöngum; þaðan beina leið í suður mitt á milli Borgarskers Latramegin en Skáleyjar Skáleyjamegin, síðan í landsuður austnorðan til við svonefnt Villusker og þaðan beina leið í landsuður átt í mitt þrætuklakkssund; þaðan beigist línan í austnorðurátt inn með svokölluðum Veiði-Hnúum mitt á milli þeirra og þrætuklakks í dýpsta sundið austnorðan til við þær millum þeirra og Fagureyjaskerja; svo beigist línan til útsuðurs út með áðurnefndum Veiðihnúum þartil hún beigist aptur í austur landsuður í svonefndan Landamerkja-boða, sem er í miðju sundinu í millum Kjalareyjarklappa og Kollhúuskers og landsuður fyrir Klápana í mitt sundið millum þeirra og Hróaldseyjarhólma; síðan beina sjónhending í suður útsuður út Sviðnasund og suður fyrir svonefnd Kópasker suður með þeim og allt útsuður fyrir Kobbaboða; þaðan liggur línan í háttnorður alla leið í dýpsta sundið millum Látrastrandahólma og Æðarskers og svo norður eptir í mitt sundið fyrir vestan Vörðeyjar; síðan beigist línan í þvernorður fyrir austnorðan Yxneyjar og í dypsta sundið fyrir austnorðan Hamarshólma í Svefneyjalöndum og beint vestur mitt Þrætuklakks sund er liggur vestur úr vestan til við klakkinn; fyrir utan Sprókseyjar-Reiðar vestur eptir mitt á millum Lokaskers-boða og Svefneyja-klofnings, þaðan vestur fyrir Svörtusker og heilt vestur á Prestaflögu, þaðan beina sjónhending að norðasta Straumskeri; er þá komið að því sem upp var hafið. Innan þessarar línu eiga Látur allar þær eyjar hólma flögur og sker er hún um lykur, að óátöldu nú á þriðju öld þar að auki netlög og fiskhelgi eptir lögmáli réttu.
>
> Flatey 27 maí 1889.
>
> Eyjólfur E Jóhannsson (ábúandi í Flatey) (samþykkur)
>
> Guðmundur Johannesson (ábúandi á Skáleyjum (samþikkur)
>
> Sigurður Jensson (ábúandi á Flatey) samþykkur.
>
> Sigríður Johnsen eigandi að 1 ½ hndr. að f.m
>
> Jon Bentsson eigandi að 2 hndr f.m.
>
> Sigurður Jensson fyrir hönd frú H Benediktsons eiganda að 2 ½ hndr. að f.m.
>
> Svenfeyjar 31 maí 1889.
>
> Þorarinn Þorláksson eigandi að 8 hndr. að f.m og sem umboðsmaður fyrir hönd frú Katrínar Olafsdóttur og kaupmanns P. Thorsteinssons eiganda að 7 ½ hndr. að f.m.
>
> H. Eyólfsson eigandi að 2 ½ hndr. að f.m. G Einarsson eigandi 2 ½ að fornu.

[337] Skjal nr. 4(1), bls. 179.
[338] Skjal nr. 2(115).

> B Jónsson eigandi 1 hndr og firir hönd sera E Kúld eiganda að 7 ½ hundraði.
>
> G. Jóhannesson ábúandi á Skáleyjum og 1 hndr. að f.m. í Látrum.
>
> Snæb Kristiánsson eigandi að 2 ½ hndr. í Látrum.[339]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hvallátur var metin á 19.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar væru ágreiningslaus og var vísað til landamerkjabókar sýslunnar. Fram kemur að jörðin hafi haft útslægjur í eyjum sem stutt var í. Eigendur jarðarinnar voru Ólafur Bergsveinsson, Hjálmar Guðmundsson, Kristín Pétursdóttir, P. Thorsteinsson, Snæbjörn Kristjánsson, dánarbú Ragnheiðar Jónsdóttur, Geir Zoëga og Flateyjarhreppur.[340]

5.5.6.8 Svefneyjar á Breiðafirði

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Svefneyjar á Breiðafirði:

> **Svefneyiar.**
>
> Jarðardýrleiki xl hndr.
>
> Jarðareigendur: að hálfri Petur Bjarnason að Staðarhóli. Að xiii hndr. og xl álnum Torfi Jónsson eða hans dóttir, Guðríður, eiginkvinna Sr. Gunnars í Stafholti. Að vi hndr. og lxxx álnum Sr. Páll Björnsson að Selárdal.
>
> Ábúendur: Á xx hndr. Gunnlaugur Ólafsson, á xx hndr. Helgi Auðunarson.
>
> […]
>
> Þar fylgja eyjar margar og smáhólmar. I þeim eru slægjur, lundatekja, dún og eggver, í meðallagi, og skiftist að jafnaði millum ábúenda. Selveiði að nokkru gagni, en hverful. Sölvafjara nokkur, ánægjanleg fyrir heimabændur. Hrognkelsafjara að nokkru gagni. Þar hefur verið heimræði, nú ekkert. Flæðihætt mjög.
>
> Skip á Gunnlaugur vi. Þar af gánga ii i Oddbjarnarskeri og i í Bjarneyjum. Fyrir venjulega tolla í skerinu, en tekst ei tollur af því í Bjarneyjum. Helgi iii; gengur þar af i í Bjarneyjum.
>
> Eyjarnar tíundast fjórum tíundum.
>
> Húskvensvift er þar í hænum. Guðný Jónsdóttir, óvinnufær. Geldur ekkert í húsaleigu. Kvikfjenaður hennar er i kýr, iiii ær. Skip á hún i, gengur til fiskjar í Oddbjarnarskeri. Gunnlaugur hefur umráð, umsjón og ávöxt á þessu, og veitir henni á mót alla forsorgun.[341]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Svefneyja metinn 40 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð tilheyrandi Þorbjörgu Bjarnadóttur í Sauðlauksdal og ábúandanum. Eyjarnar gáfu af sér æðardún, fiður, skarfakál og einnig voru stundaðar selveiðar sem gáfu af sér lýsi.[342]

---

339 Skjal nr. 2(20).
340 Skjal nr. 2(142).
341 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 246–247, skjal nr. H-7.
342 Skjal nr. 2(87).

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Svefneyjar á Breiðafirði metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir frá Stagley sem tilheyri Reykhólakirkju.[343]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Svefneyjar:

> Svefney: þegar litið er til Eyajardanna yfirhöfud í hrepp þessum er á eyu þessari, slæjur og dúntekja og kál hérumbil í meðallagi, hagar í betra lagi, kofnatekja fremur lítil og Selveiði mjög rír; Afstada Eyar þessarar er einhvör hin haganlegasta til aðdrátta og Hlunnindanotkunar. – Okostur er það mikill að mjög flædir hér Sauðpeníng.[344]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Svefneyjar var metin á 12.300 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru hrein og óátalin og var vísað til landamerkjabókar sýslunnar. Fram kemur að jörðin hafi haft útslægjur í Skjaldarey, Öxneyjum og Hrafnseyjum. Eigandi jarðarinnar var Hjálmar J. Guðmundsson.[345]

5.5.6.9 Rúfeyjar á Breiðafirði

Í biskupsvísitasíu um Staðarhólskirkju frá 10. september 1675 segir að Rauðseyjar og Rúfeyjar hafi fylgt Skarði.[346] Sömu efnistök koma fram í biskupsvísitasíu frá 10. september 1750.[347]

Í umfjöllun um Skarð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skarðsstrandarhrepp frá 1705 segir eftirfarandi um Rúfeyjar:

> **Rufeyjar**. Eru haldnar heimaland og hjáleiga frá Skarði.
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því þær tíundast öngvum.
>
> Ábúendur á hálfum Jón Jónsson, á hálfum Guðmundur Guðmundsson.
>
> […]
>
> Eggver og dúntekja er lítilsháttar. Lundatekja erfið og mjög lítil. Selveiði lítilfjörleg. Uppidráp hefur verið lítið, nú ekkert. Heimræði hefur áður gott verið, en nú er það ekkert vegna fiskgengdarleysis. Flæðihætt bæði fyrir naut og fje. Torfrista so nær engin. Eldiviðartak ekkert. Vatn þrýtur oft, og verður daglega á skipi að flytja að heiman vatnið handa kúm að drekka, en þegar stórviðri hindra það leggja kýr á sund, og drepast stundum af því. Á skipi verður að fara að mjólka pening; stundum banna það stórviðri, so peningur missir máls. Kirkjuvegur til Skarðs mjög bágur.
>
> ii báta á ábúandinn Jón, og gengur annarhver til fiski í Bjarneyjum. i skip á Guðmundur, og heldur því til fiski í Bjarneyjum.
>
> Húsmaður er þar hjá Jóni, Narfi Halldórsson.
>
> Á að gjalda nokkuð í húsaleigu, en óákveðið hvað mikið. Heimilismenn hans iii. Forsorgast á sjóróðrum sínum og sinnar eiginkonu. Nýtur einskis af jörðu.
>
> Annar húsmaður er hjá Guðmundi, Ólafur Þorgrímsson.
>
> Geldur ekkert í húsaleigu.

[343] Skjal nr. 4(1), bls. 179.
[344] Skjal nr. 2(115).
[345] Skjal nr. 2(143).
[346] Skjal nr. 2(290).
[347] Skjal nr. 2(291).

> Forsorgast sumpart á gefins veittu þar heima, sumpart á sjóróðri, sumpart á ölmusu annarstaðar.
>
> Nýtur einskis af jörðu.[348]

Í jarðamati Dalasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Rúfeyja sagður óviss. Rúfeyjar voru hjáleiga frá Skarði en fram kemur að þessi hjáleiga tilheyrði Skarðskirkju. Um eyjar segir eftirfarandi:

> Endnu ere her i nærsiden beliggende 3de Kirke paa Skard separat til hörende öde Öen neml. Store Olafsöe Konguröe og Langöe. –
>
> Som alle ere ubeboelige, og bruges af Skards Beboere, eller dem, disse overlade bruget til. -
>
> […]
>
> Af Ederduun kan her faaes pr. Aaret 7 1/8 pund reenset
>
> og af Fuglefiedre 185 pund.
>
> Separat vilde disse Öer være saaledes at evalueres.
>
> Store Olafsöe.
>
> for 2 ½ koefoder
>
> 2 pund reenset Duun
>
> og 5 pund Fuglefiedre.[349]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Rúfeyjar á Breiðafirði skráð sem hjáleiga frá Skarði á Skarðsströnd en dýrleika hennar er ekki getið.[350]

Í jarðamati Dalasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Rúfeyjar:

> Rufseyar hjaleiga fra Skardi med sér skildum landamerkjum – túnlaust, lítilfjörlegt gras enn notalegt, dúnteka, fuglatekja, Selveidi a vorinn og fjárbeit á haustin nokkur, torfristu og eldivid vantar, flædihætt og bráda sótt – Þessar eyar eru metnar til 350rbd. [351]

Landamerkjaskrá Rúfeyja er dagsett 7. júlí 1918 en hún var þinglesin 24. júní 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki Rúffeyja.
>
> Að austan skilur röstin milli Rauðeyja og Rúffeyja, að norðan eru norðursker og djupið þar út, að vestan er ~~Kálfadjúpið~~ Kálfaboði vestastur, að sunnan ræður röstin milli Rúffeyja og Staðarhólseyja (Djúpeyja).
>
> Skarði 7. julí 1918
>
> Bogi Magnúsen[352]

Í undirmati að fasteignamati Dalasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Rúfeyjar var metin á 3.500 kr. Fram kemur að talið var að fjórar eyjar og nytjahólmar tilheyrðu jörðinni. Eigandi jarðarinnar var Bogi Magnúsen. Um landamerki segir:

---

348 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 140–141, skjal nr. H-7.
349 Skjal nr. 2(88).
350 Skjal nr. 4(1), bls. 170.
351 Skjal nr. 2(118).
352 Skjal nr. 2(21).

> „Að austan skilur röstin milli Rauðseyja og Rúfeyja, að norðan eru Norðursker og djúpið þar út, að vestan er Kálfaboði vestastur, að sunnan ræður röstin milli Rúfeyja og Staðarhólseyja (Djúpeyja)[353]

5.5.6.10 Staðarhólseyjar (Galtareyjar/Djúpeyjar) á Breiðafirði

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skarðsstrandarhrepp frá 1705 segir eftirfarandi um Galtareyjar:

> **Galltareyjar.**
>
> Eign kirkjunnar að Staðarhóli.
>
> Jarðardýrleiki er nú óviss, því eyjarnar tíundast ekki, en í gömlum documentum finst að þær hafi kallaðar verið xvi hndr.
>
> Þær eru í eyði og hafa oftlega verið, en stundum þar á milli bygðar nokkur ár í bili í hvert sinn.
>
> […]
>
> Eggver og dúntekja er þar í minna lagi. Lundatekja í meðallagi. Sölvatekja að nokkru gagni. Skelfiskatekja nokkur. Selveiði má vera að gagni. Reki gæti verið ef til vildi. Heimræði hefur þar fyrrum verið gott; nú er það aldeilis frá vegna fiskgengdarleysis. Beit fyrir fje kann þar að vera nokkur á vetur. Flæðihætt er þar víða. Vatn þrýtur oft, og fyrir það kunna eyjarnar varla eða ekki að byggjast.[354]

Í jarðamati Dalasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Staðarhólseyjar:

> Stadarhólsdiúpeyar. nl. Galtareÿ, Tréseÿ, Líney med undirliggandi flögum og skjerium. Þar er dúnteka nokkur, fuglatekja til muna, heiskapur fljóttekinn og gódur og fjarbeit ad haustinu, vorselveidi lítil, en haustsels uppidrap talsverdt, er telst ejanna lang mesti ardur, ~~kaltekja mikil~~ á svokölludu ædarskjeri. Þessar Eyar eru metnar í einu hljóði 700rbd .[355]

Landamerkjaskrá Staðarhólseyja er dagsett 17. apríl 1884 en hún var þinglesin 28. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá
>
> fyrir Staðarholseyjar í Skarðsstrandarhreppi
>
> með kringumliggjandi flögum og skerjum eptir djúpi allt í kring um ofan greindar eyjar.
>
> Melum 17. apríl 1884
>
> Þ. Bergsveinsson ábúandi
>
> Sem eigandi að Folaldshólma Rauðseyjum og Rúgeyjum I.Magnúsen[356]

Í undirmati að fasteignamati Dalasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Staðarhólseyjar var metin á 3.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin 28. maí 1884. Fram kemur að eyjunum voru taldir til heyja þrjár eyjar og þrír nytjahólmar alls. Enn fremur kemur fram að þær voru í eyði. Eigendur þeirra voru Jón Magnússon, Arnór Árnason, Indriði Indriðason og Snorri Jóhannsson.[357]

---

353 Skjal nr. 2(144).
354 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 130, skjal nr. H-7.
355 Skjal nr. 2(118).
356 Skjal nr. 2(22).
357 Skjal nr. 2(145).

5.5.6.11 Hafnareyjar við Skarðsströnd

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Skarðsstrandarhrepp frá 1705 segir eftirfarandi um Hafnareyjar á Breiðafirði, þ.e. við Skarðsströnd:

> **Hafnar eyiar.**
>
> Jarðardýrleiki vi hndr.
>
> Jarðareigandi Arnfríður Eggertsdóttir að Skarði.
>
> Þessar eyjar eru stundum bygðar, stundum óbygðar; nú eru þær í eyði. Eru almennilega haldnar og meintar afbýli frá Melum, so Melar með þeim hafi áður reiknast fyrir xxx hndr.
>
> […]
>
> Eggver og dúntekja er þar lítilsháttar. Lundatekja lítil. Sölvatekja nokkur. Heimræði hefur fyrrum gott verið, en er nú aldeilis frá, vegna fiskgengdarleysis. Selveiði mætti vera. Flæðihætt er þar mjög. Vatn þrýtur oft. Grasvöxtur mjög lítill.
>
> Þær kunna varla eða ekki að byggjast fyrir grasleysi og vatnsleysi, og einkum fyrir fiskleysi, þar heimræðið slær feil.[358]

Í jarðamati Dalasýslu 1804 er dýrleiki Hafnareyjar metinn sex hundruð. Eyjan var ekki í byggð en nýttist með jörðinni Melum.[359]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir í neðanmálsgrein um jörðina Mela á Skarðsströnd að árið 1805 séu Hafnareyjar nýttar með Melum.[360]

Í jarðamati Dalasýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hafnareyjar:

> Hafnareyar 6 hndr. að dyrleika, nú í Eidi enn brukadar undir Mela. Þar er dúntekja og fuglaveidi nokkur, selveidi á haustum og lítilsháttar á vorum, slægiur eru þar eirneiginn, enn snöggvar; haustbeit er þar fyrir Saudfé, en flædi hætt mjög. – Eyar þessar eru metnar til 250rbd. [361]

Landamerkjaskrá Hafnareyja er dagsett 17. apríl 1884 en hún var þinglesin 28. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá
>
> Fyrir Hafnareyjum í Skarðsstrandarhreppi.
>
> Milli Staðarhólseyja og Hafnareyja með kringum liggjandi skerjum eptir því sem djúp vísar til
>
> Melum 17 apríl 1884
>
> Þ. Bergsveinsson eigandi að 2hndr 30 al, að fornu mati.
>
> I. Magnúsen eigandi að ¼ hluta
>
> Jón Magnússen eigandi að ¼ hluta.[362]

Í undirmati að fasteignamati Dalasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hafnareyjar var metin á 2.500 kr. Tilgreint er að landamerki hennar hafi verið þinglesin 28. maí

[358] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 129–130, skjal nr. H-7.
[359] Skjal nr. 2(89).
[360] Skjal nr. 4(1), bls. 169.
[361] Skjal nr. 2(118).
[362] Skjal nr. 2(23).

1884. Fram kemur að eyjarnar voru í eyði og óbyggilegar vegna vatnsleysis. Enn fremur kemur fram að talið var að þrjár eyjar og einn hólmi til nytjar tilheyrðu jörðinni. Eigandi jarðarinnar var Þorlákur Bergsveinsson.[363]

5.5.6.12 Bjarnarhöfn í Helgafellssveit

Í máldaga Vilchins fyrir Nikulásarkirkju í Bjarnarhöfn frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Nichulaskirkia i Biarnarhofn a land ad Gudnyarstödumm.
>
> […]
>
> skog j Hrijsdal.[364]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna í Bjarnarhöfn frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian i Biarnarhoffn. ä land ad Gudnijarstødum.[365]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Helgafellssveit frá 1702 segir eftirfarandi um Bjarnarhöfn:

> **Biarnarhöfn.**
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.
>
> Kirkja er heima á jörðunni.
>
> Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum.
>
> Ábúandinn Vigfús Árnason.
>
> […]
>
> Tún er vítt, sljett, grýtt og harðlent.
>
> Engjar víðar, votar, snöggslægar en grasgóðar.
>
> Hagar góðir, þrönglent heima.
>
> Selstaða erfið með góðum högum.
>
> Vetrarþúngt.
>
> […]
>
> Móskurður bjarglegur enn nú.
>
> Jörðunni fylgir afrjett, þángað er lamba upprekstur úr Helgafellssveit allri, og er goldið í toll i lamb af xx; fjórðúng gjalda þeir, er færri reka. Tekur ábúandi þessa lambatolla.
>
> Jörðunni fylgja sker, kölluð Stángasker; þar í er selveiði og sölvatekja.
>
> Jörðunni fylgir búð og skipsuppsátur í Höskuldsey.
>
> Nokkrir þykjast heyrt hafa, að jörðunni eigi að fylgja búðarstaða og skipsuppsátur í Akureyjum og tröð nokkur, umgirt slægjuland.
>
> Heimræði er þá fiskur er, en lángræði.
>
> […]

[363] Skjal nr. 2(146).
[364] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 172, skjal nr. 4(75).
[365] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 603, skjal nr. 4(76).

Tún, engjar og úthagi liggur undir skriðum so mjög spillist.

Jörðunni fylgja hjáleigur. Kallast

Hallskot.

Reiknast með jarðarinnar dýrleika.

Ábúandinn Hallur Guðmundsson.

[…]

Tún af heimatúninu, eins á sig komið.

Engjar, hagar og selstaða ásamt heimajörðunni.

[…]

Steindórskot

reiknast með jarðarinnar dýrleika.

Ábúandinn Steindór Greipsson.

[…]

Tún er með því grýttasta af heimatúninu.

Engjar, hagar og selstaða með heimajörðunni.

[…]

Skemma

reiknast með heimajörðunni í dýrleik.

Ábúandinn Jón Jónsson.

[…]

Tún, engjar, hagar, selstaða er sama með heimajörðunni.

[…]

Ámírar

reiknast með heimajarðarinnar dýrleika.

Ábúandinn Guðmundur Sigurðsson.

[…]

Túnið er lítilfjörlegt og nær affallið af skriðu.

Engjar góðar.

Hagar góðir í selstöðu heimajarðarinnar, þar sem hjáleigan stendur.

[…]

Sölvafjara er þar lítilsháttar.

Selveiði lítilsháttar.

Móskurð hafa allar þessar hjáleigur í heimajarðarinnar landi.

Heimræði mætti vera á þessarri hjáleigu, en brúkast nú ekki.[366]

Í biskupsvísitasíu um Bjarnarhafnarkirkju frá 8. september 1751 segir jarðirnar Guðnýjarstaðir og Bjarnarhöfn hafi þá tilheyrt konungi, en áður hafi kirkjan átt jörðina

[366] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 331–334, skjal nr. H-7.

Guðnýjarstaði.[367] Í biskupsvísitasíu frá 24. september 1758 koma sömu upplýsingar fram nema þá hafi jarðirnar heyrt til Stapaumboðs.[368]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1804 er dýrleika jarðarinnar Bjarnarhafnar ekki getið. Jörðin var nýtt af fyrsta lækni í Vesturamtinu. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi um Hafnareyjar:

> De her udenfor beliggende öde Öer Havnarejar eller (Biarnarhafnarejar) kaldeded kongen tilhörende har de sidste 30 Aar lagt öde, men været brugte af Beboerne af Biarnarhöfn
>
> afgiver Foder for 1½ Koe
>
> Paa disse Öer falder Ederfuglevarp og der af efter middeltal pr Aar 3 pund reenset Duun –
>
> Ligeledes Fugle fangst som afgiver 25 pund Fiær pr. Aar. –
>
> Øerne ere ubeboelige formedelst mangel paa Vand, skal og saa kun have været beboede i nogle faa Aar, den Tid Fiskeriet mest florerede. –
>
> Efter Navnet at slutte maae de i begyndelsne have været underliggende Jorden Biarnarhöfn, og var som ovenmeldt der fra bleven brugte, da denne er den nærmeste Jord. –
>
> At de her var bleven givet Plads men intet eget Matricul Nº var af den Aarsag at de formodes stedse at blive brugte med Biarnarhöfn Hiemmegaard, synes tillge der mod burde combineres; (ligesom og Öen Melrackaöe under Setberg Nº 16 i foregaande[369]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bjarnarhöfn í Helgafellssveit skráð sem bændaeign en dýrleika hennar er ekki getið. Í neðanmálsgrein segir að sýslumaður telji Hafnareyjar með Bjarnarhöfn.[370]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bjarnarhöfn:

> Bjarnarhöfn: bóndaeign, 40 hndr. ad dírleika, med taldar hjáleigurnar Efra og Nedrakot og Ámyrar hvörjar 2 fyrstnefndu hafa engin landamerki fráskilin, og virdast því med Bjarnarhöfn. Ámýrar hafa landamerki og metast því sérskildar. Nú er Bjarnarhöfn sjálf til tíundar talin 20 hndr. Ámýrar 10 hndr. og Efra og Nedrakot hvört 5 hndr. en afgjald alls þessa er nú talid 10 vætta landsk. og 6 kúgyldi. Tún Bjarnarhafnar er afbragds gott, slétt og grasgéfid og af töluverdri stærd, og sama má segja um bædi kotatúnin. Engjar eru hér afbragsdsgódar í öllu tilliti og hægar, en ekki eru þær fríar vid áruna sumarbeit er afbragdsgód en vetrarríki er töluverdt; torfritsta rétt gód, mótak í medallagi; ardsöm hrognkélsaveidi er hér. Afréttur fylgir á Bjarnarhafnarfjalli fyrir lömb, sem gétur géfid töluverdann ard. Skér heira hér undir, Stángasker köllud, sem hafa mættu selveidi vid, enn géfa ekki annan ard. beitarlandid er undirorpid skridu áruna. Bjarnarhöfn virdist í einu hljódi:
>
> heimajördin (20 hndr.) 600ᵉ
>
> Efrakotshjáleiga (5 hndr.) 130ᵉ
>
> Neðrakotshjáleiga (5 hndr.) 170ᵉ
>
> 900ᵉ [371]

[367] Skjal nr. 2(292).
[368] Skjal nr. 2(293).
[369] Skjal nr. 2(90).
[370] Skjal nr. 4(1), bls. 154.
[371] Skjal nr. 2(119).

Landamerkjaskrá Bjarnarhafnar er dagsett 7. júní 1884 en ekki er getið um þinglýsingardag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki að Bjarnarhöfn eru sem hér segir:
>
> Yfir Fagradal í Bjarnarhafnarlandi er há fjallsbrún að sunnanverður og um miðjan dalinn stendur á brúninni hár klettur, sem er kallaður Kothraunskista, þaðan liggur fjallabrún í útnorður og svo í vestur út á svokallaðan Syðra-Háfshaus, þá tekur við Hvanngil er liggur niður klettana, Lambaklett og Fuglsberg og svo beint niður með skriðunni og niður læk er rennur að sunnan verður við Hrygginn til sjávar. Þetta eru landamerkin milli Selja og Bjarnarhafnar og Ámýra, sem liggur undir Bjarnarhöfn. Eiga Seljar land að sunnan verðu en Bjarnarhöfn og Amýrar að norðanverður. Svo úr áður nefndri Kothraunskistu niður í foss, sem er í áður nefnds dals mynni, beina sjónhending í grjótgarð, sem er að sunnan verður við réttina í Lambhaganum. Þetta verður rétt nálægt ánni, en bæði breytir hún sér til norðurs og suðurs svo ekki er glöggt að fara eptir rás hennar. Úr garðinum liggur land austur í 2 stóra kletta að vestan verðu við Skollagötugren, úr klettum þeim aptur beint í norður í merkjagarð á milli Berserkjahrauns og Bjarnarhafnar og þaðan beint í austnorður til sjávar. Hér á Kothraun land að sunnan verðu móts við Bjarnarhöfn, og Berserkjahraun að austan verðu. Undir jörðina liggja Ámýrar, eyjarnar Hafnareyjar, Guðnýjarstaðahólmar, Danskur og Stangaskér 5 að tölu. Ítak á jörðin, búðarstæði og báts uppsátur í Höskuldsey
>
> Bjarnarhöfn 7. Júní 1884.
>
> Þorleifsson (eigandi að Bjarnarhöfn)
>
> KKonráðsson (ábúandi á Seljum)
>
> Jón Jónsson ábúandi á Kothrauni.
>
> Guðfinna Þorgeirsdóttir eigandi að Berserkjahrauni.[372]

Í biskupsvísitasíu um Bjarnarhafnarkirkju frá 21. júlí 1891 kemur fram að kirkjan hafi haldið sínum eignum og ítökum óskertum og að landamerkjaskrá fyrir eignunum hafi verið þinglýst.[373]

Í undirmati að fasteignamati Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bjarnarhöfn með Guðnýjarstöðum, Hrútey og Hafnareyjum var metin á 14.900 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru ágreiningslaus samkvæmt landamerkjaskrá dagsettri 7. júní 1884. Fram kemur að með jörðinni fylgdu hlunnindi í Hrútey og Hafnareyjum. Enn fremur kemur fram að jörðin hafði selveiði í Stangarskerjum. Eigandi hennar var Thór Jenssen.[374]

5.5.6.13 Hafnareyjar í Helgafellssveit

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Helgafellssveit frá 1702 segir eftirfarandi um Hafnareyjar:

> **Hafnareyiar.**
>
> Jarðardýrleiki er hjer óviss, því jörðin tíundast öngvum.

[372] Skjal nr. 2(24).
[373] Skjal nr. 2(294).
[374] Skjal nr. 2(147).

> Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum.
>
> Ábúandinn Guðmundur Jónsson.
>
> […]
>
> Tún grýtt og spillist af sandi, sem fýkur á.
>
> Hagi lítill því mjög er þrönglent.
>
> Selstaða kaupist á landi, ef þar skal töluvert peningur vera.
>
> […]
>
> Eldiviður og torfrista kaupist á landi.
>
> Sölvatekja lítil.
>
> Fjörugrös, en ei stórum að gagni.
>
> Heimræði til fiskjar.
>
> […]
>
> Lundi legst þar inn í urð, en næst ekki vel.
>
> Sjór brýtur þar lítilsháttar stundum í sjáfargángi.
>
> […].[375]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1804 er dýrleika jarðarinnar Bjarnarhafnar ekki getið. Jörðin var nýtt af fyrsta lækni í Vesturamtinu. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi um Hafnareyjar:

> De her udenfor beliggende öde Öer Havnarejar eller (Biarnarhafnarejar) kaldeded kongen tilhörende har de sidste 30 Aar lagt öde, men været brugte af Beboerne af Biarnarhöfn
>
> afgiver Foder for 1½ Koe
>
> Paa disse Öer falder Ederfuglevarp og der af efter middeltal pr Aar 3 pund reenset Duun –
>
> Ligeledes Fugle fangst som afgiver 25 pund Fiær pr. Aar. –
>
> Øerne ere ubeboelige formedelst mangel paa Vand, skal og saa kun have været beboede i nogle faa Aar, den Tid Fiskeriet mest florerede. –
>
> Efter Navnet at slutte maae de i begyndelsne have været underliggende Jorden Biarnarhöfn, og var som ovenmeldt der fra bleven brugte, da denne er den nærmeste Jord. –
>
> At de her var bleven givet Plads men intet eget Matricul Nº var af den Aarsag at de formodes stedse at blive brugte med Biarnarhöfn Hiemmegaard, synes tillge der mod burde combineres; (ligesom og Öen Melrackaöe under Setberg Nº 16 i foregaande[376]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir í neðanmálsgrein um jörðina Bjarnarhöfn í Helgafellssveit að sýslumaður telji Hafnareyjar með Bjarnarhöfn.[377]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Hafnareyjar:

> Hafnareyjar: í eydi, brúkadar undir Bjarnarhöfn, bóndaeign, tíundadar 10 hndr. afgjald óvíst; enn forngyldan var 1½ vætt, og ekkért kúgyldi. graslendi er hér og slægjur allt

[375] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 343, skjal nr. H-7.
[376] Skjal nr. 2(90).
[377] Skjal nr. 4(1), bls. 154.

ad 2 kýrfódrum, fjárbeit á haustdag, enn flædihætt mjög, dúntekja töluverd og kofnatekja.

Eyarnar metast til 400rbd [378]

Í undirmati að fasteignamati Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bjarnarhöfn með Guðnýjarstöðum, Hrútey og Hafnareyjum var metin á 14.900 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru ágreiningslaus samkvæmt landamerkjaskrá dagsettri 7. júní 1884. Fram kemur að með jörðinni fylgdu hlunnindi í Hrútey og Hafnareyjum. Enn fremur kemur fram að jörðin hafði selveiði í Stangarskerjum sem fylgdu jörðinni. Eigandi hennar var Thór Jenssen.[379]

5.5.6.14 Akureyjar í Helgafellssveit

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Helgafellssveit frá 1702 segir eftirfarandi um Akureyjar:

Akureyiar.

Jarðardýrleiki xxiiii hndr. Áður hefur hún haldin og tíunduð verið xxx hndr. til Anno 1690.

Kóngsjörð, ein af Stapaumboðs jörðum.

Ábúandinn Helgi Ögmundsson.

[…]

Túnið er þýft og grasgefið.

Slægjur eru þar nokkrar aðrar.

[…]

Heimræði er þar þegar fiskast.

Sölvafjara nægileg fyrir ábúanda ef iðkuð er.

Fjörugrös nokkur.

Skelfiskur til nokkurs gagns.

Selveiði hefur til forna verið, en nú engin um lánga tíma.

[…]

Jörðin á selstöðu í Bjarnarhafnar landi, xii kúgilda beit.

Eldiviðar torfskurð hefur ábúandinn í Stóru Selja landi, kóngsjörðu, með umboðshaldarans leyfi, tolllaust.

Heytorf þarf til að kaupa.

Vatnsból slæmt þegar það vanalega þrýtur.

Eyjunni fylgir ein ey, heitir Skeley, og ii smáhólmar. Þar í eru lítilsháttar slægjur.

Búð ein er þar, sem hefur grasnyt.

Búðarmaður Árni Ólafsson.

[…]

Selstöðu hefur hann með heimabónda á landi.

[378] Skjal nr. 2(119).
[379] Skjal nr. 2(146).

> […]
>
> Önnur búð er þar sem hefur grasnyt.
>
> Búðarmaður Villas Jónsson.
>
> […]
>
> Selstöðu brúkar hann á landi með heimabónda.
>
> […]
>
> Búðir eru þar uppi iii aðrar grasnytjarlausar, eru nú í eyði, því ei fást bygðar fyrir fiskleysi.
>
> […]
>
> Ein búð hefur þar og verið grasnytjarlaus, nú niður fallin fyrir nokkrum árum.
>
> Á eyjunni hefur áður verið verstaða, en nú fyrir fiskleysi aflögð.
>
> Sand grefur undan túninu af sjó í einum stað og fellur niður jörðin, so þar af mínkar túnið.
>
> Þar koma sundum stórkostlegir vindar, hættir fyrir hús, hey og skip.[380]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1804 er dýrleiki Akureyja metinn 24 hundruð. Jörðin var konungsjörð. Meðfylgjandi voru Skeley og tveir litlir hólmar.[381]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Akureyjar í Helgafellssveit metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Stapaumboðs. Í neðanmálsgrein segir að árið 1805 sé Skeley og tveir ónefndir smáhólmar taldir með.[382]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Akureyjar:

> Akureyjar: af sama umbodi [Arnarstapa] eyajörd, talin 24 hndr. leigumáli eru 7 vætt. í landskuld og 3 kúgyldi er sýnist of hardt hvad kúgyldin snertir. Tún er hér alsæmilegt ad stærd og gjædum, enda hefir jördin ekki adrar slægjur nema í Skéley er liggur þar undir, og hvar kríuvarp er töluverdt, og 2 smáhólmum ödrum lítilsháttar; beitiland er á heimaeyunni fyrir kýr á sumrum og fáeinar kyndur á vetrum, en flædihætt er þar fyrir saudfé; vedrasamt er hér fremur skarandi af sudri. mótak verdur ad kaupa og sækja til lands, eins og torf; Eyarnar liggja vel vid fiskiveidum; hrognkélsa og selveidi má hér nota. Dúntekja er ad gódum mun, og lítilsháttar kofnatekja.
>
> Jördina meta matsmenn til 500rbd [383]

Landamerkjaskrá Akureyja í Helgafellssveit er dagsett 18. maí 1889 en ekki er getið um þinglýsingardag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Akureyar í Helgafellssveit
>
> 1. Heima-eyjan, með sínum ummerkjum.
>
> 2. Lítil eyja, kölluð „Skeley“, sem fjarar út í um stór fjörur.
>
> 3. Lítill grashólmi, kallaður „Stóri-hólmi“
>
> 4. Lítill grashólmi, kallaður Litli-hólmi.
>
> Fleiri eyjar eða ítök fylgja ekki Akureyjum, sem mér er kunnugt
>
> Akureyjum 18. maí 1889.

[380] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 341–343, skjal nr. H-7.
[381] Skjal nr. 2(91).
[382] Skjal nr. 4(1), bls. 154.
[383] Skjal nr. 2(119).

> Sigmundur Guðbrandsson (handsalað)
>
> Jón Jónsson umboðsmaður.[384]

Í undirmati að fasteignamati Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Akureyjar var metin á 3.400 kr. Fram kemur að jörðin hafði slægjur í einni eyju og tveimur hólmum. Eigandi jarðarinnar var Bjarni Jónsson. Um landamerki segir:

> Landamerki sjálfgefin, þar, sem eyjarnar eru umgirtar af sjó, enda engin ágreiningur um þau.[385]

5.5.6.15 Hallbjarnareyri (Öndverðareyri) í Eyrarsveit

Í máldaga Maríukirkju á Öndverðareyri sem Gyrðir biskup Ívarsson setti árið 1355 segir meðal annars:

> Onndvrdareyre.
>
> Mariukirkia a onndurdre eyre ä halft heimalannd med þeim jordum odrum sem þar fylgia, tuo hluti j þordijsarstodum. halfann afreit j kolgrafarfirdi. halft selsker.
>
> hun a oc grafar sannd halfann.
>
> […]
>
> halfann reka ä þernnu sanndi.[386]

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Öndverðareyri frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia a Ondurdre Eyre a heimaland halftt. ij hluti j Þordijsarstodumm.
>
> Halfann afriett j Kolgrafarfirdi.
>
> Halftt Selskier.
>
> Halfann Grafarsand.
>
> Halfann reka a Þernusanndi.[387]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna á Öndverðareyri frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ä Aundverdre eyre ä heimaland hälfft .ij. hlute i Thordijsaarstaudum. hälffann affriett i Kolgraffarfirde. halfft Selkier. hälffann Grafarsand. hälffann reka ä Thernusande.[388]

Í biskupsvísitasíu um Öndverðareyri frá 14. september 1676 kemur fram að jörðin átti búð í Hjallasandi með skipsuppsátri og að búðin hafi verið kölluð Loftsbúð.[389]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyrarsveit frá 1702 segir eftirfarandi um Öndverðareyri:

> **Øndverdar Eire.**

---

384 Skjal nr. 2(25).
385 Skjal nr. 2(148).
386 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 107, skjal nr. 4(72).
387 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 173, skjal nr. 4(73).
388 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 605, skjal nr. 4(74).
389 Skjal nr. 2(295).

Jarðardýrleiki er ekki aldeilis viss, því hún tíundast ekki, en er hjer almennilega kölluð xl hndr.

Jörðin er hospítal í Vestfirðínga fjórðúngi.

Ábúandinn, síðan Salómon deyði í sumar, er hans eftirlátin ekkja, Þórdís Hannessdóttir.

[…]

Túnið er bæði stórt og víða grasgott.

Engjar so nær öngvar fyrir utan túnveitu sem þar er rjett góð.

Hagar heilnæmir, víðlendir en snöggvir.

Selstöðu á jörðin góða í Eyrarbotni.

Útigángur góður.

[…]

Jörðin á afrjett í Eyrarbotni fyrir heimafjenað, en tekur ekki toll af.

Móskurður er ánægjulegur.

Selveiði er þar sæmileg, einkum við Selsker.

Sölvafjara er þar góð.

Hrognkelsafjara lítilsháttar.

Heimræði ár um kríng.

Búðarstöðu og skipsuppsátur á jörðin á Hjallasandi.

Nokkrir eru þeir, sem þykjast heyrt hafa, að Eyri skyldi eiga sölvatekju í Þórdísarstaða fjöru, en Þórdísarstaðir aftur beit í Eyrarland, en um þetta kemur ekkert skilmerkilegt fram[1]).

Jörðunni fylgja grashjáleigur sem eru:

Tóffter.

Ábúandinn Halldór Ólafsson.

[…]

Túnið er sljett og graslítið.

Engjar öngvar.

Hagar og útigángur eins og á heimajörðunni.

[…]

Móskurð hefur hann frí í heimalandi.

[…]

Eirar Odde.

Ábúandinn Jón Arason.

[…]

Túnið er sljett, hart og graslítið.

Engjar öngvar.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Gardsende.

Ábúandinn Þorlákur Petursson.

[…]

Túnið er þýft og grasfínt.

Engjar so nær öngvar.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Móskurður frí í heimalandi.

Gardsende annar.

Ábúandinn Magnús Hjörleifsson.

[…]

Túnið er lítið og grasgott.

Engjar lítilfjörlegar.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Móskurður frí í heimalandi.

Þórdarbud.

Ábúandinn Jón Ólafsson.

[…]

Túnið er grasfínt.

Engjar öngvar að mestu.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Móskurð hefur hjáleigumaður frí á heimajörðunni.

Fornu Naust.

Abúandinn Halldóra Þorsteinsdóttir.

[…]

Túnið er í betra lagi, en lítið.

Engjar so nær öngvar.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Móskurður frí í heimalandi.

Stórunaust.

Ábúandinn Runólfur Jónsson.

[…]

Túnið er þýft og graslítið, en vítt.

Engjar öngvar.

Hagar og útigángur með heimajörðunni.

[…]

Móskurður frí í heimajarðar landi.

Tröd.

> Ábúandinn Hinrik Jónsson.
>
> […]
>
> Túnið er stórt, þýft, grýtt og grasgefið.
>
> Engjar öngvar.
>
> Hagar og útigángur með heimajörðunni.
>
> […]
>
> Móskurður frí í heimalandi.
>
> Þurar búðir eru þar þessar:
>
> **Þordarbud.**
>
> Nýlega uppbygð þar ei hefur áður búð verið.
>
> Búðarkona Sigríður Magnúsdóttir.
>
> […]
>
> Móskurð brúkar hún á heimajörðunni.
>
> **Lánlausutofter.**
>
> Í þeim er Kolbeinn Jónsson.
>
> […]
>
> Móskurð hefur hann frí í heimalandi jarðarinnar.
>
> […]
>
> [1]) Á sjerstakan miða, sem nú er festur inn í jarðabókina, er skrifað: Kirkja hefur til forna verið á Öndverðareyri, og þar prestur, er fyrir löngu aflögð, og eignir með sókninni lagðar til Setbergs kirkju; meinast þó kannske nokkuð af eignunum lagt vera til Stapaumboðs. Kirkjan er þar ekki þarfleg.[390]

Á manntalsþingi að Grund í Eyrarsveit 6. júní 1793 var þinglesin lögfesta Sigurðar á Eyri fyrir jörðinni Hallbjarnareyri, dagsett 5. júní 1793.[391]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hallbjarnareyrar metinn 40 hundruð. Jörðin tilheyrði spítalanum á staðnum.[392]

Við manntalsþingsrétt að Dröngum 13. maí 1839 var þinglesin friðlýsing Jóns Ásmundssonar fyrir selalögnum í landi Hallbjarnareyrar.[393]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hallbjarnareyri í Eyrarsveit metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem spítalaeign.[394]

Í jarðamati Snæfellsnessýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hallbjarnareyri:

> Hallbjarnareyri med 6 hjáleigum er svo heita: Naust, Nyabúd, Þórdarbúd, Innri-Gardsendi, Ytritröd og Innritröd. til samans 40 hndr. Landskuld 18 vættir kúgildi 8. Spítalaeign. Túnin á allri jördunni eru stór, hardlend nokkud, ymist þyfd ymist greidfær, og sæmilega grasgefin. Útheyisslægiur eru í stararreytu herumbild a 60 hesta. En ad ödru leyti eru litlar sem eingar útheyisslægiur í heimalandi. En i svokölludum

[390] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 300–305, skjal nr. H-7.
[391] Skjal nr. 2(253).
[392] Skjal nr. 2(92).
[393] Skjal nr. 2(254).
[394] Skjal nr. 4(1), bls. 153.

Eyrarbotni má hafa slægjur med því ad verja og med ördugum adflutningi, og þykir því ekki hagur ad yrkja hann. Sumarhagar miög léttir í heimalandi fyrir saudfe, en betra fyrir kýr. Vetrarbeit med fjöru nokkur, en flædihættur eru þar miklar. Þar er upprekstrarland nægilegt fyrir heimabónda. Mótak gott en ördugt, torfrista valla nein. Selveidi nú farin ad tídkast i nætur, og lítilsháttar uppidráp i Selskeri 2 vikur sjáfar undan landi. Reki valla teljandi.

Jörðin er metin þannig:

Heimajördin Hallbjarnareyri	500rd.
Hjáleigan Naust	50
Hjáleigan Nyabúd	50
Hjáleigan Þórdarbúd	50
Hjáleigan Innrigardsendi	50
Hjáleigan Ytritröd	50
Hjáleigan Innritröd	50
Eyrarbotn	100
til samans	900rd [395]

Við álits- og skoðunargjörð á jörðinni Hallbjarnareyri hinn 16. júlí 1855 var tekið fyrir að virða nefnda jörð með undirliggjandi hjáleigum, Naustum, Nýjubúð, Þórðarbúð og Ytri- og Innri-Garðsenda. Gengið var um tún og skoðað nákvæmlega.[396]

Landamerkjaskrá Hallbjarnareyrar í Eyrarsveit er dagsett 16. júní 1884 en ekki er getið um þinglýsingardag. Efni hennar er svohljóðandi:

Landamerki Hallbjarnareyrar í Eyrarsveit

a. Milli Hallbjarnareyrar og Hjarðarbóls: ræður Hjarðarbólsá frá því hún fellur í Kolgrafarfjörð og til þess hún hefur fyrstu upptök sín þar sem tveir lækir koma saman í svonefndri Vatnamýri, þaðan ræður bein sjónhending eptir 3 upphlöðnum torfvörðum vestur í vik, sem gengur austur úr miðju vatninu.

b. Milli Hb.eyrar og Þórdísarstaða ræður bein sjónhending frá vesturenda vatnsins gegnum steinvörðu er stendur á holtunum út og upp frá vatninu og þaðan beint í neðanverða Hellisskriðu, úr því ræður skriðan á fjall upp.

C. Milli Hb.eyrar og Skallabúða ræður bein sjónhending frá sjó fyrir innan Skallabúðir í gegnum Einbúa, klett sem stendur í Skallabúðaflóa. Þaðan ræður beint upp yfir Brekkurnar í klett, einn lítinn sem stendur ofan til í miðri skriðunni í fjallinu, nokkru fyrir austan svonefnda Eyrarstráka.

Hallbjarnareyri 16. júní 1884

Ásmundur Sveinsson (umboðsmaður Hallbjarnareyrar)

J. V. Hjaltalín prestur að Setbergi

Þorleifsson (eigandi að Hjarðarbóli)[397]

Á manntalsþingi að Grund 17. júní 1884 var þinglýst landamerkjum jarðarinnar Hallbjarnareyrar, bréfið var dagsett 16. júní 1884.[398]

[395] Skjal nr. 2(120).
[396] Skjal nr. 2(255).
[397] Skjal nr. 2(26).
[398] Skjal nr. 2(256).

Á manntalsþingi að Stykkishólmi 2. júní 1886 var birt auglýsing varðandi uppboð á Hallbjarnareyri.[399]

Í undirmati að fasteignamati Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hallbjarnareyri var metin á 2.700 kr. Tilgreint er að landamerki hennar voru ágreiningslaus samkvæmt landamerkjaskrá. Fram kemur að jörðin hafði grjót og möl í sandskerjum sem var mikið af. Eigandi jarðarinnar var landssjóður.[400]

5.6 Mýrar

5.6.1 Landnám

Í Landnámabók segir eftirfarandi um landnám í Borgarfirði og á Mýrum:

> Úlfr hét maðr, son Brunda-Bjálfa ok Hallberu, dóttur Úlfs ens óarga ór Hrafnistu. Úlfr átti Salbjǫrgu, dóttur Berðlu-Kára; hann var kallaðr Kveld-Úlfr. Þórólfr ok Skalla-Grímr váru synir þeirra.
>
> […]
>
> Þá bjǫggu þeir Grímr ok Kveld-Úlfr kaupskip ok ætluðu til Íslands, því at þeir hǫfðu þar spurt til Ingólfs vinar síns. Þeir lágu til hafs í Sólundunum.
>
> […]
>
> Þeir bjǫggu hvárttveggja skipit til Íslands ok þrjá tigu manna á hváru; stýrði Kveld-Úlfr því, er þá var fengit. Grímr enn háleyski Þórisson, Gunnlaugssonar, Hrólfssonar, Ketilssonar kjǫlfara, var forráðamaðr með Kveld-Úlfi á því skipi, er hann stýrði. Þeir vissusk jafnan til í hafinu. Ok er mjǫk sóttisk hafit, þá tók Kveld-Úlfr sótt. Hann bað þess, at kistu skyldi gera at líki hans, ef hann dæi, ok bað svá segja Grími syni sínum, at hann tæki skammt þaðan bústað á Íslandi, er kista hans kæmi á land, ef þess yrði auðit. Eptir þat andaðisk Kveld-Úlfr, ok var skotit fyrir borð kistu hans.
>
> Þeir Grímr heldu suðr um landit, því at þeir hǫfðu spurt, at Ingólfr byggð sunnan á landinu. Sigldu þeir vestr fyrir Reykjanes ok stefndu þar inn á fjǫrðinn, þar til er þraut sker ǫll, ok kǫstuðu þá akkerum sínum. En er flóð gerði, fluttusk þeir upp í árós einn ok leiddu þar upp skipit sem gekk; sú á heitir nú Gufá. Báru þeir þar á land fǫng sín. En er þeir kǫnnuðu landit, þá hǫfðu þeir skammt gengit út frá skipinu, áðr þeir fundu kistu Kveld-Úlfs rekna í vík eina; þeir báru hana á þat nes, er þar var, ok hlóðu at grjóti.
>
> Skalla-Grímr kom þar at landi, er nú heitir Knarrarnes á Mýrum. Síðan kannaði hann landit, ok var þar mýrlendi mikit ok skógar víðir, langt á milli fjalls ok fjǫru. En er þeir fóru inn með firðinum, kómu þeir á nes þat, er þeir fundu álptir; þat kǫlluðu þeir Álptanes. Þeir léttu eigi fyrr en þeir fundu þá Grím enn háleyska; sǫgðu þeir Grímr allt um ferðir sínar ok svá, hver orð Kveld-Úlfr hafði sent Grími syni sínum. Skalla-Grímr gekk til at sjá, hvar kistan hafði á land komit; hugðisk honum svá <at>, at skammt þaðan mundi vera bólstaðr góðr.
>
> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. Hann reisti bæ hjá vík þeiri, er kista Kveld-Úlfs kom á land, ok kallaði at Borg, ok svá kallaði hann fjǫrðinn Borgarfjǫrð. Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði.[401]

[399] Skjal nr. 2(257).
[400] Skjal nr. 2(149).
[401] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 68, 70–71, skjal nr. 4(38).

Um frekara landnám í Borgarfirði og á Mýrum segir svo:

> Yngvarr hét maðr, faðir Beru, er Skalla-Grímr átti; honum gaf Grímr land á milli Leirulækjar ok Straumfjarðar; hann bjó á Álptanesi.
>
> […]
>
> Þorgils knappi, leysingi Kolla Hróaldssonar, nam Knappadal; hans synir váru þeir Ingjaldr ok Þórarinn at Ǫkrum, ok eignaðisk land milli Hítár ok Álptár ok upp til móts við Steinólf.[402]

5.6.2 Vogur á Mýrum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hraunhrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Vog:

> **Vogur.**
>
> Þessi jörð er sundurdeild i tvö býli og er annar parturinn, sem að fornu hefur verið afbýli, kallaður Vogsbúð; það er nú talið iiii hndr. úr allri jörðunni og er úrskift að húsum, túnum og engjum.
>
> Dýrleiki heimajarðarinnar xxvi hndr. en með Vogsbúð xxx hndr.
>
> Eigandi að xiii hndr. í heimajörðunni Guðmundur Thorleifsson í Brokey, og hefur eignast að kaupi sínu af Runólfi Þorvarðssyni að Hömrum í Haukadal síðan 1702. Eigandi að öðrum helmíngi heimajarðarinnar lögrjettumaðurinn Björn Jónsson að Jörfa í Kolbeinsstaðahrepp.
>
> Ábúandi á xiii hndr. Björns og ix hndr. Guðmundar Gísli Þórðarson. Ábúandi á iiii hndr. Guðmundar í heimajörðunni Hallur Magnússon í Vogsbúð.
>
> […]
>
> **Vogsbud.**
>
> Það er annar bærinn, sem stendur i heimatúninu.
>
> Dýrleikinn iiii hndr. ut supa.
>
> Eigandi lögrjettumaðurinn Björn Jónsson.
>
> Ábúandinn Hallur Magnússon.
>
> […]
>
> Torfrista bjargleg, þó erfið til að sækja. Stúnga lítt nýtandi.
>
> Reiðíngsrista hjálpleg fyrir heimilið.
>
> Móskurður til eldiviðar hefur verið nægur, eyðist mjög.
>
> Eggver í vatnshólma einum og sjáfarskerjum, og dúntekja þar af hefur verið að gagni, og so er enn, þó til rýrðar þyki fara.
>
> Lunda og kofutekja í sjáfarhólmum lítil, brúkast lítt.
>
> Selveiðivon í lakara lagi, brúkast þó.
>
> Rekavon góð, og nýtur ábúandi þess eina, sem lög leyfa, og so leggja landsdrotnar til húsa af rekanum, sem þörf gjörist.
>
> Sölvafjara næg, og hefur ábúandi áður selt söl sjer til gagnsmuna, en ekki nú i nokkur ár.

[402] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 92, 94, skjal nr. 4(38).

> Hrokkelsatekja hefur verið, en nú brugðist í nokkur ár.
>
> Heimræði ár um kríng, nema um hávetur og lendíng góð, og gánga skip ábúenda so mörg sem þeir fá við komið.
>
> Inntökuskip hafa verið 1 eður 2, ýmist landsdrottins eður annara, hafa þeir og leyft skipstöðuna og undirgift (hafi hún nokkur verið), en ekki ábúendur.
>
> Engjar mjög litlar með einum læk og það, sem hent er úr hagmýri.
>
> Kvikfje er stórlega hætt fyrir sjáfarflæðum og foröðum, og er því sauðfje jafnan burt komið ut supra.
>
> Vatnsból bregst um vetur, og er þá lángt vatns að afla í einum læk í úthögum, verður og oft að meini i illviðrum.
>
> Ekki sýnist bænum öldúngis óhætt fyrir sjóargángi, sem gjörir landbrot nálægt bæjarhúsum; þó hefur ei þetta að stórmeini orðið híngað til.
>
> Steckur, eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni á fornu stekkjarstæði og varaði bygðin inn til næstu þriggja ára. Var þetta og um nokkur ár með vissum dýrleika og talin ii hndr. úr jörðunni. En síðan það lagðist i auðn, hefur það fallið til heimajarðarinnar og brúkað frá henni.
>
> […]
>
> Ekki þykir mönnum líklegt að þetta muni aftur byggjast, því tún er komið í órækt og liggur þar með undir átroðníngi kvikfjár heimajarðarinnar, hefur því ei til slægna brúkast síðan eyddist.
>
> Høfde, önnur eyðihjáleiga; bygð i heimatúni fyrir manna minni, en hefur í eyði verið næstu 30 ár eður lengur. Er þar nú fjós og heygarður heimajarðarinnar, sem hjáleigan var áður. Landskuld vita menn ekki hvað há hjer hafi verið eður í hverjum aurum.
>
> […]
>
> Bitra, tómthús í eyði, bygt upp hjerum fyrir 20 árum, falllið í auðn fyrir 7 árum, og síðan brúkað fyrir fólk, sem róið hefur á inntökuskipum.
>
> […]
>
> Um fáein ár voru tvö húsin með sama nafni, bygt hvört um sig með sömu kostum ut supra.
>
> Ekki höfðu þessi hús nein hlunnindi jarðarinnar, nema einasta móskurð til eldiviðar, en landsdrottinn lagði viðu til húsabyggíngar.[403]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Vogs metinn 30 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð ábúandanna. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Stekkur og Höfði.[404]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Vogur á Mýrum metin 30 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[405]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Vogur var metin á 1.700 ríkisbankadali.[406]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Vogur var metin á 10.900 kr. Tilgreint er að landamerki hennar hafi verið þinglesin. Enn fremur

[403] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 437–439, skjal nr. H-7.
[404] Skjal nr. 2(93).
[405] Skjal nr. 4(1), bls. 132.
[406] Skjal nr. 2(121).

er tilgreint að girðing var á merkjum milli Laxárholts og Vogs sem breytti gömlum landamerkjum lítilsháttar en olli ekki neinum ágreiningi. Fram kemur að jörðin hafi haft heyskap og göngu í eyju. Eigandi jarðarinnar var Helgi Árnason.[407]

Landamerkjaskrá Vogs á Mýrum er dagsett 14. júní 1923 en hún var þinglesin 15. júní 1923. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjabrjef fyrir jörðina Vogur í Hraunhreppi í Mýrasýslu.
>
> 1. Á móti Ökrum: Sjónhending frá Álftarhreiðri – torfvörðu á vesturbakka Deildartjarnar í Flagastapa. Frá Flagastapa sjónhending í Sandvatnshorn hið syðra, þaðan í merkjastaur á Akrasandi og beint í sjó fram sunnan Klofning.
>
> 2. Á móti Skíðsholtum: Frá fyr nefndu Álftarhreiðri sjónhending í suðvesturhorn Deildartjarnar, þar, sem Deildarstapa ber við norðvestur röndina á Mýrdalstindi.Frá
>
> Deildartjörn eftir greindu miði, alla leið í norðurhorn Álftavatns, þar sem mest rennur í vatnið – þaðan sjónhending yfir Álftavatn í upptök Álftaveituskurðar.
>
> 3. Á móti Laxárholti: Frá Álftavatni að Steinatjörn ræður Álftaveituskurðurinn landamerkjum. Að skurðinum sleptum eftir Steinatjörn miðri, alt þar á mótsvið, er Vogslækur fellur úr tjörninni; þá til norðvesturs að upptökum Vogslækjar og eftir honum að Merkjastólpa á norðurbakka lækjarins, sem er 125 m. frá „Gömlustýflu“ við Steinatjörn. Frá fyrnefndum stólpa sjónhending í annan Merkjastólpa við suðvesturhorn Hólsvatns – skamt frá upptökum Kringluskurðar. Frá Hólsvatni ræður Kringluskurðurinn merkjum. Fyrst í suðvestur 220 m. að torfvörðu í engjunum, þá til vesturs 160 m. í Efstufljótin. Frá Efstufljótum eru merkin eftir öðrum skurði – ca. 270 m. löngum með tveimur bugðum í Merkjafljót.
>
> 4. Á móti Tröðum ræður Vogslækur merkjum, alla leið frá Merkjafljóti að sjó fram, þá eftir miðjum Hjallavogi og þaðan beina stefnu í hæðsta klettinn á Klofasteinum.
>
> 5. Á móti Skutulsey: Sjónhending í vestur frá fyrnefndum Kletti á Klofasteinum og beint í sjó fram sunnan Skarfaskers.
>
> 14. júní 1923
>
> F.h. Helga Árnasonar eiganda Vogs
>
> Sigurður Einarsson ábúandi að Vogi
>
> Samþykkur fyrir hálfa Akra: Helgi Ásgeisson
>
> Samþ. fyrir ¼ Akra og 2/3 Skutulseyjar
>
> (fyrir Helgu Magnúsdóttur) Jón Sigurðsson
>
> Samþykkur fyrir Traðir: Ólafur Sigurðsson
>
> Jón Guðmundsson eigandi að ½ Laxárholti.
>
> Pjetur Þórðarson umráðamaður ½ Laxárholts.[408]

5.6.3 Knarrarnes á Mýrum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftanesshrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Knarrarnes. Þar segir eftirfarandi:

[407] Skjal nr. 2(150).
[408] Skjal nr. 2(27).

Knararnes.

Þessi bær stendur á einni umflotinni ey, skamt frá landi, sem ekki er reitt í, nema í stórstraumsfjöru.

Jarðardýrleiki xl hndr. og so tíundast fátækum jafnan og presti oftast.

Eigandinn beneficium Hítárdalur, og er þessi jörð til lögð prestsekkjunni Hólmfríði Sigurðardóttir að Síðumúla til undirholdníngar sína lífstíð.

Abúandinn Eiríkur Halldórsson.

[…]

Hvað sem meira er af kvikfje, er vogað á fjöru og lítinn útigáng á eyjunni, og so á tilfengnum högum og heyjum, er hjer og oftast ásauð í burtu komið á vetur um þann tíma, sem fjeð lembist, því reynt er, að ekki tíngast viðureldið annars.

Afrjett ut supra

Torfrista og stúnga að mestu þrotin, en þó ei enn tilfengin.

Móskurður til eldiviðar nægur.

Eggver og dúntekja í sjáfarhólmum í betra lagi, hefur áður að stóru gagni verið, en þykir nú fara til rýrðar.

Lunda og kofutekja og fiður þar af gagnvænlegt ef vel er aðsókt.

Selveiði hefur góð verið, bæði af uppidrápi um vetur og látursselum á vor, og smám saman til rýrðar farið og nú öldúngis engin í 2 ár.

Rekavon góð, heppnast oft; hefur ábúandi af reka það, sem hann þarf til bússnauðsynja sinna og húsabótar óskamtað frí, en ekki má hann viðu í burtu selja.

Sölvafjara nóg, og hafa ábúendur oftlega selt söl sjer til stórra gagnsmuna.

Fjörugrös lítil, brúkast ei.

Hrokkelsafjara góð, hefur verið svipul í nokkur ár, þetta ár að öngvu gagni.

Útigángur í fjöru fyrir geldfje góður, en fyrir ásauð óheilnæmur ut supra, og so er nautum beitt í fjöruna á vetur í góðviðrum meðan fjaran er þíð.

Heimræði og lendíng góð og varir ut supra um Straumfjörð, og gánga skip ábúenda fleiri eður færri, so sem þeir fá viðkomið.

Engjaítak á jörðin í Hofstaðaland, brúkast jafnlega. Annað engjaítak í Krossnessland, sem ogso brúkast jafnlega. Þriðja engjaítak í Þurrholtaland. Sjerhvör þessi ítök í takmörkuðum plátsum, sem hafa þó ekki neitt sjerdeilis kenníngar út af fyrir sig. Munnmæli eru, að fyrir þessi engi hafi Hofstaðir og Krossnes átt sölvatekju í Knararnessfjöru, en Þurrholt nautagöngu á Hítardal.

Torfristu uppá ix hesta til heyjaaðbúnaðar heyrist að jörðin muni eiga í Hofstaðaland, það hefur ei brúkast í manna minni.

Túninu grandar sjáfargángur með landbroti og grjóts og sands áburði; alt þetta til stórskaða.

Engjar 0, nema litlar í eyjum, sem sækja verður til á skipi, og áðurtalin engjaítök á landi, mjög lángt og erfitt til að sækja bæði yfir foröð og fjörur þær, sem liggja millum lands og eyjar, og ekki er fært með hey nema um stórstraumsfjörur.

Selstaða er á landi í heimalandi, en hagar þar so litlir, að hann verður að þiggja þá af öðrum næstu jörðum fyrir toll eður óákveðinn góðvilja meiri eður minni.

Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum stórlega, so jafnlega þarf að sitja að kvikfje sumar og vetur fyrir þessum háska, nema hús geymi. Verður þó að þessu oft stórmein, so ekki verður við sjeð.

> Vatnsból ilt, bregst um vetur í frostum og verður stundum að þíða snjó og klaka fyrir menn og kvikfje.
>
> […]
>
> Bud, eyðihjáleiga í heimatúni, bygð fyrir manna minni og varaði bygðin til þess um haustið 1707, síðan í auðn.
>
> […]
>
> Þessa grasnautn brúkar nú heimajörðin.
>
> Ekki má hjer byggja nema til rýrðar heimajörðunni.
>
> Þórdarbud, tómthús í eyði, ljeð einum gömlum manni um nokkur ár hjerum fyrir 30 árum.
>
> […]
>
> Geldingaei heitir ein ey, sem jörðin á í sjónum þar fyrir framan. Þar ætla menn að fornu hafi bygð verið, og sjest enn til tóftarústa og girðínga. En enginn nálægur veit að undirrjetta hjer um framar nema hjer sjást og gamlar torfgrafir, sem til líkinda er að þessi ey hafi bygð verið. Aftur má hjer byggja ef fólk til fengist, því túnstæði er gott og heyskapur sæmilegur, en skyldi hjer bygð vera, þá vildi það rýra mjög heimajörðina, og þykir örvænt að hún mundi þá byggjast.[409]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Knarrarness metinn 40 hundruð. Jörðin var kirkjujörð frá Hítardal.[410]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Knarrarnes var metin með eynni Geldingaey á 1.225 ríkisbankadali.[411]

Landamerkjaskrá Knarrarness er dagsett 6. nóvember 1883 en hún var þinglesin 24. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjalýsing
>
> fyrir jörðinni Knarrarnesi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. Marts 1882.
>
> 1. Milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður Saltnessáll, sem liggur fyrir vestan Búðarey og sunnan Hádegisstein í botninn á Lambeyjarál, og ræður svo Lambeyjaráll fyrir sunnan Lambeyjar, og sunnan framan Skáley til útsuðurs í sjó fram utanvert við Sandeyjarsker. Aftur upp til lands milli Knarrarness og Straumfjarðar ræður áðurnefndur Saltnessáll, fyrir sunnan saltnesin, alt inní Króksnessveg; þá ræður Hestkelda í vog þann er Eyjarleirar heita, utanvert við Ölvisholt.
>
> Ofanskrifaða grein samþykkja Straumfjarðareigendur
>
> Jónas Kristjánsson Herdís Sigurðardóttir Guðmundur Sigurðsson
>
> 2. Milli Knarrarness og Vogalækjar ráða Eyjasteinar, vestanvert við Vogalækjarey alt norður í Strauma.
>
> (Ofanskrifaða grein samþykkir Ásgeir Bjarnason eigandi Vogalækjar)
>
> 3. Millum Knarrarness og Hofstaða, ráða staumarnir fyrir norðan Vörðunes og Vörðuneshólma.

[409] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 402–405, skjal nr. H-7.
[410] Skjal nr. 2(94).
[411] Skjal nr. 2(121).

Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Hofstaða.

I. Þorvaldsson Erlendur Sigurðsson Magnús Gilsson

(handsalað nafn)

4. Millum Knarrarness og Álftáróss ráða Straumarnir fyrir norðan Háley, en sunnan Álftáróshólma, því næst ræður sundið millum Geldingaeyjar og Melrakkaness, norður í álinn sem liggur norðanvert fram með Geldingaeyju.

Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Álftáróss.

Erlendur Sigurðsson

(handsalað nafn)

5. Millum Knarrarness og Hjörtseyjar ræður framhald af ál þeim, sem nefndur er í fjórðu grein sem að ending liggur í sjó fram millum Geldingaeyja og Hjörtseyjar-Lambeyjar.

Ofanskrifaða grein samþykkjum við eigendur

Hjörtseyjar.

Guðmundur Sigurðsson Jón Sigurðsson

6. Útaf Knarrarness til liggjandi eyjum liggja þessi útsker sem tilheyra Knarrarnesi:

a) Til útsuðurs af Elliðaey liggur Skarfasker

b) Til suðurs af Skarfaskeri liggja Selsker.

c) Til vesturs af Selskerjum liggja Bótarsker.

7. gr. Eftir lögfestu prófastsins síra Jóns Halldórssonar fyrir Knarrarnesi af 1711 og annari lögfestu fyrir sömu jörð af sama 1715 og þriðju lögfestu 1849 af prófasti sjera Th. E. Hjármarsen sál., tilheyrir Knarrarnesi engjaítak við landamerki jarðanna Hofstaða, Krossaness og Þverholta og tveim megin Stakalækjar, sem rennur úr Heyvatni.

a) Hofstaðamegin ræður kelda sú, sem vottar sig fram á lækinn fyrir austan Stakagarðinn og alt ofan með læknum undir þrepin vestur að því keldufari sem kemur fram í lækinn fyrir sunnan stórukelduna, er gengur fram í lækinn fyrir austan Þúfnaengis-garð.

b) Krossnessmegin ræður kelda sú, sem kemur fram í þrátt nefndan læk fyrir austan spottann, og alt í þúfnanefið við Þrepið og síðan sjónhending í hólma taglið í Grænukeldulæk.

c) En Þverholtamegin ræður fyrir norðan Ítakið þúfnanefið sem vottar sig að sunnan af Ljósnesi útí Grænukeldu, en fyrir sunnan Ítakið ræður sjónhending úr kringlótta flagi við Ljóssnes, og til útsuðurs í Ítakalækinn.

Staðarhrauni 6. Nóvemberm. 1883.

J. Guðmundsson[412]

[412] Skjal nr. 2(28).

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Knarrarnes var metin á 7.500 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin. Eigandi hennar var Ásgeir Bjarnason.[413]

5.6.4 Nærliggjandi jarðir á Mýrum

5.6.4.1 Traðir á Mýrum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hraunhrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Traðir:

> **Trader.**
>
> Bygt fyrir manna minni, fjórðúngur jarðarinnar ut supra.
>
> Dýrleiki vi hndr.
>
> Eigandinn Sigríður Finnsdóttir að Krossholti í Kolbeinsstaðahrepp.
>
> Ábúandinn Ólafur Bjarnason.
>
> […]
>
> Haga á sumur brúkar Skutulseyjar ábúandi að nokkru leyti fyrir búsmala sinn, og stundum selstöðu þar með, og ljær landsdrottinn hálfrar heimajarðarinnar, Magnús Hrómundsson, þennan haga og selstöðu, þegar hún brúkast, og því taka ábúendur öngvan toll hjer fyrir.
>
> Torfrista næg, stúnga lök.
>
> Reiðíngsrista bjargleg.
>
> Móskurður til eldiviðar nægur.
>
> Hrísrif til kolgjörðar hefur verið, nú gjöreytt.
>
> Silúngsveiðivon valla teljandi.
>
> Eggver og dúntekja í vatnahólmum gagnvænleg, þykir þó fara til rýrðar mjög.
>
> Rekavon lítil, heppnast sjaldan og njóta ábúendur þess eina af reka, sem lög leyfa.
>
> Sölvafjara bjargleg fyrir heimilið.
>
> Heimræði má hjer vera ár um kríng, brúkast sjaldan á vetur, því þá hamla ísar.
>
> Skip ábúanda gánga hjer fleiri eður færri eftir því þeir fá viðkomið.
>
> Túninu heimajarðarinnar grandar vatn, sem jetur úr rótina, en sjóargángur á Tröðum með grjóts áburði, til stórskaða.
>
> Enginu grandar vatn, sem hleypur á engið uppúr einum fornum lækjarfarveg og jetur úr rótina allvíða.
>
> Selför mjög erfið fyrir foröðum, so brúa verður fyrir menn og kvikfje, og ekki hestum viðkomið millum sels og húsa, heldur verða menn að bera selmatinn frá selinu og til þess, það sem nauðsynlega þarf.
>
> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og foröðum, og hefur hverutveggja þetta oftlega að meini orðið.
>
> Vatnsból slæmt, bregst um vetur, og er þá erfitt vatns að afla frá heimajörðunni í torfgröfum, en frá Tröðum i Kóptjörn.

[413] Skjal nr. 2(151).

> Kotmóar heitir örnefni hjer í landinu, og er ötlun sumra, að þar hafi að fornu bygð verið, sumir meina fjárhússleifar, og er óvíst hverjir rjettara hafi, en merki sjást enn til tóftarústa og túngarðsleifa.
>
> Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er ekkert nema uppblásnir grámosamóar og leirflög.[414]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Traða metinn sex hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð í eigu Guðmundar Bjarnasonar í Laxárholti. Með í matinu var eyðihjáleigan Kotmóar.[415]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Traðir á Mýrum metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[416]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Traðir var metin á 200 ríkisbankadali.[417]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Traðir var metin á 1.200 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin og ágreiningslaus. Eigandi hennar var Guðríður Thorsteinsson.[418]

Landamerkjaskrá Traða á Mýrum er dagsett í júlí 1923 en hún var þinglesin 21. júní 1924. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðinni Tröðum í Hraunhreppi.
>
> 1. Móti Laxárholti:
>
> Úr Merkjafljóti, sem er í Vogslæk, bein lína 90 metra austur í torfvörðu við rúst í engjunum, þaðan bein lína vestur yfir hornið á Kýrfinstjörn í hæstu þúfu á Kýrfinsás, þaðan sjónhending
>
> suðvestur vestan tanga norðan Laxárholtsvatn, yfir vatnið og tanga neðan það og í torfvörðu á flögunni nálægt veginum, þaðan bein lína um Fjárbólsstapa suðaustur í vík það er gengur lengst vestur úr Kelduvatni neðantil, norður frá Gilsseli, og þaðan bein lína í sömu stefnu austur yfir vatnið og tanga neðan það og í vörðu vestan við Strokkskeldu.
>
> 2. Móti Hólmakoti:
>
> Úr nefndri vörðu vestanvert við Stokkkeldu bein lína í vörðu við Þrælagerði.
>
> 3. Móti Skálanesi:
>
> Úr síðastnefndri vörðu beint í tvívörður, þaðan beint í Imbustein, þaðan sjónhending um vörðu á Móholti í vörðu á norðurenda Þórðarholts, þaðan eftir línu, er stefnir í Skutulseyjarsund og nær í rensli eða ál þann í leirunum, sem merkjum ræður milli Skálaness og Skutulseyjar.
>
> 4. Móti Skutulsey:
>
> Síðastnefnd lína úr álnum vestan Skálanes, í hæsta steininn á skerinu við Skutulseyjarsund austan Linghólma, þaðan bein lína norðvestur í Klofasteina.
>
> 5. Móti Vogi:

[414] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 435–437, skjal nr. H-7.
[415] Skjal nr. 2(95).
[416] Skjal nr. 4(1), bls. 132.
[417] Skjal nr. 2(121).
[418] Skjal nr. 2(152).

Úr Merkjafljóti ræður Vogslækur og svo Hjallavogur og loks bein lína úr honum miðjum sunnan Mjóanestá í Klofasteina.

6. Traðir eiga engjar í Laxárholtslandi í Álftaveitu og við Álftavatn, þær takmarkast af Steinatjörn að vestan Álftaveituskurði og Álftavatni að norðvestan; af Skíðsholtamerkjalínu 220 faðma suður frá vatninu að norðaustan, að suðaustan og sunnan ráða holtajaðrar niður að grjótvörðu og úr henni bein lína í torfvörðu við keldu austan norðausturenda Steinatjarnar; loks ræður keldan í tjörnina.

7. Laxárholt á rjett til mótaks og fjörubeitar í Traðalandi; það á ennfremur norðasta hólmann í Laxárholtsvatni innan Traða landamerkja.

Samið og samþykt í júlímánuði 1923.

Samþykkir fyrir Laxárholt: Geir Jónsson Jón Guðmundsson

Samþykkur fyrir Skálanes og eftir umboði: Guðmundur Runólfsson

Samþykkir fyrir eigendur Skutulseyjar:

Pjetur Þórðarson hreppstjóri

Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson

Samþykkur fyrir Vog Sigurður Einarsson – ábúandi að Vogi –

Samþykkur fyrir Hólmakot Benedikt Þórðarson

Fyrir eiganda Traða eftir umboði: Ólafur Sigurðsson[419]

5.6.4.2 Skutulsey á Mýrum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hraunhrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Skutulsey:

Skutulsei.

Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, og er það til líkinda hjer um, að skamt þar frá, sem kirkjan skyldi staðið hafa, er nú kallaður Maríusandur.

Jarðardýrleiki xxx hndr. og svo tíundast.

Eigandinn börn Magnúsar Hrómundssonar að Hjörtsey undir hans fjárhaldi, og hafa tekið það að erfð eftir móður sína síðan 1703.

Ábúandi Gils Bárðarson.

[…]

Sauðfje og hestum sem meira er burt komið á vetur til hagagöngu.

Torfrista lítil og sendin. Stúnga bjargleg. Heytorf verður til að fá og á skipi að flytja úr Laxárholtslandi.

Móskurður í Laxárholtsland brúkast í leyfi landsdrottins, sem á báðar jarðirnar og leggur þetta eldiviðartak til Skutulseyjar ókeypis. Þenna eldivið verður að flytja á skipi til Skutulseyjar yfir sundið, og þykir mjög erfitt.

Eggver og dúntekja í sjáfarhólmum gagnvænleg, hefur áður góð verið, en þykir nú fara til rýðrar nokkur ár.

Lunda og kofutekja og fiðurtekja þar af góð, sje vel að sókt.

Selveiðivon lítil og ekki til gagnsmuna í margt ár.

[419] Skjal nr. 2(29).

> Rekavon sæmileg og hefur leiguliði það af rekanum, sem hann á að lögum; en við skamtar landsdrottinn sjálfur til húsabótar, so sem þörf krefur.
>
> Sölvafjara góð, og hefur ábúandi selt jafnlega söl sjer til stórra gagnsmuna.
>
> Fjörugrös næg, brúkast ei.
>
> Hrokkelsatekja lítil, valla teljandi.
>
> Heimræði ár um kríng og lendíng góð, og gánga skip ábúanda fleiri eður færri, eftir því hann fær við komið.
>
> Inntökuskip hafa hjer stundum verið, sjaldan fleiri en 2, stundum 1 eður 0, og hefur undirgiftin ýmist verið meiri eður minni eftir samkomulagi.
>
> Túninu grandar sjóargángur með grjóts og sands áburði jafnlega í stórflæðum.
>
> Landþröng er, og verða ábúendur að koma í burtu fje og hestum á vetur, og kaupir ábúandi selstöðu og sumarhaga að nokkru leyti á Hólmakoti fyrir xx álna tool. En þar með hefur hann beit frí í Laxholtsland frá þessu seli, svo mikla sem hann getur og vill, í leyfi landsdrottins, sem hann leggur oft til jarðarinnar, en ekki á Skutulsey þessa beit, móskurð eður heytorfsristu framar heldur en hvað landsdrottinn leggur henni til, meðan hann á báðar jarðirnar.
>
> Selvegur þykir torsóktur, bæði yfir Skutulseyjarsund, sem ekki verður farið með hesta nema með stórstraumsfjöru, og so fyrir foröðum á landi.
>
> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum öllum þeim stundum, sem það er á eyjunni
>
> […].[420]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Skutulseyjar metinn 30 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð í eigu Hallbjörns Einarssonar ábúanda.[421]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Skutulsey var metin á 800 ríkisbankadali.[422]

Landamerkjaskrá Skutulseyjar er dagsett í júlí 1923 en hún var þinglesin 21. júní 1924. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir jörðinni Skutulsey í Hraunhreppi.
>
> 1. Móti Vogi:
>
> Úr Klofasteinum vest-suðvestur í sjó fram allfjarri hinum stærri skerjum frá báðum hliðum.
>
> 2. Móti Tröðum:
>
> Úr Klofasteinum suður beint í hæsta steininn á skerinu við Skutulseyjarsund austan Linghólma, þaðan bein lína austur, – er stefnir á vörðu á norðurenda Þórðarholts – í álinn suðaustur af Sundhólma.
>
> 3. Móti Skálanesi:
>
> Þar ræður aðal állinn í leirunum vestan Skálanes og austan eyjar og hólma suður og suðvestur þar til merkjavörðu á Halldórsholti ber framan við Tangann neðan Einarshjalla.
>
> 4. Móti Seljum og Hjörsey.

[420] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 433–434, skjal nr. H-7.
[421] Skjal nr. 2(96).
[422] Skjal nr. 2(121).

> Þar ræður állinn í leirunum frá Skálanesi-merkjum vestan Reiðstein og Kríusker, Seljarhólma, Stokka og Odda ásamt smáskerjum, en sunnan Skutulseyjarsker og Boðatær syðri útá rúmsjó.
>
> Samið og þannig samþykt í júlímánuði 1923.
>
> Fyrir eiganda Vogs: Sigurður Einarsson ábúandi.
>
> Eftir umboð fyrir eiganda Traða: Ólafur Sigurðsson
>
> Eftir umboði fyrir eiganda Skálaness: Guðmundur Runólfsson
>
> Eigendur Selja og Hjörseyjar: Jóhann Jónatansson
>
> Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson
>
> Fyrir eigendur Skutulseyjar: Pjetur Þórðarson hreppstjóra
>
> Fyrir Helgu Magnúsdóttur Jón Sigurðsson[423]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Skutulsey var metin á 4.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin og voru ágreiningslaus. Fram kemur að trippi hafi verið látin ganga út í smáeyjum. Eigendur jarðarinnar voru dánarbú Bjarna Valdasonar og Sigríður Jónsdóttir.[424]

5.6.4.3 Hjörsey á Mýrum

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju í Hjörsey frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia i Hiôrsey er helgud Gudi oc vorri frv. sancto Paulo oc Thorlaco oc ollum Helgumm.
>
> Hun ä fiordung i heimalandi oc lannd ad Selium.
>
> […]
>
> Kirkiann a fiordung i ollum þeim gognumm oc giædumm sem fylgia heimalanndi.[425]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna í Hjörsey frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian i Hersey. hun ä fiordung i heimalande og land ad Selium.
>
> Kirkian ä fiordung i øllum theim gøgnum og giædum sem fylgia heimalandi.
>
> […]
>
> Thessar jarder ä hun. Sel landsskylld .jc. Hamrenda landskylld .Lxxx. alner.[426]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Hraunhrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Hjörsey:

> **Hiørtsei**, almennilega kallað **Hiørsei**.
>
> Kirkjustaður annecteraður við Akra, Krossholt og Kolbeinsstaði. Jarðardýrleiki lx hndr. og so tíundast.
>
> Eigandi Ragneiður Þorsteinsdóttir að Skarði á Skarðsströnd.

[423] Skjal nr. 2(30).
[424] Skjal nr. 2(153).
[425] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 190–191, skjal nr. 4(79).
[426] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 616, skjal nr. 4(80).

Ábúandi Magnús Hrómundsson.

[…]

Torfrista og stúnga næg, og so móskurður til eldiviðar.

Eggver í tveimur vatnahólmum, sem á heimaeyjunni eru og lítil dúntekja með.

Eggver og dúntekja er í sjáfareyjum, heppnast misjafnt.

Eitt eggversskerið þarf árlega með grasáburði að rækja, skuli eggverið ekki afleggjast.

Lunda og fiðurtekja oft að gagni.

Selveiðivon sjaldan til stórra gagnsmuna. Allra þessara kosta nýtur ábúandi.

Rekavon í betra lagi.

Sölvafjara góð, brúkast lítt.

Fjörugrös eru til, brúkast ekki.

Hrokkelsafjara hefur verið i betra lagi, næstu 2 ár gagnlaus.

Heimræði ár um kríng, en ekki gánga hjer inntökuskip.

Selstöðu á jörðin i fjarska við sig á fjöllum, þar sem heitir Kvíindisdalur, og er yfir máta erfitt að sækja, meir en dagferð vegalengdar, og því aflögð selstaðan fyrir manna minni. Þar er nú í staðinn fjárupprekstur í landið, sem Hjörtseyjarmenn hafa frí.

Túnið brýtur sjór til stórskaða árlega; hann ber og grjót uppá slægjurnar.

Enginu grandar vatnságángur af stöðuvötnum.

Landþröng er mikil, og því verður fje í burt að koma á vetur.

Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, so vaka verður yfir hverja nótt, ef hús geymir ekki. Hætt er stórlega fyrir torfgröfum og hefur hverttveggja margoft að skaða orðið.

Fjaran er ásauði óheilnæm þá stund sem hann gengur með eldi, og tíngast lömbin ekki, nema því sje þann tíma á land komið.

Hreppamannaflutningur er til fastalands og verður að sæta sjáfarföllum.

Lambhus Tun.

Gömul hjáleiga af Hjörtsey.

Dýrleikinn talinn í heimajörðunni og eigandi sami.

Ábúandinn Bjarni Sigurðsson.

[…]

Sölvafjara bjargleg í takmörkuðu plátsi við heimafjöruna, sem hjáleigunni fylgir.

Móskurður nægur ut supra.

Af eggveri, dúntekju, fuglveiði, fiðurtekju, selveiði, reka og skipaútveg hefur hjáleigumaðurinn ekkert, en nýtur annara óskiftra kosta jarðarinnar, so sem honum þarfnast, og eru því kostir og ókostir fyrir utan áðurtalin hlunnindi sömu og á heimajörðunni, nema sjór grandar hjer ei túninu.

Mángabud, önnur hjáleiga, bygð fyrir manna minni skamt frá heimatúninu.

Dýrleikinn supra á heimajörðunni og eigandi sami.

Ábúandi Eyjólfur Petursson.

[…]

Kostir og ókostir sem segir á Lambhússtúni, nema hvað heyskapur er allur minni og sölvafjöru óafskamtaða á jarðarinnar fjöru.

> Kross, eyðihjáleiga, bygð fyrir 15 á 16 árum á fornu stekkjarstæði og varaði bygðin inntil 1708.
>
> […]
>
> Þessa grasnautn brúkar nú heimajörðin til beitar, því er þar nú enn stekkurinn frá heimajörðunni í hjáleigutúninu.
>
> Ekki þykir líklegt þetta muni aftur byggjast fyrir heyskaparleysi, því engi það lítið sem var er nú að mestu eyðilagt fyrir vatni, sem jetur úr rótina.
>
> Langalandshiáleiga, önnur eyðihjáleiga, bygð við heimatúnið fyrir hjer um 14 eður 15 árum, og hefur síðan ýmist bygst eður ekki; nú í auðn og svo næstliðið ár.
>
> […]
>
> Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar heimajörðunni.
>
> Borgubud, kölluð öðru nafni Raustabud, þriðja eyðihjáleiga, bygð í heimatúninu meir en fyrir 40 árum, hefur síðan verið ýmist bygð eður í auðn inn til næstliðins árs, síðan í eyði.
>
> […]
>
> Vikurtunsbud, fjórða eyðihjáleiga, bygð fyrst fyrir 10 eður 11 árum á eyjunni skamt frá túninu, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og varaði bygðin 2 á 3 ár, síðan i auðn.
>
> […]
>
> Oosakot heitir eitt örnefni á heimaeyjunni, og eru munnmæli, að þar muni að fornu bygð hafa verið, því þar sjást enn nú tóftarústir því líkar, að þar muni einhverntíma hafa bygð verið. En enginn nálægra veit hjer um framar að undirrjetta.
>
> Ekki má hjer aftur byggja, því túnstæði er ekkert nema graslausir svarðleysumóar.
>
> Stadarmóar heitir annað örnefni á heimaeyjunni. Það eru og munnmæli, að þar hafi staðurinn Hjörsey að fornu bygður verið og þaðan fluttur þángað sem nú er hann. Sjest og enn á þessu plátsi merki til tóftarústa og túngarðsleifa, en enginn kann hjer neitt víst að undirrjetta. Ekki má hjer aftur byggja þó menn vildu, því þetta landspláts er nú holt og graslitlir svarðleysumóar.[427]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hjörseyjar metinn 40 hundruð með hjáleigum. Jörðin var sjálfseignarjörð í eigu Sigurðar Björnssonar á Lambastöðum og Sigurðar Bjarnasonar á Álftanesi. Fram kemur að eyjan yrði fyrir töluverðu hnjaski vegna sjávarskaða og sandfoks. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Mangabúð, Borgarbúð og Víkurtúnsbúð.[428]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hjörsey á Mýrum metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[429]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Hjörsey var metin með hjáleigunum Lambhústúni og Krossi á 2.060 ríkisbankadali.[430]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hjörsey var í heildina metin á 10.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru

[427] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 428–432, skjal nr. H-7.
[428] Skjal nr. 2(97).
[429] Skjal nr. 4(1), bls. 132.
[430] Skjal nr. 2(121).

ágreiningslaus. Eigendur hennar voru Halldóra Guðmundsdóttir og börn hennar Jón, Jóhann og María, Ólafur Guðmundsson og Jón Guðmundsson.[431]

Landamerkjaskrá Hjörseyjar á Mýrum er dagsett í júlí 1923 en hún var þinglesin 21. júní 1924. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir Hjörsey í Hraunhreppi.
>
> 1. Móti Skutulsey: þar ræður aðal-állinn sunnan Boðahellu og Boðatær, inneftir vestan Odda og Stokka og smásker þar í grend, alt inn undir Seljahólma.
>
> 2. Móti Seljum: Úr álnum framan og vestan Seljahólma austur um vestri Þrengsli, suðaustur
>
> miðja Keldu, um syðri Þrengsli og þaðan bein lína austur fyrir Sandláareyri (Skutulseyjarhús um Syðri Þrengsli) þar til saman bera merkjavörður á landi milli Hamrenda og Selja.
>
> 3. Móti Hamrendum:
>
> Frá Seljamerkjum bein lína suður og fram undan síðastnefndum vörðum, þar til kemur fram fyrir Hamrendanes, þá bein lína suðaustur (Hofstaðahús gömlu innan við háa klettinn austur af Geldingaey) framan nesið og Stakasker í árálinn vestur og fram af Hamr[a]endahólmum.
>
> 4. Móti Knarrarnesi:
>
> Frá síðastnefndum merkjum állinn norðan og vestan Geldingaey, suðaustan Lambeyjar og skerin fram af þeim og austan við Hval; þaðan bein lína í sjó fram milli Bótarskerja.
>
> 5. Hjörsey fylgja öll sker suður, suðvestur og vestur af eyunni, innan þeirra merkja er getur um í 1. og 4. lið.
>
> Samið og samþykt í júlí 1923.
>
> Eigendur Hjörseyjar og Selja. Pjetur Þórðarson Ólafur Guðmundsson Jóhann Jónatansson
>
> Samþykkur fyrir Hamraenda og Skutulsey:
>
> Fyrir Helgu Magnúsdóttir Jón Sigurðsson[432]

5.6.4.4 Straumfjörður á Mýrum

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftaneshrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Straumfjörð:

> **Straumfiørdur.**
>
> Jarðardýrleiki xl hndr. og svo tíundast.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni Sigurður Högnason hjer heima búandi og hefur eignast að gjöf foreldra sinna á þessu ári.
>
> Eigandi að öðrum xx hndr. barn Þórðar sál. Guðlaugssonar, sem bjó að Kolgröfum í Eyrarsveit, sem nú er undir fjárhaldi síns móðurföðurs, sýslumannsins Jóns Sigurðssonar að Einarsnesi, og hefur tekið það að erfð eftir sinn sál. föður síðan 1702.
>
> Ábúandi á parti Sigurðar hann sjálfur og hans faðir fyrir hann.
>
> […]

[431] Skjal nr. 2(154).
[432] Skjal nr. 2(31).

> Ábúandi á xx hndr. barnsins Nicolaus Þórðarson.
>
> […]
>
> Afrjett ut supra.
>
> Torfrista og stúnga lök og sendin.
>
> Reiðíngsrista næg en mjög lángt og erfitt til að sækja.
>
> Móskurður til eldiviðar nógur, erfiður til að sækja, því sæta þarf sjáfarföllum.
>
> Eggver í sjáfarhólmum lítið og dúntekja í sama máta; hefur áður betra verið, en nú í nokkur ár hefur dýr farið í hólmana um fjöru og fordjarfað varpið meinlega.
>
> Lunda og kofutekja gagnvænleg ef vel er að sókt, og so fiðurtekja þar af.
>
> Selveiði í betra lagi hefur verið, en svipul um nokkur ár.
>
> Sölvafjara næg, og hafa ábúendur selt áður söl sjer til stórra gagnsmuna oftlega.
>
> Fjörugrös nóg, brúkast lítt.
>
> Hrokkelsatekja hefur verið, en nú engin í næstu 3 ár.
>
> Beit í fjörunni fyrir sauðfje (meðan henni náir) í betra lagi.
>
> Rekavon í betra lagi og hefur oft hepnast. Þess eina nýtur leiguliði af rekanum, sem hann á með rjettu eftir lögum að hafa.
>
Hér liggja fyrir heimildir um býsna fjölbreytta og mjög umfangsmikla nýtingu Drangeyjar í gegnum tíðina. Heimildir eru um að þar hafi sauðfé verið beitt og farið fram umfangsmikil selveiði, fuglaveiði og eggjatekja, auk þess sem þaðan virðist hafa verið nokkurt útræði og æðarvarp. Vegna þessarar umfangsmiklu nýtingar hefur eyjan verið nefnd matarkista héraðsbúa og stundum kölluð „vorbæra Skagfirðinga“, eins og áður er getið.

Líkt og fram kemur í kafla 7.2.3.2.1 hér að framan telur óbyggðanefnd, með vísan til þeirra dóma sem þar er fjallað um, að í ljósi takmarkaðra eða óljósra heimilda um landnám á eyjum og skerjum skipti meira máli að sýnt sé fram á að eignarréttur að þeim hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og flust áfram í tímans rás, fremur en nákvæmlega hvernig til hans hafi stofnast í öndverðu. Hér liggja fyrir gögn sem sýna fram á óslitið eignarhald réttinda í Drangey allt frá 14. öld.

Með vísan til alls framangreinds og einkum hinnar umfangsmiklu nýtingar Drangeyjar, sem í aldanna rás hefur farið fram í skjóli eignarráða tiltekinna aðila, telur óbyggðanefnd nægilega sýnt fram á að í eignarráðum yfir Drangey hafi falist beinn eignarréttur að eyjunni.

Gögn málsins styðja að umrædd eignarráð hafi líka tekið til drangans Kerlingar sem er mjög nærri eyjunni og vísað er til í friðlýsingu Drangeyjar ásamt Kerlingu á manntalsþingi að Hofi 19. maí 1882, fasteignamati 1916–1918 og samþykkta um veiði í Drangey frá 1913, 1955 og 1962. Hins vegar styðja gögn málsins ekki að skerin tvö sem eru um 2 km norðan Drangeyjar, þ.e. Kvíslarsker eða Innri sker, hafi fallið undir eignarráð yfir Drangey. Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós neinar heimildir sem renna stoðum undir að á þeim hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Í því sambandi er rétt að taka fram að nefndin telur ekki unnt að líta á Drangey sem heimaeyju eyjajarðar þannig að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar geti átt við um dranga og sker umhverfis eyjuna, enda ekki um hefðbundna jörð að ræða þar sem ekki hefur verið föst búseta í eyjunni, sbr. nánar umfjöllun í kafla 7.2.3.2.2.1.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að Drangey, ásamt dranganum Kerlingu, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[572]

Á hinn bóginn er niðurstaða óbyggðanefndar að Kvíslarsker, um 2 km norðan við Drangey, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

[572] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

7.3.4 Kaldrananes á Ströndum (Þorkelssker)

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til rifja og boða í grennd við Þorkelssker í Bjarnarfirði á Ströndum. Gerð er krafa til þeirra af hálfu eigenda jarðarinnar Kaldrananess á Ströndum. Upphafleg kröfugerð ríkisins tók einnig til Þorkelsskerja, en við meðferð málsins féll ríkið frá kröfu til þeirra. Kröfu ríkisins til rifja og boða í grennd við Þorkelssker var þó haldið til streitu og um þau stendur ágreiningur aðila.

Þorkelssker eru um 5 km í beinni loftlínu frá bæjarstæði Kaldrananess, en þau eru rúma 2 km frá þeim hluta meginlandsins sem næstur er. Hin umdeildu rif og boðar liggja norðan, austan og suðaustan við Þorkelssker og eru fjær landi. Austasti og fjærsti hlutinn er um 6 km frá landi.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddum rifjum og boðum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist aðallega á því að hin umdeildu rif og boðar séu innan netlaga Þorkelsskerja samkvæmt netlagaskilgreiningu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Byggt er á því að land innan netlaga samkvæmt þeirri skilgreiningu sé eignarland. Ekki er ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Kaldrananes og ágreiningssvæðið.

Í *Landnámu* segir frá landnámi Björns í Bjarnarfirði. Ekkert er þar fjallað um eyjar og sker og af lýsingunni verður því ekki ráðið ráðið hvort ágreiningssvæðin hafi verið numin.

Í máldögum kirkjunnar í Kaldrananesi frá 1397 og 1570 er ekki fjallað um eyjar eða sker.

Jarðabók Árna og Páls frá 1706 getur þess að fyrir landi Kaldrananess séu nokkrir hólmar og sker, og tiltekur þar Hrútey, Höfðasker, Æðarsker, Kirkjuklakk og Þorkelssker. Þessar eyjar og sker eru óumdeild eignarlönd og öll nema Þorkelssker nálægt landi. Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er síðan tilgreint að þessara hólma og skerja sé getið í *Jarðabók* Árna og Páls. Þeirra er hins vegar hvorki getið í jarðamati Strandasýslu 1804 eða 1849–1850 né fasteignamati Strandasýslu 1916–1918.

Í landamerkjabréfi Kaldrananess, sem er ódagsett en var þinglýst 22. maí 1886, er fjallað um merki jarðarinnar gagnvart öðrum aðliggjandi jörðum en ekki er fjallað um merki til sjávar, eða eyja og sker þar.

Fyrirliggjandi heimildir geta þannig um að Þorkelssker tiheyri Kaldrananesi, enda er það óumdeilt í málinu. Þau fjalla hins vegar ekki um hin umdeildu rif og boða í grennd við Þorkelssker. Í ljósi þess að fjallað er um eyjar, hólma og sker sem tilheyra Kaldrananesi í fyrirliggjandi heimildum hefði mátt ætla að einnig væri fjallað um hin umdeildu rif og boða, ef talið væri að þau tilheyrðu jörðinni.

Eins og áður segir byggja eigendur Kaldrananess tilkall sitt til ágreiningssvæðisins á því að hin umdeildu rif og boðar séu innan netlaga Þorkelsskerja samkvæmt netlagaskilgreiningu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Í umræddu ákvæði kemur fram að öllum

mönnum sé heimilt að veiða fyrir utan netlög að ósekju og þar eru netlög skilgreind samkvæmt dýptarviðmiði sem miðast við 20 möskva selnet. Samkvæmt yngri löggjöf eru netlög miðuð við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði, yfirleitt 115 m en þess eru dæmi í löggjöf frá 19. öld og upphafi 20. aldar að miðað sé við 60 faðma. Þrátt fyrir það hefur Hæstiréttur slegið því föstu að framangreint ákvæði Jónsbókar um netlög sé enn í gildi, enda þótt sá hluti ákvæðisins sem hefur að geyma afmörkun netlaga hafi ekki verið tekinn upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það, sbr. þrjá samhljóða dóma Hæstaréttar frá 19. september 1996 í málum nr. 179–181/1996 (Efri-Langey, bls. 2518, 2525 og 2532 í dómasafni réttarins það ár). Dómarnir þrír vörðuðu sakamál þar sem menn voru ákærðir fyrir að leggja grásleppunet innan 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli Efri-Langeyjar og þar með í netlögum eyjunnar samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Í dómunum segir:

> Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja. Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það. Vafi um rétt fasteignareiganda að þessu leyti verður skýrður ákærða í hag. Alls er óvíst um, hvert sjávardýpi er á þeim stað, er ákæruði lagði net sín. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, sbr. 11. gr. sömu tilskipunar.

Af þessu hefur verið dregin sú ályktun að við ákvörðun netlaga þegar kemur að *fiskveiðirétti* landeiganda skuli miða við dýptarreglu Jónsbókar.[573] Á hinn bóginn hefur sú ályktun einnig verið dregin af dómunum að dýptarreglu Jónsbókar verði ekki beitt við afmörkun netlaga í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða veiði sjávarfiska, þ.e. að í rétti landeiganda innan netlaga samkvæmt skilgreiningu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist ekki víðtækari réttur.[574]

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er hugtakið *eignarland* skilgreint þannig að það taki einnig til netlaga í sjó, sem skv. 3. mgr. 2. gr. laganna eru skilgreind sem sjávarbotn 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar. Í lögunum er þannig tekið af skarið um að netlög, eins og þau eru skilgreind í lögunum, séu eignarland og þannig háð beinum eignarrétti eiganda sjávarjarðar,

---

[573] Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson, Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, Reykjavík 2020, bls. 70–71; Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, Reykjavík 2008, bls. 110–111; Skúli Magnússon: *Um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða. Álit unnið að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í september 2001*, Reykjavík 2001.

[574] Sjá Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367

rétt eins og landið fyrir ofan. Sömu skilgreiningu á hugtakinu *eignarland* er að finna í annarri löggjöf eftir gildistöku laga nr. 57/1998, t.d. lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði; lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun; lögum nr. 90/2011, um skeldýrarækt; og vatnalögum, nr. 15/1923, eftir breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 132/2011. Í öllum þessum lagabálkum eru netlög jafnframt skilgreind sem 115 m svæði út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Þrátt fyrir að áður hafi verið ágreiningur milli fræðimanna um inntak eignarréttar eigenda sjávarjarða innan netlaga jarða sinna[575] má segja að eftir gildistöku laga nr. 57/1998, og síðari löggjafar sem vísað er til hér að framan, hafi slíkum vafa verið eytt. Að mati óbyggðanefndar er skýrt að netlög sem ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar fylgi viðkomandi landareign sem fullkomin eign, rétt eins og landið fyrir ofan. Af því leiðir að land innan þeirra marka er einnig háð beinum eignarrétti sem eignarland. Að teknu tilliti til alls framangreinds, m.a. túlkun framangreindra dóma Hæstaréttar frá árinu 1996, fellst nefndin hins vegar ekki á það með gagnaðilum ríkisins að dýptarreglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar verði beitt við afmörkun beins eignarréttar og eignarlands innan netlaga.[576] Sjá einnig umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 hér að framan.

Fyrir liggur að hin umdeildu rif og boðar eru utan 115 m netlaga Þorkelsskerja og samkvæmt framangreindu getur beinn eignarréttur að þeim því ekki grundvallast á netlögum.

Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um gildi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og komist að þeirri niðurstöðu að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist almennt *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins en ekki sé útilokað að gildissvið ákvæðisins geti náð lengra frá landi ef staðhættir eða önnur atriði mæla sérstaklega með því. Það þarfnist nánari skoðunar í hverju tilviki.

Þau rif og boðar sem hér eru til umfjöllunar eru lengra frá landi en 2 km, eða um 2,5 til 6 km frá landi. Ekki er um að ræða stórar landfræðilegar einingar sem alla jafna eru sýnilegar og greinilegar í landslaginu, heldur rif og boða sem gera má ráð fyrir að séu iðulega hulin sjó. Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um nýtingu þeirra eða önnur

[575] Umfjöllun um þann fræðilega ágreining má m.a. finna hér: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 369–370.

[576] Sjá einnig Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 372, þar sem komist er svo að orði um þetta atriði: „Í þeirri löggjöf sem lýst er að framan þar sem skilgreining á eignarlandi tekur til netlaga, eru ytri mörk netlaga nú að meginreglu skilgreind sem 115 m fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Því yrði almennt miðað við að eignarréttur landeiganda innan netlaga miðaðist við þá afmörkun á ytri mörkum þeirra. Af því leiðir að ef dýptarregla Jónsbókar leiðir til umfangsmeiri netlaga en 115 metra reglan leiðir til, nær réttur landeiganda til veiði sjávarfiska, sem miðast við dýptarregluna, lengra en hinn beini eignarréttur gerir almennt séð yfir netlögum“.

atriði sem kunna að mæla með því að þau hafi staðið í skýru sambandi við næstliggjandi land. Að teknu tilliti til þess telur nefndin að staðhættir og önnur atriði mæli ekki með því að ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar geti talist vera *fyrir landi* í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Þannig liggur ekkert fyrir um að þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningssvæðin, þ.e. rif og boðar í grennd við Þorkelssker í Bjarnarfirði, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.5 Flatey á Breiðafirði

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til eyja og skerja við Flatey á Breiðafirði. Upphafleg kröfugerð ríkisins tók til flestra eyja og skerja við Flatey, en við meðferð málsins féll ríkið frá kröfu til stórs hluta þeirra. Íslenska ríkið hélt þó til streitu kröfu til nokkurra eyja og skerja norðan Flateyjar, nánar tiltekið Sultarhólms, Stykkiseyja og skersins Stangar. Þessar eyjar og sker eru á bilinu 8,5–11 km norðan Flateyjar en á milli þeirra er fjöldi eyja og skerja sem eru óumdeild eignarlönd.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna Flateyjar, sem er að stærstum hluta í eigu íslenska ríkisins, og ríkið gerir því eitt kröfu til eyja og skerja sem tengjast henni. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til umræddra eyja og skerja er eignarréttarleg staða þeirra til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Flatey og úteyjar hennar liggja u.þ.b. í miðjum Vestureyjum, en svo eru nefndar eyjar í fyrrum Flateyjarhreppi, auk Sauðeyja í fyrrum Barðastrandarhreppi sem stundum eru taldar til Vestureyja. Vestan og norðvestan við Flatey liggur Hergilsey og úteyjar hennar í fyrrum Flateyjarhreppi, en að suðvestanverðu liggur Flatey að opnu hafi á Breiðafirði. Norðan Flateyjar og úteyja hennar liggja jarðir á Skálmarnesi í fyrrum Múlahreppi. Austan Flateyjar eru Hvallátur og Svefneyjar, en sunnan þeirra Bjarneyjar, allar í fyrrum Flateyjarhreppi.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddum eyjum og skerjum og þau séu utan merkja Flateyjar eins og þeim sé lýst í heimildum.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Flatey og kröfusvæðið.

Í *Landnámu* segir að Þrándur mjóbeinn hafi numið eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa og búið í Flatey. Þá segir að sonur hans, Hergils hnapprass, hafi búið í Hergilsey.

Af gögnum málsins er ljóst að lengi vel átti Flateyjarkirkja hlut í jörðinni Flatey. Heimildir um eignir kirkjunnar ná allt aftur á 14. öld og í þeim elstu eru kirkjunni eignuð 20 hundruð í heimalandi jarðarinnar, auk úteyjanna Sandeyja og Kirkjukletts, sem eru næstu eyjar sunnan þeirra sem hér eru til umfjöllunar og eru óumdeild eignarlönd. Sumar þeirra eigna kirkjunni líka Oddbjarnarsker, eða hlut í því. Í máldaga Flateyjarkirkju frá 1491–1518 kemur fram að hún eigi Sauðeyjar, Oddbjarnarsker og Stykkiseyjar.

Um bændaeignarhlutann í Flatey liggur einnig fyrir mikill fjöldi skjala. Það elsta er skiptabréf eftir Björn ríka Þorleifsson á Skarði á Skarðsströnd, hirðstjóra yfir Íslandi, frá 23. október 1467. Samkvæmt því eignaðist Ólöf Loftsdóttir, ekkja hans, jörðina Flatey ásamt öllum þeim eyjum sem þar fylgdu. Samkvæmt skiptabréfi eftir Ólöfu 15. apríl 1480 eignaðist sonur hennar, Þorleifur Björnsson, jörðina Flatey með Stykkis- og Sandeyjum, Reykeyjum, Hrauneyjum og Hergilsey, og öllum Flateyjarlöndum. Einnig liggja fyrir ýmsar fleiri heimildir um yfirfærslu eignarréttar að bændaeignarhlutum í Flatey frá 17. öld og fram á 20. öld.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 er bændaeignarhlutinn í Flatey metinn 80 hundruð að dýrleika en þar segir að kirkjan segist eiga í heimalandi 40 hundruð til viðbótar, auk Sandeyjar og Kirkjukletts. Eigendur að bændaeignarhlutanum voru fjórir. Ljóst er að margbýlt var í Flatey og í *Jarðabókinni* eru talin upp 16 býli. Um hlunnindi kemur m.a. fram að selveiði sé mikil, eggver sé gott og reki og sölvafjara gagnleg. Einnig kemur fram að landsdrottnar leggi til nætur til selveiða og skip til selveiða og eggjaleita. Þá segir að Hergilsey sé meðal Flateyjarlanda, sem byggð hafi verið til forna en sé nú selstaða úr Flatey.

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns eru varðveitt afrit af þinghöldum þar sem tekið var fyrir mál um að skipta upp Flatey og Hergilsey þannig að Hergilsey myndi byggjast. Þingið er skráð sem nýbýlisþing sem fór fram dagana 11.–13. september 1782 og var fram haldið 15.–19. júlí 1783. Grundvöllur málsins virðist hafa verið samningur um byggingu Hergilseyjar frá 8. maí 1781 þar sem kveðið var á um að Hergilsey skyldi vera helmingur Flateyjarjarðarinnar, 40 hundruð að dýrleika. Af skjölunum er ljóst að menn höfðu mismunandi hugmyndir um hvernig rétt væri að skipta úteyjum og skerjum milli Hergilseyjar og Flateyjar. Að lokum náðist þó niðurstaða um skiptingu þeirra, bæði milli jarðanna tveggja og innbyrðis milli eigenda hvorrar jarðar. Stykkiseyjar og Sultarhólmur komu í hlut Flateyjar en til að jafna hlut Hergilseyjarbænda í

slægjulöndum var ákveðið að þeir skyldu eiga rétt til slægna í Stykkiseyjum. Tekið var fram að Hergilseyjareigendur myndu ekki fá hefð yfir Stykkiseyjum, hvort sem þeir héldu slægjum lengur eða skemur, auk þess sem Flateyingar hefðu öll önnur not af eyjunum nema grasið og þær væru eign Flateyjareigenda.

Ljóst er að ágreiningur var uppi milli eigenda Hergilseyjar og Flateyjar 16 árum síðar um Stykkiseyjar og rétt hinna fyrrnefndu til slægna þar. Við manntalsþing 29. apríl 1799 var þinglýst forboði eigenda Flateyjar um notkun Stykkiseyja frá sama degi, með vísan til skipta milli Flateyjar og Hergilseyjar frá 1782. Aftan við forboð Flateyinga er skráður úrskurður sýslumanns frá sama degi þar sem fram kemur að Stykkiseyjar tilheyri Flatey með grasi og öðrum nytjum, samkvæmt skiptagerð frá 13. september 1782. Einnig liggja fyrir fleiri skjöl frá 1799, bæði frá eigendum Flateyjar og Hergilseyjar, um ágreininginn. Þar kemur m.a. fram sú afstaða Flateyinga að heimild Hergilseyinga til slægna í Stykkiseyjum hafi verið tímabundin og ekki lengur í gildi, en Hergilseyingar halda því fram á móti að Stykkiseyjar eigi að tilheyra Hergilseyjum þar til jöfnuður væri milli slægna Hergilseyjar og Flateyjar og að það væri Flateyinga að sanna slíkan jöfnuð, hefði hann náðst. Loks kom fram að Hergilseyingar hygðust skjóta málinu til stiftamtmanns en ekki er vitað hver niðurstaða hans varð. Þó virðist málinu ekki hafa lokið að fullu því ellefu árum seinna, 19. nóvember 1810, ritaði einn eigenda Flateyjar skjal um að hann hygðist yrkja sjálfur og nota gras af hluta Stykkiseyja og bannaði hann um leið eigendum Hergilseyjar öll not og brúkun nefnds hluta undir viðliggjandi landnám, öfundarbót og viðurkvæmilegar lagasektir. Fram kom að um væri að ræða uppsögn á eldri skiptum frá 1783 og forboð á notkun eyjanna. Skjalið var upplesið og auglýst fyrir eigendum Hergilseyjar 21. nóvember 1810.

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns eru varðveitt afrit skjala um haustbeit í Flateyjarlöndum árið 1820 og um fjölda sauðfjár í Flateyjarbeitareyjum haustið 1821. Í skjölunum er m.a. fjallað um beit í Innri- og Ytri-Stykkisey og Sultarhólma.

Í lýsingu Flateyjarsóknar frá miðri 19. öld í *Sóknalýsingum Vestfjarða* er úteyjum Flateyjar lýst. Þar er m.a. fjallað um Sultarhólma og Ytri- og Innri-Stykkiseyjar.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 kemur ekkert fram um úteyjar eða sker tilheyrandi Flatey og ekki heldur í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804. Í jarðamatinu 1849–1850 segir hins vegar m.a. um Flatey að þar séu mestar slægjur, kofnatekja mest, dúntekja í minna lagi, hagar yfirhöfuð góðir og haustbeit fyrir sauðfé í besta lagi. Káltekja sé einnig einna mest en selveiði í meðallagi. Þá segir að úteyjarnar séu strjálar og langt til þeirra og því sé ábúðin fremur erfið, auk þess sem flæðihætt sé fyrir sauðfé í nokkrum úteyjanna. Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 segir að landamerki jarðarinnar hafi verið hrein nema á eina hlið, milli Flateyjar og Hergilseyjar, sem höfðu ekki verið samþykkt eða þinglesin.

Ekki hafa fundist landamerkjabréf fyrir Flatey eða Hergilsey, þrátt fyrir ítarlega leit við rannsókn málsins, en líklegt má telja að ágreiningur um merki milli jarðanna tveggja hafi valdið því að ekki hafi tekist að ljúka gerð landamerkjabréfa.

Með lögum nr. 44/1966, um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði, var hreppsnefnd Flateyjarhrepps heimilað að taka eignarnámi þá 4/5 hluta lands eyjarinnar sem voru í einkaeign.

Með afsali dagsettu 15. apríl 1972 afsalaði Flateyjarhreppur 7/8 hlutum Flateyjar ásamt úteyjum til Landnáms ríkisins. Í afsalinu er vísað til þess að Flateyjarhreppur hafi eignast Flatey ásamt úteyjum samkvæmt gerðardómi frá 6. júlí 1968 á grundvelli laga nr. 44/1966.

Álitaefnið sem hér er uppi er einkum hvort kröfusvæðin, þ.e. Sultarhólmur, Stykkiseyjar og Stöng, séu innan merkja Flateyjar og þannig eignarlönd eins og aðrar eyjar og sker sem óumdeilt er að jörðinni tilheyra.

Eins og áður segir er því lýst í *Landnámu* að Þrándur mjóbeinn hafi numið eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa og búið í Flatey og að sonur hans, Hergils hnapprass, hafi búið í Hergilsey. Þrátt fyrir að ekki sé fyllilega skýrt til hvaða eyja og skerja landnám Þrándar hafi nákvæmlega náð verður að telja líkur á því að kröfusvæði ríkisins, sem eru norðan Flateyjar og austan við Hergilsey, hafi verið numin.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafa landamerkjabréf almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og kafla 7.2.3.4.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*[577] og kafla 7.2.3.4.5 hér að framan er einnig fjallað með almennum hætti um áhrif þess að landamerkjabréf skorti fyrir jörð. Eins og þar kemur fram leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákveða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum og öðrum tiltækum upplýsingum og heimildum, sbr. t.d. úrskurði óbyggðanefndar frá 23. ágúst 2019 í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn) að því er varðar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit, og frá 30. ágúst 2023 í máli nr. 7/2021 (Drangajökull og landsvæði umhverfis hann) að því er varðar jarðirnar Laugaland og Skjaldfönn á Langadalsströnd og jarðirnar Þaralátursfjörð og Kirkjuból á Ströndum. Þá er stundum einnig unnt að líta til heimilda og upplýsinga um merki aðliggjandi jarða.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Flatey eða önnur skjöl sem hafa að geyma heildstæða lýsingu á landamerkjum jarðarinnar er ljóst af ýmsum fyrirliggjandi skjölum að Flatey tilheyrir talsverður fjöldi úteyja og skerja, sem í flestum tilvikum eru óumdeild eignarlönd. Í ýmsum gögnum er fjallað um Sultarhólma og Stykkiseyjar og þær taldar meðal úteyja Flateyjar. Hér má m.a. nefna skiptabréf eftir Ólöfu Loftsdóttur frá 1480, en samkvæmt því eignaðist sonur hennar, Þorleifur

[577] Sjá kafla 14.2.3.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Björnsson, jörðina Flatey með Stykkiseyjum og fleiri úteyjum. Þá er ítarleg umfjöllun um Stykkiseyjar í gögnum sem varða skiptingu Hergilseyjar og Flateyjar í lok 18. aldar og rakin hafa verið hér að framan.

Þá er til þess að líta að allar eyjar og sker sem gerðar voru kröfur til vegna eigenda aðliggjandi jarða að vestan-, norðan- og austanverðu á fyrri stigum málsins eru óumdeild eignarlönd eftir að íslenska ríkið féll frá kröfum til þeirra. Eyjarnar og skerin sem hér eru til umfjöllunar liggja því á milli óumdeildra eignarlanda Flateyjar og annarra aðliggjandi jarða. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins við meðferð málsins eru þær eyjar og sker sem hér eru til umfjöllunar raunar þau einu sem ríkið gerir kröfu til í Vestureyjum og á eyjum og skerjum austan þeirra, að undanskildum örfáum skerjum og boðum í grennd við Bjarneyjar. Þegar landamerkjabréf eyjajarða á Breiðafirði eru skoðuð heildstætt er enn fremur ljóst að almennt hafa merki jarða náð saman og í öllum tilvikum þar sem fyrir liggja landamerkjabréf hefur íslenska ríkið viðurkennt að allar eyjar og sker innan merkja viðkomandi jarða séu eignarlönd.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Að mati nefndarinnar styður eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða þannig að Sultarhólmur, Stykkiseyjar og Stöng séu innan merkja Flateyjar.

Í þessu sambandi er rétt að nefna að þrátt fyrir að umræddar eyjar og sker séu nokkuð langt frá Flatey, eða á bilinu 8,5–11 km, þá liggur mikill fjöldi eyja og skerja þar á milli sem eru óumdeild eignarlönd. Af þeim eru Sandeyjar næstar, en þær eru aðeins um 500 m frá Sultarhólma sem er syðstur þeirra eyja og skerja sem hér eru til umfjöllunar. Þaðan eru um 800 m að Stykkiseyjum og þaðan u.þ.b. 1 km að skerinu Stöng. Þegar litið er heildstætt yfir úteyjar Flateyjar liggja þær því í beinu framhaldi af öðrum slíkum.

Að öllu framangreindu virtu, og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða um stöðu jarða þar sem landamerkjabréf skortir sem fjallað var um hér að framan, telur nefndin að Sultarhólmur, Stykkiseyjar og Stöng séu innan landamerkja Flateyjar. Að mati nefndarinnar benda gögn málsins ekki til þess að eignarréttarleg staða þeirra sé önnur en eyja og skerja innan merkja jarðarinnar sem eru óumdeild eignarlönd.

Því er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að Sultarhólmur, Stykkiseyjar og Stöng séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum

og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[578]

7.3.6 Bjarneyjar á Breiðafirði

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til skerja og boða við Bjarneyjar á Breiðafirði. Gerð er krafa til þeirra af hálfu eigenda Bjarneyja. Upphafleg kröfugerð ríkisins tók til flestra eyja og skerja í Bjarneyjum, en við meðferð málsins féll ríkið frá kröfu til stórs hluta þeirra. Íslenska ríkið hélt þó til streitu kröfu til nokkurra skerja og boða, en það eru einkum Árnaboðar og Fjórðungaboði norðan heimaeyju Bjarneyja, og Svörtusker, Miðleiðarsker og Miðleiðarboði austan heimaeyjunnar. Árnaboðar eru á bilinu 1,3–2 km norðan heimaeyjunnar og Fjórðungaboði um 2,5 km norðan hennar. Svörtusker eru á bilinu 2–2,5 km austan heimaeyjunnar og Miðleiðarboði og Miðleiðarsker eru á bilinu 3–4 km austan heimaeyjunnar.

Bjarneyjar eru sunnarlega í Vestureyjum, en svo eru nefndar eyjar í fyrrum Flateyjarhreppi, auk Sauðeyja í fyrrum Barðastrandarhreppi sem stundum eru taldar til Vestureyja. Norðan við Bjarneyjar liggja Svefneyjar í fyrrum Flateyjarhreppi en hafsvæðið á milli þeirra nefnist Bjarneyjarflói. Austan Bjarneyja liggja Rúfeyjar, Staðarhólseyjar og Hafnareyjar í fyrrum Skarðsstrandarhreppi. Sunnan Bjarneyja liggur Stagley, sem er syðst Vestureyja en þar fyrir sunnan taka við svonefndar Suðureyjar. Nyrstar þeirra, frá austri til vesturs, eru Efri-Langey, Fremri-Langey og Arney í fyrrum Skarðsstrandarhreppi, og þá Fagurey og Elliðaey í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Nokkuð langt er frá heimaeyju Bjarneyja að þessum nyrstu eyjum Suðureyja, eða á bilinu 14–15 km. Vestan Bjarneyja tekur við opið haf á Breiðafirði.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddum skerjum og boðum og þau séu utan merkja Bjarneyja eins og þeim sé lýst í heimildum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist hins vegar aðallega á því að sker og boðar sem deilt er um séu innan merkja Bjarneyja og séu eignarland á þeim grundvelli. Ágreiningur aðila er því fyrst og fremst um það hvort hin umdeildu sker og boðar séu innan merkja Bjarneyja en ekki er ágreiningur um að Bjarneyjar séu jörð eða um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Bjarneyjar og ágreiningssvæðið.

Í *Landnámu* er ekki lýst landnámi á Bjarneyjum en þar segir að Þrándur mjóbeinn hafi numið eyjar fyrir vestan Bjarneyjaflóa og búið í Flatey. Þá segir að sonur hans, Hergils hnapprass, hafi búið í Hergilsey.

Í *Brennu-Njáls sögu* segir að Þorvaldur Ósvífursson á Staðarfelli á Fellsströnd, fyrsti eiginmaður Hallgerðar Höskuldsdóttur langbrókar, hafi átt Bjarneyjar.

[578] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

Í máldaga Staðarhólskirkju í Saurbæ frá 1397 segir að kirkjan eigi hálfar Bjarneyjar og í máldögum frá 1495 og 1570 segir að kirkjan eigi Bjarneyjar allar. Hið sama kemur fram í ódagsettri eignaskrá Staðarhólskirkju sem skráð er í kirkjustól hennar yfir tímabilið 1481–1581 og biskupsvísitasíu frá 1639.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 kemur fram að Bjarneyjar séu eign Staðarhólskirkju og að þar sé áttbýlt. Fjögur býli séu á heimaeyjunni og fjögur á Búðey, sem er sunnan heimaeyjunnar, auk þurrabúða og húsmanna. Um hlunnindi er þess getið að lundatekja sé í Hvanneyjum og Lóni og lítilfjörlegt eggver í Bjarneyjarlöndum. Söl vaxi þar á skerjum nokkrum, smáum og svörtum, sem séu æt fyrir pening en varla fyrir fólk. Ekki eru nánari skýringar á hvað teljist til Bjarneyjarlanda.

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 eru Bjarneyjar sögð kirkjujörð undir Staðarhóli og hið sama kemur fram í *Jarðatali* Johnsens frá 1847. Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir m.a. um Bjarneyjar að úteyjar séu fáar og landlitlar en mjög grösugar, heyafli sé rýr og fjárbeit í úteyjum á haustin lítil en góð. Fram kemur að káltekja sé þar í besta lagi, kofnatekja í betra lagi en dúntekja og selveiði lítil. Bjarneyjar eru enn fremur sagðar liggja best allra eyjanna í hreppnum við sjávarafla sem teljist hinn besti arður eyjanna, auk þess sem þar sé verstaður. Í fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að landamerki jarðarinnar hafi verið ágreiningslaus og vísað er til landamerkjabókar sýslunnar. Fram kemur að jörðin hafi haft tún á tveimur eyjum sem væru í byggð og útslægjur væru á þremur litlum eyjum skammt frá.

Í lýsingu Flateyjarsóknar frá miðri 19. öld í *Sóknalýsingum Vestfjarða* er úteyjum og skerjum Bjarneyja lýst. Þar kemur m.a. fram að austur af Siglingaflögu, austan heimaeyjunnar, liggi Svörtusker, arðlaus en þó jafnan upp úr sjó. Þar segir einnig að norður frá Bjarneyjum séu þrír boðar í rúmsjó, austastur sé Fjórðungaboði og hinir tveir vestari heiti Árnaboðar.

Eins og áður segir er ekki ágreiningur milli aðila um að Bjarneyjar séu jörð heldur greinir þá á um hvort hinir umdeildu boðar og sker séu innan merkja Bjarneyja og þannig eignarlönd eins og aðrar eyjar og sker sem óumdeilt er að jörðinni tilheyra.

Þar sem ekki liggja fyrir lýsingar í *Landnámu* um landnám á svæðinu verður ekki ráðið af *Landnámu* hvort ágreiningssvæðin hafi verið numin. Þrátt fyrir það er þó að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðin hafi verið numin, enda lýsir *Landnáma* landnámi á eyjum vestan Bjarneyjaflóa.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hafa landamerkjabréf almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. nánari umfjöllun í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og kafla 7.2.3.4.

Þrátt fyrir að í fasteignamatinu 1916–1918 sé um landamerki Bjarneyja vísað til landamerkjabókar sýslunnar hefur hún ekki að geyma landamerkjabréf fyrir jörðina og þrátt fyrir ítarlega leit við rannsókn málsins hefur landamerkjabréf ekki fundist í öðrum gögnum.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*[579] og kafla 7.2.3.4.5 hér að framan er fjallað með almennum hætti um áhrif þess að landamerkjabréf skorti fyrir jörð. Eins og þar kemur fram leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákveða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum og öðrum tiltækum upplýsingum og heimildum, sbr. t.d. úrskurði óbyggðanefndar frá 23. ágúst 2019 í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn) að því er varðar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit, og frá 30. ágúst 2023 í máli nr. 7/2021 (Drangajökull og landsvæði umhverfis hann) að því er varðar jarðirnar Laugaland og Skjaldfönn á Langadalsströnd og jarðirnar Þaralátursfjörð og Kirkjuból á Ströndum. Þá er stundum einnig unnt að líta til heimilda og upplýsinga um merki aðliggjandi jarða.

Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir Bjarneyjar eða önnur skjöl sem hafa að geyma heildstæða lýsingu á landamerkjum jarðarinnar eru vísbendingar í fyrirliggjandi gögnum um að jörðinni hafi tilheyrt úteyjar og sker í grennd við heimaeyjuna. Þannig er í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 t.d. vísað til Bjarneyjarlanda, án þess að tilgreint sé hvaða eyjar og sker teljist til þeirra, og fjallað um að söl vaxi þar á nokkrum skerjum, smáum og svörtum, og í jarðamatinu 1849–1850 segir að úteyjar séu fáar og landlitlar. Í umfjöllun um Bjarneyjar í lýsingu Flateyjarsóknar frá miðri 19. öld er hluti hinna umdeildu skerja og boða, þ.e. Árnaboðar, Fjórðungaboði og Svörtusker, talinn upp meðal úteyja og skerja Bjarneyja.

Auk framangreinds liggja fyrir þrjár örnefnaskrár fyrir Bjarneyjar. Þar er að finna ítarlegar lýsingar á úteyjum og skerjum og m.a. fjallað um Árnaboða, Fjórðungaboða, Svörtusker og Miðleiðarsker og -boða.

Þá er til þess að líta að allar eyjar og sker sem gerðar voru kröfur til vegna eigenda aðliggjandi jarða að norðan-, austan- og sunnanverðu á fyrri stigum málsins eru óumdeild eignarlönd eftir að íslenska ríkið féll frá kröfum til þeirra. Hin umdeildu sker og boðar sem hér eru til umfjöllunar liggja því á milli óumdeildra eignarlanda Bjarneyja og annarra aðliggjandi jarða. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins við meðferð málsins eru þau sker og boðar sem hér eru til umfjöllunar raunar þau einu sem ríkið gerir kröfu til í Vestureyjum og á eyjum og skerjum austan þeirra, að undanskildum örfáum eyjum og skerjum norðan Flateyjar. Þegar landamerkjabréf eyjajarða á Breiðafirði eru skoðuð heildstætt er enn fremur ljóst að almennt hafa merki jarða náð saman og í öllum tilvikum þar sem fyrir liggja landamerkjabréf hefur íslenska ríkið viðurkennt að allar eyjar og sker innan merkja viðkomandi jarða séu eignarlönd.

[579] Sjá kafla 14.2.3.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Að mati nefndarinnar styður eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða þannig að hin umdeildu sker og boðar séu innan merkja Bjarneyja.

Að öllu framangreindu virtu, og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða um stöðu jarða þar sem landamerkjabréf skortir sem fjallað var um hér að framan, telur nefndin nægilega sýnt fram á að hin umdeildu sker og boðar sem hér eru til umfjöllunar séu innan landamerkja Bjarneyja. Að mati nefndarinnar benda gögn málsins ekki til þess að þau hafi aðra eignarréttarlega stöðu en eyjar og sker innan merkja jarðarinnar sem eru óumdeild eignarlönd.

Að fenginni þeirri niðurstöðu koma aðrar málsástæður gagnaðila ríkisins ekki til frekari skoðunar, svo sem hvort ágreiningssvæðin teljist vera *fyrir landi* jarðarinnar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðin sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. Árnaboðar, Fjórðungaboði, Svörtusker, Miðleiðarsker og Miðleiðarboði, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[580]

7.3.7 Vogur á Mýrum

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til skerja sem nefnast Nytur eða Nitur[581] við jörðina Vog á Mýrum í fyrrum Hraunhreppi. Gerð er krafa til þeirra af hálfu eiganda Vogs. Upphafleg kröfugerð ríkisins tók til fleiri skerja við Vog, en við meðferð málsins féll ríkið frá kröfu til annarra skerja en þessara.

Jörðin Vogur liggur að sjó norðarlega á Mýrum. Næsta jörð norðan við Vog er Akrar en að sunnanverðu liggur Vogur að Tröðum og Skutulsey. Allar eru jarðirnar í fyrrum

[580] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

[581] Í örnefnasjá Náttúrufræðistofnunar er ritháttur inn „Nytur“ en í örnefnaskrám fyrir Skutulsey og Vog á Mýrum er ritháttur inn „Nitur“. Í einni örnefnaskránni er tekið sérstaklega fram að heitið sé í kvenkyni og fleirtölu.

Hraunhreppi. Nytur/Nitur liggja rétt rúmlega 2 km frá landi á suðurmörkum Vogs gagnvart Skutulsey.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddum skerjum og þau séu utan merkja Vogs eins og þeim sé lýst í heimildum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist hins vegar aðallega á því að umrædd sker séu innan merkja jarðarinnar og eignarlönd á þeim grundvelli. Ágreiningur aðila er því fyrst og fremst um það hvort skerin séu innan merkja Vogs en ekki er ágreiningur um að Vogur sé jörð eða um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Vog og ágreiningssvæðið.

Um landnám í Borgarfirði og á Mýrum segir í *Landnámu* að Skalla-Grímur hafi numið héraðið allt utan frá Selalóni og hið efra til Borgarhrauns og suður allt til Hafnarfjalla, svo vítt sem vatnsföll deila til sjávar. Síðan hafi hann skipað héraðið sínum félögum og þar hafi numið land margir menn með hans ráði. Sagt er frá því að Skalla-Grímur hafi fyrst komið á land á Knarrarnesi. Þar segir einnig frá skiptingu landnáms Skalla-Gríms milli manna sem tengdust honum. Ekki er fjallað um eyjar eða sker en þrátt fyrir það er að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðið hafi verið numið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir m.a. að jörðin hafi eggver í sjávarskerjum og lunda- og kofutekju í sjávarhólmum sem brúkist lítt. Selveiðivon sé í lakara lagi en brúkist þó.

Í jarðamati Mýrasýslu 1804, *Jarðatali* Johnsens frá 1847, jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 og fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 er jörðin Vogur metin fasteignamati en ekkert kemur þar fram um Nytur/Nitur eða önnur sker í landi jarðarinnar.

Í landamerkjabréfi Vogs frá 14. júní 1923, sem var þinglýst 15. júní 1923, er suðurmörkum Vogs lýst gagnvart Tröðum og Skutulsey. Merkjum gagnvart Tröðum er lýst frá austri til vesturs, þ.e. í átt til sjávar, um Vogslæk, „alla leið frá Merkjafljóti að sjó fram, þá eftir miðjum Hjallavogi og þaðan beina stefnu í hæðsta klettinn á Klofasteinum“. Í framhaldinu er merkjum gagnvart Skutulsey lýst svo: „Sjónhending í vestur frá fyrnefndum Kletti á Klofasteinum og beint í sjó fram sunnan Skarfaskers“. Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Traða og Skutulseyjar.

Örnefnið Skarfasker er ekki sýnilegt í kortasjám en þar er hins vegar Skarfaklettur, norðaustan við hin umdeildu sker. Í örnefnaskrá fyrir Vog segir að í suðvestur frá Skarfakletti séu þrjú sker er heiti Nitur. Ekki er þar fjallað um Skarfasker. Að mati nefndarinnar er líklegt að Skarfasker sem getið er í landamerkjabréfinu og Skarfaklettur séu mismunandi heiti á sama kletti. Skerin Nytur/Nitur eru rétt rúmlega 2 km frá landi sunnan Skarfakletts. Ekki er fyllilega ljóst hversu langt frá landi merkjum er lýst þegar landamerkjabréfið lýsir merkjunum „beint í sjó fram sunnan Skarfaskers“.

Í landamerkjabréfi Skutulseyjar frá júlí 1923, sem var þinglýst 21. júní 1924, er sömu merkjum, þ.e. gagnvart Vogi, lýst svo: „Úr Klofasteinum vest-suðvestur í sjó fram allfjarri hinum stærri skerjum frá báðum hliðum“. Orðið *allfjarri* bendir að mati nefndarinnar til að merkjunum sé lýst nokkuð frá landi.

Þrátt fyrir að skerin Nytur/Nitur séu ekki nefnd berum orðum í landamerkjabréfunum bendir orðalag þeirra til þess að merki jarðanna liggi nokkuð frá landi sunnan Skarfaskers eða Skarfakletts. Eins og áður segir liggja skerin rétt rúmlega 2 km frá landi og niðurstaða nefndarinnar er að þau séu innan merkja samkvæmt landamerkjabréfi Vogs frá 14. júní 1924 þegar það er túlkað með hliðsjón af landamerkjabréfi Skutulseyjar og annarra fyrirliggjandi gagna, svo sem framangreindrar örnefnaskrár fyrir Vog.

Að mati nefndarinnar benda gögn málsins ekki til þess að Nytur/Nitur hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar eyjar og sker innan merkja jarðarinnar sem eru óumdeild eignarlönd.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að ágreiningssvæðin sem hér eru til umfjöllunar, þ.e. skerin Nytur eða Nitur, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[582]

7.3.8 Knarrarnes á Mýrum

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til ónefnds skers sunnan við Bótarsker við jörðina Knarrarnes á Mýrum í fyrrum Álftaneshreppi. Gerð er krafa til þess af hálfu eigenda Knarrarness. Upphafleg kröfugerð ríkisins tók til fleiri eyja og skerja við Knarrarnes, en við meðferð málsins féll ríkið frá kröfu til annarra skerja en þess sem hér er til umfjöllunar.

Jörðin Knarrarnes er eyjajörð sem liggur skammt frá landi á Mýrum. Næsta jörð fyrir vestan er Hjörsey í fyrrum Hraunhreppi en að norðanverðu liggur Knarrarnes að Álftárósi og Hofsstöðum og að austanverðu að Vogalæk og Straumfirði, öllum í fyrrum Álftaneshreppi. Að sunnan- og suðvestanverðu liggur jörðin að sjó. Hið ónefnda sker sem deilt er um liggur tæpa 8 km frá heimaeyju Knarrarness.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddu skeri og það sé utan merkja Knarrarness eins og þeim sé lýst í heimildum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist hins vegar aðallega á því að umrætt sker sé innan merkja jarðarinnar og eignarland á þeim grundvelli. Ágreiningur aðila er því

[582] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

fyrst og fremst um það hvort skerið sé innan merkja Knarrarness en ekki er ágreiningur um að Knarrarnes sé jörð eða um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Knarrarnes og ágreiningssvæðið.

Um landnám í Borgarfirði og á Mýrum segir í *Landnámu* að Skalla-Grímur hafi numið héraðið allt utan frá Selalóni og hið efra til Borgarhrauns og suður allt til Hafnarfjalla, svo vítt sem vatnsföll deila til sjávar. Síðan hafi hann skipað héraðið sínum félögum og þar hafi numið land margir menn með hans ráði. Sagt er frá því að Skalla-Grímur hafi fyrst komið á land á Knarrarnesi. Þar segir einnig frá skiptingu landnáms Skalla-Gríms milli manna sem tengdust honum. Ekki er fjallað um eyjar eða sker en þrátt fyrir það er að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðið hafi verið numið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir m.a. um Knarrarnes að eggver og dúntekja í sjávarhólmum sé í betra lagi, lunda- og kofutekja gagnvænleg, selveiði hafi verið góð, bæði af uppidrápi um vetur og látursselum á vor, og sölvafjara nóg. Þá er fjallað sérstaklega um Geldingaey, en hún er óumdeilt eignarland.

Í jarðamati Mýrasýslu 1804, *Jarðatali* Johnsens frá 1847, jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 og fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 er jörðin Knarrarnes metin fasteignamati en ekkert kemur þar fram um eyjar og sker, að því undanskildu að jarðamatið 1849–1850 getur Geldingaeyjar.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir Knarrarnes frá 6. nóvember 1883 sem var þinglýst 24. maí 1884. Í landamerkjabréfinu er merkjum Knarrarness gagnvart Hjörsey að norðvestanverðu lýst „í sjó fram millum Geldingaeyja og Hjörtseyjar-Lambeyjar“. Frá Geldingaey og Lambeyjum við Hjörsey eru rúmir 11 km að hinu ónefnda skeri sem hér er deilt um. Merkjum gagnvart Straumfirði að suðaustan- og austanverðu er lýst til sjávar um Lambeyjarál fyrir sunnan Lambeyjar, áfram sunnan Skáleyjar til útsuðurs í sjó fram utanvert við Sandeyjarsker. Syðsta örnefni sem hér kemur við sögu er Sandeyjarsker en frá Sandey og nærliggjandi skerjum eru um 6 km að ágreiningsskerinu.

Eftir lýsingar á merkjum gagnvart einstökum aðliggjandi jörðum í landamerkjabréfinu fylgir upptalning á útskerjum sem tilheyra Knarrarnesi. Þar segir að til útsuðurs af Elliðaey, sem er skammt sunnan heimaeyjunnar, liggi Skarfasker, til suðurs af Skarfaskeri liggi Selsker og til vesturs af Selskerjum liggi Bótarsker. Fleiri sker eru ekki talin upp í landamerkjabréfinu. Af þessum skerjum liggja Bótarsker fjærst heimaeyju Knarrarness eða um 6,5 km. Upptalningin ber með sér að vera tæmandi, enda er þar fjallað um sker sem liggja talsvert fjær landi en þau örnefni í almennu landamerkjalýsingunni sem lengst eru frá landi. Ágreiningsskerið sem hér er til umfjöllunar er hins vegar enn lengra frá landi eða um 8 km frá heimaeyju Knarrarness og yfir 1,5 km frá Bótarskerjum.

Að þessu gættu telur nefndin ekki unnt að túlka landamerkjabréf Knarrarness frá 1883 þannig að ágreiningsskerið sé innan merkja jarðarinnar, eins og þeim er þar lýst. Ekki liggja fyrir aðrar heimildir sem hafa að geyma lýsingar á merkjum jarðarinnar.

